

Fjölbrautaskóli Suðurlands á Selfossi

Ársskýrsla

2022 til 2023

tekin saman af sviðsstjórum

Ida Løn
Kristjana Sigríður Skúladóttir

Efnisyfirlit

Starfið veturinn 2022-2023	5
Inngangur	5
Tölulegar upplýsingar.....	8
Fréttir af margbrotnu starfi.....	12
Skýrslur fagstjóra	20
Svið: Tungumál, skapandi greinar, samfélagsgreinar og Ergó	20
Danska	20
Enska	22
Ergó	24
Íslenska.....	26
Samfélagsgreinar.....	30
Skapandi greinar	32
Þriðja tungumál.....	38
Svið: Verknám, stærðfræði, raungreinar, hestamennska og íþróttir.....	42
Hestamennska.....	42
Húsasmíði.....	45
Íþróttir	47
Rafvirkjun	50
Raungreinar.....	52
Stærðfræði	56
Vélvirkjun	59
Bókasafn.....	59
Bragi	67
Fjarnám grunnskólanemenda	69
Flóafár 2022	71
Grunnmenntabré	75
ÍSAN.....	79
Kátir Dagar	80
Náms- og starfsráðgjöf.....	84
Prófstjórn	92
Sérnámsbraut.....	94
Sjálfsmat.....	103
Sjúkraliðabraut.....	113
Skólastarf í fangelsum	114
Skýrsla jafnréttisfulltrúa.....	125
Skýrsla félagslífs- og forvarnarfulltrúa	125
Tölvuþjónusta	127

Skólameistari

Olga Lís Garðarsdóttir

Áfangastjóri

Björgvin E. Björgvinsson

Sviðsstjórar

Ida Løn

Kristjana Sigríður Skúladóttir

Berglind Bergsveinsdóttir

Fagstjórar

Ágústa Ragnarsdóttir

Bertha Ingibjörg Johansen

Brynja Ingadóttir

Borgþór Helgason

Eyrún Björg Magnúsdóttir

Grímur Lúðvíksson

Guðbjörg Grímsdóttir

Guðbjörg Helga Guðmundsdóttir

Lárus Gestsson

Ólafur Einarsson

Pelle Damby Carøe

Ragnheiður Eiríksdóttir

Sigprúður Harðardóttir

Sissel Tveten

Sverrir G. Ingibjartsson

Ægir Pétur Ellertsson

Aðstoðarskólameistari

Sigursveinn Már Sigurðsson

Tungumál, skapandi greinar,
samfélagsgreinar og Ergó
Stærðfræði, raungreinar, verknám,
hestamennska og íþróttir
Sérnámsbraut

Skapandi greinar

Íslenska

Þriðja mál

Málmiðngreinar

Samfélags- og viðskiptagreinar

Rafiðngreinar

Bragi

Stærðfræði

Húsasmíðagreinar

Raungreinar

Danska

Ergó

Ísan

Hestamennska

Íþróttir

Enska

Náms- og starfsráðgjafar

Agnes Ósk Snorradóttir

Anna Fríða Bjarnadóttir

Bjarney Sif Ægisdóttir

Sjálfsmatshópur

Ida Løn

Kristjana Sigríður Skúladóttir

Sigursveinn Már Sigurðsson (formaður)

Félagslífsfulltrúar

Gunnar Rafn Borgþórsson

Ingunn Helgadóttir

Tómas Davíð Ibsen Tómasson

Kennslustjóri á Litla-Hrauni og Sogni

Gylfi Þorkelsson

Jafnréttisfulltrúi

Borgþór Helgason

Umsjón með Gettu betur

Stefán Hannesson

Fréttastjóri heimasíðu

Jón Özur Snorrason

Umsjón með Grunnmenntabú

Bjarney Sif Ægisdóttir

Starfið veturinn 2022-2023

Inngangur

Skólaárið 2022 til 2023 var fertugastaogannað starfsár skólans. Ársskýrsla þessi er gefin út til að varpa ljósi á skólaárið. Raktir eru helstu atburðir og uppákomur á skólaárinu. Hér má finna upplýsingar um hverjir gegndu hvaða hlutverkum og hvernig gekk. Sjá má skýrslur frá hverri deild fyrir sig þar sem fag- og kennslustjórar fjalla um nýjungar, hvað tókst vel og hvað má betur fara. Tölulegar upplýsingar um skólaárið eru reifaðar, s.s. hvernig nemendur skiptast á brautir, hvaðan þeir koma og hvernig þeir standast námskörfur.

Skýrslur fagstjóra deilda, bókasafns, félagsmála- og forvarnafulltrúa, náms- og starfsráðgjafa, skólahalds fangelsa á Íslandi, sjálfsmats, skýrsla prófstjóra, skýrsla um fjarnám grunnskólanema og tölvuþjónustunnar eru birtar hér. Auk þess eru stakar skýrslur einnig aðgengilegar á vef skólans.

Skólaárið hófst með fundi starfsmanna mánudaginn 15. ágúst 2022 og starfsdögum kennara mánudaginn 15. og þriðjudaginn 16. ágúst, kennsla hófst samkvæmt stundaskrá kl. 8:15 fimmtudaginn 18. ágúst. Skrifstofan opnaði fimmtudaginn 4. ágúst. **Töflubreytingar** voru rafrænar og fóru fram miðvikudaginn 17. ágúst en þá mættu einnig nýnemar í skólann og fengu kynningu á skólanum, aðstöðunni, tölvukerfunum, bókasafni, náms- og starfsráðgjöf og fleiru sem tengist því að byrja í framhaldsskóla.

Áfangamessan á haustönninni var haldin í salnum miðvikudaginn 12. október og þar fengu nemendur kynningu frá deildum á fjölbreyttu námsframboði skólans. **Síðasti kennsludagur** haustannar var þriðjudaginn 6. desember. **Námsmatsvika** haustannarinnar hófst fimmtudaginn 7. desember og lauk með sjúkraprófum miðvikudagurinn 15. desember.

Síðasti starfsmannafundur annarinnar var fimmtudaginn 15. desember en þá var **námsmat** einnig birt nemendum í Innu og prófsýning fór fram.

Brautskráning á haustönn fór fram miðvikudaginn 21. desember. **Dúx skólans** á haustönn 2022 var **Guðmunda Þórunn Þorvarðardóttir** og hlaut hún jafnframt viðurkenning fyrir góðan árangur í ensku, íslensku, dönsku, spænsku og félagsgreinum. Nemendur hér fyrir neðan hlutu einnig verðlaun.

Viðurkenningar á brautskráningu, haustönn 2022:

Almar Hannes Hafsteinsson	Viðurkenning fyrir jákvætt viðhorf og hvetjandi áhrif á skólafélagana, veitt af dönskukennurum eftir fimm annir.
Guðmunda Þórunn Þorvarðardóttir	Dúx skólans - viðurkenning fyrir mjög góðan námsárangur á stúdentsprófi í Fjölbautaskóla Suðurlands haustið 2022.
	Viðurkenning fyrir mjög góðan árangur í íslensku á stúdentsprófi.
	Viðurkenning fyrir mjög góðan árangur í dönsku á stúdentsprófi.
	Viðurkenning fyrir mjög góðan árangur í spænsku á stúdentsprófi.

	Viðurkenning á stúdentsprófi fyrir mjög góðan árangur í félagsgreinum .
	Viðurkenning fyrir mjög góðan árangur í ensku á stúdentsprófi.
Hanna Tara Björnsdóttir	Viðurkenning fyrir frumkvæði, sköpunarkraft og leikgleði í leiklist í Fjölbrotaskóla Suðurlands af stúdentsbraut – opinni línu.
Jón Karl Sigurðsson	Viðurkenning fyrir framlag í þágu nemenda í stjórn Nemendafélags Fjölbrotaskóla Suðurlands skólaárið 2020-2021.
Jón Þórarinn Þorsteinsson	Viðurkenning fyrir dugnað og góða frammistöðu í íþróttfræðum og íþróttgreinum .
Óli Guðmar Óskarsson	Viðurkenning fyrir dugnað í námi, þrautseigju og framúrskarandi mætingu á grunnenntabraut.
Sara Ægisdóttir	Viðurkenning fyrir góðan árangur í hestatengdum áföngum á stúdentsprófi – hestalínu.
	Viðurkenning fyrir framúrskarandi árangur í stærðfræði á stúdentsprófi.
Sigurður Eyjólfur Sigurjónsson	Viðurkenning fyrir dugnað og góða frammistöðu í íþróttfræðum og íþróttgreinum .

Vorönn 2023

Fyrsti kennsludagur vorannar var fimmtudagurinn 5. janúar. Nemendur fyrsta skóladags voru 877 í dagsskóla, 26 nemendur voru í kvöldskóla og í fjarnámi og staðnámi úr 10. bekkjum grunnskóla voru skráðir nemendur 44.

116 nemendur voru skráðir á sex námsbrautir í garðyrkju og tengdum greinum að Reykjum og í fangelsunum voru skráðir nemendur 73. Alls voru skráðir nemendur við skólann því 1.136 í upphafi vorannar.

Dr. Erla Björnsdóttir flutti fyrirlestur fyrir nemendur um mikilvægi svefns í janúar og Litla kvíðameðferðarstöðin fræddi nemendur um kvíðastjórnun. Þrískólafundur var haldinn á Akranesi fyrir allt starfsfólk í byrjun febrúar, samstarfið felur í sér samráð bæði milli stjórnenda og starfsfólks skólanna þriggja. Nemendafélagið hélt sína árlegu árs hátíð í febrúar og Kátir dagar voru miðvikudaginn 1. mars og fimmtudaginn 2. mars, Flóafár fylgdi svo í kjölfarið föstudaginn 3. mars, áfangamessa var fimmtudaginn 9. mars og valdagur nemenda miðvikudaginn 15. mars.

Í mars hóf Halla Dröfn Jónsdóttir, félagsráðgjafi, störf við skólann og er hún m.a. tengiliður skólans vegna farsældar barna. Lið skólans í Gettu Betur náði frábærum árangri og komst í úrslit, einnig komst lið skólans í úrslit í körfuboltakeppni framhaldsskólana og sömuleiðis í FRÍS, framhaldsskólaleikum Rafíþróttasamtaka Íslands.

Starfsfólk sem hætti þegar skólastarfi lauk vorið 2023 voru eftirfarandi:

- Elísabet Helga Harðardóttir – myndlistarkennari,
- Hrefna Clausen – frönskukennari og kennari í íslensku sem annað mál,

- Kristín Runólfsdóttir – enskukennari, aðstoðarkerfisstjóri, sviðsstjóri,
- Kristín Gísladóttir – starfskona í mötuneyti,
- Ragnar Geir Brynjólfsson – kerfisstjóri og tölvufræðikennari,
- Rósa Marta Guðnadóttir – íslenskukennari,
- Þorbjörg Vilhjálmisdóttir – sérkennari.

Síðasti kennsludagur vorannar var föstudagurinn 5. maí, námsmatsdagar hófust mánudaginn 8. maí og lauk með sjúkraprófum mánudaginn 15. maí. Síðasti starfsmannafundur vorannar fór fram þriðjudaginn 16. maí, en þá var námsmat birt nemendum í Innu auk þess sem prófsýningar fóru fram. Brautskráning vorannar var föstudaginn 26. maí.

Dúx skólans á vorönn 2023 var Heiðar Snær Bjarnason og hlaut hann einnig viðurkenningu fyrir framúrskarandi árangur í rafvirkjagreinum. Nemendur í vélvirkjun, húsasmíði og rafvirkjun tóku þátt í Íslandsmóttinu í iðn- og verkgreinum og lenti Heiðar Snær Bjarnason í 2. sæti í rafvirkjun.

Sigríður Fjóra Þórarinsdóttir hlaut Menntaverðlaun Háskóla Íslands sem er viðurkenning fyrir frábæra frammistöðu á stúdentsprófi þar sem fjölbreyttir hæfileikar hafa fengið notið sín. Auk þess fékk hún einnig viðurkenningar fyrir árangur á fleirum sviðum. Nemendur hér fyrir neðan hlutu einnig viðurkenningar.

Viðurkenningar á brautskráningu, vorönn 2023:

Anthony Karl Flores	Viðurkenning fyrir frábæran árangur í verklegum áföngum og afburðar gott handverk í húsasmíði .
Ása Kristín Jónsdóttir	Viðurkenning fyrir framúrskarandi námsárangur í náttúrufræðigreinum á stúdentsprófi.
	Viðurkenning fyrir góðan árangur í íslensku á stúdentsprófi.
Ásrún Aldís Hreinsdóttir	Viðurkenning fyrir frábær störf í þágu félagslífs nemenda í Fjölbrautaskóla Suðurlands skólaárið 2022 – 2023.
Drífa Hrund Ríkarðsdóttir	Viðurkenning fyrir framúrskarandi árangur í stærðfræði á stúdentsprófi – 7 áfangar.
Eiríkur Árnason	Viðurkenning fyrir vandvirkni og vinnusemi í vélvirkjanámi .
Guðný Vala Björgvinsdóttir	Viðurkenning fyrir góðan árangur í íþróttum og íþróttufræðum .
Heiðar Snær Bjarnason	Viðurkenning fyrir framúrskarandi árangur í rafvirkjagreinum .
Hugrún Tinna Róbertsdóttir	Viðurkenning fyrir framúrskarandi árangur í dönsku á stúdentsprófi.
Inga Sól Kristjánsdóttir	Viðurkenning fyrir framúrskarandi námsárangur í spænsku á stúdentsprófi.
	Viðurkenning fyrir mjög góðan árangur í ensku á stúdentsprófi.

Íris Ragnarsdóttir	Viðurkenning fyrir framúrskarandi árangur í rafvirkjagreinum .
Kristjana Ólafsdóttir	Viðurkenning fyrir framúrskarandi árangur í dönsku á stúdentsprófi.
	Viðurkenning fyrir glæsilegan árangur í sálfræði .
	Viðurkenning fyrir góðan árangur í íslensku á stúdentsprófi.
Lena Atkins	Viðurkenning fyrir mjög góðan námsárangur í spænsku og þýsku á stúdentsprófi.
Sigríður Fjóra Þórarinsdóttir	Menntaverðlauna Háskóla Íslands - viðurkenning fyrir frábæra frammistöðu á stúdentsprófi þar sem fjölbreyttir hæfileikar hafa fengið að njóta sín (tónlist, íþróttir, þátttaka í félagslífi og námsárangur).
	Viðurkenning fyrir sköpunarkraft, frumkvæði og fagmennsku í leiklist .
	Viðurkenning fyrir frábær störf í þágu félagslífs nemenda í Fjölbrotaskóla Suðurlands skólaárið 2022 – 2023 .
	Viðurkenning fyrir góðan árangur í íslensku á stúdentsprófi.
	Viðurkenning fyrir frábæran árangur í félagsfræði .
Sigurður Karl Sverrisson	Viðurkenning fyrir framúrskarandi námsárangur í náttúrufræðigreinum á stúdentsprófi.
	Viðurkenning fyrir frábæra ástundun, frammistöðu og áhuga á sögu .
	Viðurkenning raungreina frá HR .
Sigurður Matthías Sigurðarson	Viðurkenning fyrir sköpunargleði, jákvæðni og frumkraft í leiklist .
Skúli Bárðarson	Viðurkenning fyrir framúrskarandi árangur, áhuga og þrautseigju í myndlist bæði á sérnámsbraut sem og í almennum áföngum .
	Viðurkenning fyrir dugnað í námi, þrautseigju og framúrskarandi mætingar .

Tölulegar upplýsingar

Á haustönn 2022 voru nemendur í dagskóla 909 talsins þann 9. september sem notaður er til viðmiðunar fyrir fjölda nemenda sem hóf nám þennan vetur. Þar af voru nýnemar 265 talsins, sem er mesti fjöldi nýnema í sögu skólans. Þá voru nemendur 26 í kvöldskóla. Í fjarnám úr 10. bekkjum grunnskóla var 31 nemandi skráður og í fangelsunum voru skráðir nemendur 74 talsins. Nemendur á Reykjum voru 144 á sex námsbrautum. Alls voru því 1184 nemendur sem voru skráðir í nám við skólann í upphafi haustanna. Við upphaf annar lögðu nemendur í dagskóla undir 27.686 einingar en stóðust við lok hennar 22.711 einingar. Þetta táknar að tæplega 18% eininga höfðu tapast á önninni. Til samanburðar töpuðust tæplega 17% eininga haustið 2021 og haustið 2020 rúmlega 21%.

Námsárangur í dagskóla, samkvæmt þessum tölum, er því aðeins lakari en sl. haust en talsvert betri en haust 2020. Einingatap tengist því til dæmis að nemendur standast ekki námsmat eða að þeir hverfa frá námi af ýmsum ástæðum fyrir lok annar.

Í upphafi vorannar 2023 voru, viðmiðunardaginn 26. janúar, 843 skráðir nemendur í dagskóla. Þá voru nemendur 26 í kvöldskóla. Í fjarnámi og staðnám úr 10. bekkjum grunnskóla voru skráðir nemendur 44. Í fangelsunum voru skráðir nemendur 73 talsins. 116 nemendur voru skráðir á sex námsbrautir í garðyrkju og tengdum greinum að Reykjum. Alls voru það því 1102 nemendur sem voru skráðir í nám við skólann í upphafi vorannar. Nemendur í dagskóla lögðu undir 26.245 einingar við upphaf annar og undir lok hennar höfðu nemendur staðist 21.135 einingar. Þetta táknar að tæplega 19,5% eininga höfðu tapast á önninni. Til samanburðar má geta þess að vorið 2022 töpuðust tæplega 19% eininga. Námsárangur í dagskóla, samkvæmt þessum tölum, er því eilítið lakari en sl. vorönn.

Í eftirfarandi töflu má sjá dreifingu dagskólanemenda á brautir skólaárið 2022-2023 m.v. viðmiðunardagana 9. september og 26. janúar.

Nemendafjöldi á brautum		Haustönn 2022	Hlutfall	Vorönn 2023	Hlutfall
GHÁ	Grunnnám háriðna	13	1.43%	12	1.42%
GMF	Grunnnám matvæla- og ferðagreina	0	0.00%	8	0.95%
GRB	Grunnmenntabrá	50	5.50%	38	4.51%
HES	Hestaliðabraut	18	1.98%	13	1.54%
HÚS	Húsasmiðabraut	75	8.25%	81	9.61%
ÍPB	Íþróttabraut	12	1.32%	6	0.71%
LNB	Listnámsbraut	15	1.65%	8	0.95%
RA	Rafvirkjabraut	59	6.49%	53	6.29%
SB	Sérnámsbraut	63	6.93%	55	6.52%
SJ	Sjúkraliðabraut	11	1.21%	10	1.19%
ST-1	Stúdentsbraut-Opin lína	271	29.81%	246	29.18%
ST1-A	Stúdentsbraut-Alþjóðalína	9	0.99%	9	1.07%
ST1-F	Stúdentsbraut-Félagsgreinalína	56	6.16%	54	6.41%
ST1-Í	Stúdentsbraut-Íþróttalína	62	6.82%	63	7.47%
ST1-N	Stúdentsbraut Náttúrufræðilína	69	7.59%	67	7.95%
ST1-VH	Stúdentsbraut Viðskipta- og hagfræðilína	31	3.41%	25	2.97%
ST-2	Viðbótarnám til stúdentsprófs	2	0.22%	2	0.24%
ST2-B	Stúdentsbraut Búfræðilína	1	0.11%	0	0.00%
ST2-H	Stúdentsbraut Hestalína	1	0.11%	5	0.59%
ST2-L	Stúdentsbraut Listalína	28	3.08%	28	3.32%
VV	Vélvirkjabraut	63	6.93%	60	7.12%
	Samtals:	909	100%	843	100%

Við Fjölbrautaskóla Suðurlands leggja nemendur stund á fjölbreytt nám og í eftirfarandi töflu má sjá hversu margir stunduðu nám í iðnnámi, starfsnámi, bóknámi og á sérnámsbraut síðastliðinn vetur.

	Hautönn 2022	Vorönn 2023	
Nemendur á iðnbrautum	210	214	GHÁ, GMF, HÚS, RA og VV
Nemendur á starfsnámsbrautum	59	56	HES, SJ, ST2-B, ST2-H og ST2-L
Nemendur á bóknámsbrautum	577	518	GRB, ÍPB, LNB, ST-1, ST1-A, ST1-F, ST1-Í, ST1-N, ST1-VH og ST-2
Nemendur á sérnámsbraut	63	55	SB
Samtals:	909	843	


Eftirfarandi tafla sýnir hvernig nemendur skólans skiptast eftir kyni:

Nemendafjöldi - Kyn	Hautönn 2022	Hlutfall	Vorönn 2023	Hlutfall
kk	530	58.31%	499	59.19%
kvk	379	41.69%	344	40.81%
Samtals:	909	100%	843	100%


Eftirfarandi tafla sýnir hvernig aldurskipting nemenda var þetta skólaárið:

Nemendur undir 18 ára	Hautönn 2022	Hlutfall	Vorönn 2023	Hlutfall
kk	330	36.30%	279	33.10%
kvk	239	26.29%	201	23.84%
Samtals:	569	62.60%	480	56.94%
Nemendur eldri en 18 ára	Hautönn 2022	Hlutfall	Vorönn 2023	Hlutfall
kk	200	22.00%	220	26.10%
kvk	140	15.40%	143	16.96%
Samtals:	340	37.40%	363	43.06%
Heildarfjöldi nemenda	909	100%	843	100%


Nemendur í Fjölbrautaskóla Suðurlands koma víða að. Stærstur hluti er þó úr nærumhverfi Selfoss. Á myndinni hér að neðan má sjá hvernig búseta nemenda sl. vetur skiptist eftir póstnúmerum:



Eftirfarandi mynd sýnir hversu margar einingar nemendur höfðu í stundartöflunni sinni á viðmiðunardögum haustannar 2022 og vorannar 2023. Inni í þessum nemendafjölda eru allir nemendur skólans, þ.m.t. grunnskólanemendur sem stunda fjarnám í stökum áföngum.



Einkunnadreifingu fyrir skólaárið 2022-2023 má sjá á eftirfarandi mynd. F stendur fyrir fall án tölulegrar einkunnar, t.d. ef nemandi fellur á mætingu og er sjálfkrafa skráður úr áfanga eða hann skilar sér ekki til lokaprófs. H táknar að nemandi hætti sjálfur í áfanganum og S stendur fyrir staðinn áfanga án tölulegrar einkunnar.



Fréttir af margbrotnu starfi

Kór skólans endurvakinn

Á þessu ári eru 40 ár síðan kór skólans var stofnaður, Heimir Pálsson, fyrsti skólameistari skólans, varð við ósk nokkurra nemenda 21. febrúar 1983 um að stofnaður yrði kór við skólann. Sjálfur hefur hann sagt frá því í ræðu og riti að hann hafi þá farið fram á það við nokkra karlkyns kennara að þeir mættu á kóræfingar – en til að byrja með sóttu ekki margir strákar í kórstarfið. Það breyttist þó fljótlega og lengi vel voru nokkrir kennarar virkir kórmeðlimir.

Kórinn starfaði svo sleitulaust í meira en 30 ár, lengst af undir stjórn Jóns Inga Sigurmundssonar. En síðan varð hlé á kórsöng í FSu um fjögurra ára skeið. Á haustönn á þessu ári endurtók sagan sig þegar nemendur fóru á fund skólameistara og óskuðu eftir stuðningi við að endurvekja kórinn.

Nú hefur kórinn æft markvisst, vel og samviskusamlega undir stjórn eldhugans Stefáns Þorleifssonar sem stýrði einnig kórstarfinu af miklum krafti á árunum 2004 til 2013. Miðvikudagskvöldið 30. nóvember voru haldnir tónleikar á sal skólans þar sem efnisskráin var blanda af dægurlögum og aðventulögum. Að sögn Dýrleifar Nönnu Guðmundsdóttur formanns kórsins var mikill spenningur innan hópsins fyrir tónleikunum en hátt í fjörutíu nemendur mynduðu kór FSu að þessu sinni.

UNESCO skóli

Fjölbrautaskóli Suðurlands er orðinn UNESCO-skóli en alls eru UNESCO-skólar á Íslandi orðnir 17 talsins, einn leikskóli, sex grunnskólar og tíu framhaldsskólar. Á meðfylgjandi mynd má sjá nemendahóp í áfanganum ERGÓ þar sem fjallað er um heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbærni.



Krístur María Heiðberg, verkefnastjóri UNESCO-skóla hélt fyrirlestur um heimsmarkmiðin fyrir nemendur skólans ásamt því að funda með stjórnendum og starfsfólki skólans um UNESCO-skóla. Í kjölfarið var ákveðið að sækja um UNESCO aðild. Leiðandi kennari í FSu er Ragnheiður Eiríksdóttir. UNESCO-skólar er eitt elsta skólanet í heimi og hefur verið starfrækt frá árinu 1953. Skólarnir eru nú

um 12.000 talsins og starfa í yfir 180 löndum. UNESCO-skólar leggja áherslu á heimsmarkmiðin, starfsemi SP, alþjóðasamvinnu, frið og mannréttindi.

Glögg er gests augað

Í fyrstu kennsluviku haustannar 2022 komu í heimsókn sex erlendir kennarar frá Spáni og Búlgaríu. Tílefni heimsóknarinnar var að kynna sér starfsemi Fjölbrotaskóla Suðurlands og um leið var hún liður í menntaáætlun Evrópusambandsins – Erasmus + Job Shadowing og voru þetta afar vel heppnaðir dagar.

„Arkitektúr skólahúsnæðisins er glæsilegur. Innandyra er mjög bjart og nútímalegt um að litast sem eflir lærdómssamfélagið. Val nemenda á bæði bóklegum og verklegum fögum er mikið og fjölbreytt og aðstaða til náms mjög góð. Við erum innblásin af hugmyndum eftir þessa heimsókn sem gaf okkur tækifæri til að kynnst frábærum kennurum FSu og nemendum þeirra“, tjáði einn af búlgörsku kennurunum.

Ferð yfir Fimmvörðuháls

Í áfanganum ÍÞRÓ2JF02 er lögð áhersla á krefjandi fjallgöngur ásamt undirbúningsfundum og æfingagöngum. Gönguleiðir eru langar og krefjandi og því þurfa nemendur sem velja þennan áfanga að búa yfir úthaldi og þolinmæði. Hausti ferð áfangans var farin mánudaginn, 5. september undir stjórn kennaranna Ásdísar Bjargar Ingvarsdóttur og Sverris Geirs Ingibjartssonar.



Það voru 21 nemandi og þrjú kennarar sem lögðu af stað frá lðu með rútu kl. 8:00 um morguninn. Gangan hófst frá Skógum kl. 10:00 og endaði í Básum og þeir sem voru fyrstir lentu þar um klukkan hálf sjö um kvöldið en gangan tekur að jafnaði 9 til 10 klukkustundir. Eftir gönguna var ekið heim á Selfoss, ferðalangarnir voru einstaklega heppnir með veður.

„Við gengum á stuttbuxum og bol, jafnvel ber að ofan, allan daginn. Sólin skein og skyggni til allra átta. Á leiðinni má vel sjá ummerki hlýnunar jarðar en þar sem áður voru snjóbreiður eru núna dalir og jökulleifar. Nemendur voru frábærir, jákvæðir, hvetjandi, hjálpsamir og sýndu hversu öfluga einstaklinga við erum með í skólanum okkar“, sagði Ásdís aðspurð.

Geðlestin og Emmsjé Gauti

Mánudaginn 19. september renndi GEÐLESTIN sér inn í aðalrými skólans og hélt erindi um geðfræðslu og mikilvægi öflugrar geðræktar. Geðlestin er samstarfsverkefni Geðhjálpar og 1717 síma Rauða krossins og styrkt af hinu opinbera. Markmiðið er að ræða við ungt fólk um geðheilsuna og hvernig best sé að rækta hana og vernda. Heilbrigðar venjur skipta þar miklu máli, að iðka þakklæti og eiga sér áhugamál, hreyfa líkamann, borða holla fæðu, fá nægan svefn, rækta með sér seiglu og þrautseigju, sýna öðrum tillitssemi og tjá sig um tilfinningar sínar svo eitthvað sé nefnt. Tónlistarmaðurinn EMMSÉ GAUTI fylgdi með þessari september lest Geðhjálpar og Rauða krossins og braut upp hefðbundna dagskrá með eftirminnilegu og taktföstu stuði.

Hin pólitíska hlið menntamála

Heimsóknir ráðherra eru einn liður í að efla tengsl ráðuneytis og menntastofnana. Þær auka skilning á því fjölþætta starfi sem fram fer í skólum landsins. Ráðherra barna- og menntamála Ásmundur Einar Daðason heimsótti FSu ásamt aðstoðarfólki og þingmanni mánudaginn 3. október, tilefnið var að kynna sér fjölbreytta starfsemi skólans og ekki síst hinn nýja samruna FSu og Garðyrkjuskólans að Reykjum í Ölfusi.

Undir leiðsögn stjórnenda skólans voru gestirnir leiddir um skólabyggingarnar þrjár: Odda, lðu og Hamar auk þess sem hádegisverður var snæddur í mötuneyti skólans á meðal nemenda og starfsmanna. Í lok dvalarinnar var haldinn stuttur samræðufundur með kennurum á kaffistofu starfsmanna. Ferðin að Reykjum í Ölfusi þurfti að bíða betri tíma vegna anna ráðherra.

Því má hnýta við þessa fínu heimsókn að aðrir tveir stjórnálamenn tóku hús á FSu morguninn eftir og héldu stuttan fund með stjórnendum. Það voru þingmenn pírata Björn Leví Gunnarsson og Andrés Ingi Jónsson en Andrés stundaði einmitt nám við FSu.

Smurð söngkeppni

GREASE var þema söngkeppni FSu þetta skólaárið sem vísar til ógleymanlegrar kvikmyndar með skötu hjúnum Danny og Sandy frá árinu 1978. Allur undirbúningur og umgjörð þessarar hátíðar var verulega smurð í anda þemans af reynslu og sköpun og nemendum skólans til mikils sóma. Ellefu söngvarar tóku þátt, hljómsveit, tæknimenn, dómnefnd og fullt af kraftmiklum nemendum sem vinna að undirbúningi og baksviðs.

Þegar upp var staðið sigraði Elísabet Björgvinsdóttir keppnina með lagið A Natural Woman en Elísabet lenti í öðru sæti í söngkeppni skólans í fyrra. Í öðru sæti varð Huguína Tinna Björnsdóttir með lag Beyoncé Daddy's Lessons og í það þriðja settist Ásrún Aldís Hreinsdóttir með Rihönnu lagið Love on the Brain. Verðlaun fyrir frumlegasta atriðið hlaut Elín Karlsdóttir sem settist við hljómborðið og flutti lagið Echoes með Pink Floyd.

Söngkeppnin hefur undanfarin ár verið haldið í IÐU – íþróttahúsi skólans og þarf því að umbylta öllu rýminu og breyta því í tónleikasal. Þessi umbreyting er eins og sjónhverfing og ljómar af töfrum ljósa og tónlistar. Hún vitnar líka um svo mikla elju nemenda að gera eitthvað annað og skapandi. Lyfta okkur upp úr hversdagslegum athöfnum í hæstu hæðir.

Gettu Betur

Lið FSu í keppninni skipuðu Ásdís Aldís Hreinsdóttir, Elín Karlsdóttir og Heimir Árni Erlendsson. Varamenn liðsins voru Hallgerður Höskuldsdóttir, Sigurður Karl Sverrisson og Valgeir Gestur Eysteinnsson og þjálfari var Stefán Hannesson íslenskukennari skólans.



Útvarpshluta spurningarkeppinnar lauk með frábærum árangri FSu en tveir öflugir og fjölmennir framhaldsskólar voru lagðir að velli á sannfærandi hátt. Í fyrstu umferð þann 11. janúar var Borgarholtskóli sigraður með 26 stigum FSu gegn 8 og í annarri umferð, viku síðar, var það Menntaskólinn við Hamrahlíð sem laut í lægra haldi í átta stiga sigri FSu 25 stig á móti 18.

Leiðin lá þar á eftir í sjónvarpið í átta liða úrslit þar sem við mættum liði Flensborgarskólans þann 24. febrúar og höfðum sigur 21 stig gegn 14. Lið FSu stóð sig eins og hrífandi keppnismenn í hvítum liðsbúningi sem Elín hafði hannað með aðstoð Fab Lab tækninnar. Á upphandlegg búninganna kom fyrir talan 86 sem vísar í upphafsár Gettu Betur þar sem FSu vann í úrslitaviðureign gegn þessum sama hafnfirski skóla.

Hér má minna á skemmtiatriði FSu sem flutt var af hæfileikabúntunum Emelíu Hugrúnu og Sigríði Fjólu – frumsaminn tónlist í fönkstíl og skapandi skólasöngur sem kallast *Við erum FSu*.

Laugardagskvöldið 11. mars. mættum við Austfirðingum í VA og var það stórkostleg frammistaða, liðsheildin var hreinlega mögnuð. Við unnum með 31 stig gegn 26 á móti austfirsku heiðursfólki í VA og liðið okkar komst þar með í Hljómahöllina í Keflavík í úrslitaviðureign gegn gamla Skálholtsskólanum MR. Framhaldsskólar sem komust í undanúrslit voru VA, MR, FG og FSu.

Annað sætið var staðreynd þegar MR sigraði FSu í úrslitum með 36 stigum gegn 25. Ekki lítill árangur í þessari flóknu og erfiðu keppni. Ásrún, Elín og Heimir og þjálfarinn Stefán eiga svo sannarlega heiðurinn. Lykillorð sem koma upp í hugan eru: Gleði og viska, úthald og keppnisskap, bros og húnur, frjálsgleg og skapandi framkoma - frábær frammistaða að öllu leyti og til mikils sóma.

Aukin þjónusta við nemendur

Halla Dröfn Jónsdóttir félagsráðgjafi hefur hafið störf við Fjölbrautaskóla Suðurlands en hún mun sinna starfi skólafélagsráðgjafa. Halla Dröfn hefur lengi starfað innan velferðarþjónustu með börnum og fjölskyldum þeirra og sú reynsla mun nýtast í hennar starfi fyrir skólann. Áherslur skólafélagsráðgjafa ná yfir allt það í lífi barna og ungmenna sem getur haft truflandi áhrif á menntun þeirra og lífsgæði. Félagráðgjafi getur vísað á leiðir innan heilbrigðiskerfisins, hann býður einnig upp á ráðgjöf til foreldra og forráðafólks sem tengist hagsmunum og líðan ungmenna.

Halla sinnir einnig hlutverki tengiliðs sem kveðið er á um í nýjum farsældarlögum um samþætta þjónustu í þágu barna og ungmenna.

Þrískólafundur

Þrískólafundur er það þegar allir starfsmenn Fjölbrautaskóla Suðurlands, Fjölbrautaskóla Vesturlands og Fjölbrautaskóla Suðurnesja hittast og bera saman bækur sínar. Þetta eru gagnkvæmar og gefandi samkomur haldnar á tveggja ára fresti. Að þessu sinni var hist á Akranesi miðvikudaginn 1. febrúar.

Fundurinn byrjaði á sameiginlegum morgunverði og að honum loknum flutti Svali H. Björgvinsson erindi um mikilvægi þess að skapa menningu og auka samvinnu innan stofnana sem byggja á valddreifingu og leiða til árangurs. Að því loknu var fundurinn hólfður niður í smærri hópa. Stjórnendur hittust og báru saman bækur sínar, kennarar einstakra deilda bóknáms, verknáms, listnáms og sérnáms, námsráðgjafar, bókasafnsfræðingar og starfsmenn mótuneyta svo nokkuð sé nefnt. Afar gefandi og árangursríkar samræður mynduðust innan hvers hóps.

Vetrarleikar í hestaþróttum

Vetrarleikar FSu hafa átt sér stað samhliða uppbrotsdögum Kátum dögum frá 2006 og voru þeir haldnir á félagsvæði Sleipnis miðvikudaginn 1. mars. Góð þátttaka var á mótinu en það voru fyrsta árs nemendur sem stóðu að baki framkvæmd mótsins. Keppt var í tveimur greinum, töltili og mjólkurtöltili. Styrktaraðilar gerðu það mögulegt að veita vegleg verðlaun í greinunum sem keppt var í og að auki fengu allir keppendur glaðning.

Í töltili voru sautján keppendur skráðir til leiks og komust átta efstu knaparnir áfram og kepptu til úrslita. Í mjólkurtöltili voru ellefu keppendur skráðir til leiks og hlutu þrjú efstu knaparnir verðlaun. Dómari mótsins að þessu sinni var Ragnar Stefánsson. Í töltili voru Kristján Árni og Glámur frá

Hafnarfirði í fyrsta sæti, Unnsteinn Reynisson og Fúga frá Breiðholti í Flóa í öðru sæti og Jónína Daníelsdóttir og Agla frá Dalbæ í þriðja sæti. Í mjólkurtölti röðuðust efstu sætin svoleiðis að Jessica Ósk og Fold frá Hallgilsstöðum voru í fyrsta sæti, Lilja Dögg og Hviða frá Eldborg í öðru og Sunna og Náttfari frá Vestri-Geldingaholti í því þriðja.

Reiðmennskuverðlaunin hlaut Kristján Árni á hestinum Glámi frá Hafnarfirði, verðlaunin fyrir efnilegasta parið hlaut Jónína á Öglu frá Dalbæ, einnig hlutu verðlaun parið með besta tímunn óháð refstistigum en það var Jessica Ósk og Fold frá Hallgillstöðum.

Samstarf sem er mikils virði – trédeildin

Trédeild FSu var eins og undanfarin ár í samstarfi við BYKO um smíði sumarhúsa í húsasmíðaáföngunum HÚSA3HU09 og HÚSA3PÚ09. Þetta samstarf er mikils virði fyrir trédeildina og ómetanlegt að geta leyst raunhæf verkefni án þess að bera fjárhagslega ábyrgð á þeim.

Á þessu skólaári var verið að byggja tvö 20m² hús en í þeim er gert ráð fyrir salerni með sturtu, lítilli eldhúsinnréttingu, svefnrymi og lítilli stofu. Með þessi hús skapast góð viðbót fyrir rafvirkjadeild skólans til að fást við rauntengdum verkefnum enda gaman og hreinlega góð reynsla að fá tækifæri til að leggja nánast fullbúna raflögn í hús.



Þann 10. mars var haldið reisugildi eins og hefð hefur myndast fyrir, rétti tíminn er þegar síðasta sperra hefur verið reist, í þetta sinn var fáninn dreginn að húni innandyra og Gunnar og Grétar frá Byko á Selfossi mættu með hlaðborð í mat og drykk fyrir nemendur, kennara og stjórnendur. Gunnar og Grétar létu ekki þar við sitja heldur færðu góðar gjafir í verkfærum frá Byko. Trédeild fékk að gjöf 12v vélasett í tösku sem inniheldur 6 vélar af ýmsu tagi og rafdeild fékk tvær 12v borvélar í tösku.

Í leit að glötuðum tíma

Samstarf milli kennslugreina fer vaxandi í FSu og mánudaginn 17. apríl fóru sögukennarinn Lárus Ágúst Bragason og íslenskukennarinn Jón Özur Snorrason með nemendur úr áföngum í Íslandssögu og bókmenntasögu 17. til 19. aldar í dagstúr að sækja HÚSIÐ á Eyrarbakka heim.

Heiti ferðarinnar er tilvísun í skáldævisögu franska rithöfundarins Marcel Proust, í leit að glötuðum tíma, þar sem sögumanni birtast sýnir í einskönar eftirsjá eftir liðinni tíð. HÚSIÐ er verðmætt dæmi slíkrar sögu og minninga og inniheldur andrúmsloft og gildismat liðinnar tíðar, gaman var að draga nemendur inn í slíkt hús sem tilheyrta horfnum tíma til fróðleiks og þroska.

Gestgjafar HÚSSINS voru þær Ragnhildur Elísabet Sigfúsdóttir safnvörður og Ásthildur Magnúsdóttir vefari. Auk þess að lýsa innviðum og daglegu lífi HÚSSINS leiddu þær okkur inn í húsið Kirkjubæ sem lýsir hóbýlum alþýðufólks í byrjun 20. aldar. Þá fræddi Ásthildur nemendur um einstök gæði hinnar íslensku ullar og hversu stóru hlutverki sauðkindin gegndi í því að halda lífi í formæðrum og forfeðrum okkar um aldir.

Tíminn á Eyrarbakka var svo sannarlega ekki glataður. Hann var nýttur til fróðleiks og skemmtunar og til að finna gömlum tíma nýjan stað í hugskoti okkar og þroska.

Fjölbreytt málstofa sjúkraliðabrautar

Miðvikudaginn 19. apríl kynntu útskriftnemar af sjúkraliðabraut FSu lokaverkefni sín á málstofu í Iðu. Fólki var boðið á viðburðinn og mættu um 25 manns fyrir utan þá 10 nema sem kynntu lokaverkefni sín. Að sögn Írisar Þórðardóttur hjúkrunarfræðings og kennara á sjúkraliðabraut er þessi viðburður alltaf eins og velkomin vorkoma.



Fjölbreytni viðfangsefnanna var mikil: Guðrún Elísa Gunnarsdóttir fjallaði um brjóstakrabbamein, Sara Lind Scheving Aronardóttir um mænuskaða, Anna Aðalheiður Arnardóttir um fósturmissi, Jóhanna Fjóra Sæmundsdóttir um svefn og heilsu, Rakel Eir Jónsdóttir um Sorg og sorgarviðbrögð, Hallgerður Höskuldsdóttir um fyrirbura, Viktoría Kristín Guðmundsdóttir um tónlistarmeðferð fyrir heilabilaða, Dagmar Gestsdóttir um MS sjúkdóminn, Bergþóra Stefánsdóttir um hjartaáföll og loks Hulda Gunnarsdóttir um kvíðaraskanir.

Raunfærnimat í námi fanga

Á Litla-Hrauni hefur verið kennd trésmíði í tvö ár og alltaf fullskipað í greinina, það er almennt mikill áhugi í verklegum greinum og aðstæður eru prýðilegar á trésmíðaverkstæðinu undir stjórn Jóns Inga Jónssonar verkstjóra.

Á Litla-Hrauni eru einstaklingar á öllum aldri og jafnvel með margra ára reynslu í starfsgrein en ekki formlega menntun. Undir handleiðslu Klöru Guðbrandsdóttur náms- og starfsráðgjafa skólans í fangelsum geta einstaklingar farið í raunfærnimat og mögulega stýtt nám sitt. Skilyrði fyrir þátttöku í raunfærnimati eru 23 ára aldur og þriggja ára staðfest starfsreynsla í grein - hvernig verður það betra?

Fertugur fjölbrautaskólakór

Sunnudaginn 30. apríl hélt Kór Fjölbrautaskóla Suðurlands hátíðlega afmælistónleika í Selfosskirkju, en 30 nemendur hafa æft seinnipartinn á þriðjudögum undir stjórn Stefáns Þorleifssonar á þessu skólaári.



Flutningur kórsins var ákaflega fágaður og fallegur og augljóst að söngfólkið naut þess að flytja tónlistina. Óhætt er að fullyrða að miklar framfarir hafa orðið á þessum eina vetri og sjálfstraust og sönggleðin vaxið í hópnum. Gestasöngvarar á tónleikunum voru félagar í kórnum Sunnlenskar raddir, sem tók nokkur lög undir stjórn Stefáns. Þess má til gamans geta að margir félagar í þeim kór eru einmitt fyrrum nemendur í FSu. Þá er ótalið það uppbrot á tónleikunum sem einna mesta athygli vakti, en það voru einsöngvarar úr hópi kórfélaga í Kór FSu. Þau Nyx Levi Abranja Jónasson, Emilía Ýr Kjartansdóttir, Hugrún Tinna Róbertsdóttir, Sigurður Matthías Sigurðarson og Elísabet Björgvinsdóttir fluttu hvert sitt lagið við undirleik hljómsveitarinnar og stóðu sig öll frábærlega og fengu mikil viðbrögð áheyranda að flutningi loknum.

Skýrslur fagstjóra

Svið: Tungumál, skapandi greinar, samfélagsgreinar og Ergó

Danska

Fagstjóri: Pelle Damby Carøe

Kennarar og áfangar	Haustönn 2022	Vorönn 2023
PC	DANS2ME05 DANS2FJ05	DANS2ME05 + fjarnemendur
IL	DANS2FJ05	DANS1DL05 DANS2FJ05 DANS3BF05
SOS	DANS1DL05	DANS2FJ05
BI	DANS1DL05	
SS		DANS1DL05

Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu

Við höfum verið að vinna með fleiri smásögur (sérstaklega í sambandi við lokaprófin). Þetta hefur gengið vel, og við höfum áhuga á að leggja enn meiri áherslu á smásögur á næsta skólaári í stað lengri skáldsagna.

Við höfum verið að leggja áherslu á að nemendur fái aðeins meira frelsi í kennslunni/tímunum og að öll verkefni eru ekki stýrð af kennurunum.

Við höfum verið að taka inn nýja skáldsögu sem rafbók (Sidste chance) í DANS2FJ05.

Við erum stöðugt að nýta okkur nýtt námsefni af netinu (t.d. www.dr.dk, þætti/sjónvarpsefni). Við notum oft greinar og sjónvarpsþætti í mismunandi verkefni (lestur, ritun, hlustun og munnlegt).

Markmiðið okkar er að leggja áherslu á að búa til nýtt námsefni (verkefni og próf) á hverri einustu önn.

Námsmat - símat/lokapróf - mat á námsmatsaðferðum

Við höfum á skólaárinu 2022-2023 ákveðið að vera með lokapróf í dönsku í stað símats. Þetta var tilraun sem var gerð til þess að sjá hvort það myndi hafa jákvæð áhrif á hvatningu, aga ásamt vinnusemi yfir önnina hjá nemendum.

Þetta hefur gengið vel, og hefur verið góð reynsla. Prófin fóru fram á Innu á haustönn 2022, þar sem nemendur máttu nota tölvu, rafbók og veforðabækur á netinu. Á vorönn 2023 var ákveðið að hafa lokaprófin á blaði, en hjálpargögnin voru ennþá veforðabækur og rafbók og þar af leiðandi tekið með tölvu. Ástæðan fyrir því að hafa lokaprófið á blaði og ekki í Innu, var að Inna átti erfitt með að vinna með svona mörg stór próf í einu, það tók allt of langan tíma að vista svörin og lítið annað hægt að gera á meðan en að bíða, en stundum þurfti að bíða í fleiri mínútur áður en hægt væri að halda æfram og fara yfir næstu skil.

Við höfum tekið eftir að einkunnir á lokaprófi og annareinkunn eru mjög svipaðar. Þetta þýðir að við höfum ákveðið að sleppa lokaprófum á næsta skólaári. Við metum að 10-12 einkunnir úr prófum yfir önnina meti kunnáttu nemenda jafn vel og 10-12 einkunnir + lokapróf í faginu.

Við munum halda áfram að vinna með smásögur í aukumæli og höfum við ákveðið að sleppa skáldsögunni á næsta skólaári og nota fleiri smásögur en þessi ákvörðun var tekin til að ná betur til nemenda.

Skoðun sem fram hefur komið í deildinni: Um helmingur nýnema í FSu raðast inn í fyrsta þreps áfanga í dönsku og er það erfið staða. Spurning hvort skólayfirvöld þurfi að taka samtal um slæma stöðu nemenda við skólastjórnenda grunnskóla? Það er ekki nóg að kennarar beggja skólastiga hittist á fundum, heldur verða skólastjórnendur grunnskólanna að gera gangskör í að bætt verði úr svo gagn verði að.

Það var einmitt fundur með grunnskólakennurum í dönsku 27. apríl 2023 sem gekk mjög vel og hjálpaði okkur enn fremur að skilja hvernig danska er kennt í grunnskólunum. Einnig vorum við að kynna hvað við leggjum áherslu á í kennslunni hjá okkur í FSu, til þess að aðstoða grunnskólakennarana að undirbúa nemendur fyrir framhaldsskóla námi þeirra.

Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu

- Við höfum notað nýjar/gamlar smásögur fra fyldepennen.dk.
- Við höfum verið að taka inn nýja skáldsögu sem rafbók (Sidste chance) í DANS2FJ05.

Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs

- Halda stöðugt áfram að uppfæra námsefni (verkefni og próf).
- Endurskoða námsmátið heilt yfir í öllum áföngum.

Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir

- Það er mikilvægt að það sé eins búnaður í öllum kennslustofum.
- Það er erfitt að kenna stórum hópi í stofu 212 (25 nemendur+). Það er mun betra að vera í stofu 211 með stóran hóp í dönsku.

Enska

Fagstjóri: Ægir Pétur Ellertsson

Kennarar og áfangar	Haustönn 2022	Vorönn 2023
Elvar Ingimundarson	ENSK2OR05* ENSK1RX05*	ENSK2OR05
Halldóra Björk Guðmundsdóttir	ENSK1RX05	ENSK1RX05
Ingunn Helgadóttir	ENSK1HA05	ENSK1HA05X2
Kristjana Hrund Bárðardóttir	ENSK3FO05X2* ENSK1RX05*	ENSK1HF05 ENSK1RX
Luis Felipe Torres Meza	ENSK2HB05X3 ENSK2OL05X2	ENSK2HB05X2 ENSK3AE05X2
Magnús Huld Sigmarsdóttir	ENSK2HC05X3 ENSK3FO05X2	ENSK2HC05X3 ENSK3NF05
Paola Ýr Daziani	Enska Sogn/Litla Hraun; ENSK2OR05 ENSK2OL05-grunnskóli	Enska Sogn/LH og ENSK3YL05 ENSK2YL05
Thelma María Marinósdóttir	ENSK2OR05X3	ENSK2OR05X2
Ægir Pétur Ellertsson	ENSK1HA05, 2xENSK2HB05	2xENSK2HC05; ENSK3AE05

*útskýring = Elvar kom inn á miðri önn og tók við kennslunni af Kristjönu Hrund þegar hún fór í veikindaleyfi.

Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu:

Námsefnið Literacy Planet var tekið upp aftur í sérdeildaráföngum. Gengið var frá samningi við fyrirtækið til árs sem tryggir aðgang allt að 50 nemenda að efninu. Eins gerðu þær Kristjana Hrund og

Halldóra tilraun með að nota efni af netinu við kennslu í þeirra áföngum. Auk þess vann Kristjana Hrund áfram með verkefni um öndun, slökun og leiðsagnarnám frá síðasta skólaári.

Á vorönn var líka farið út í að láta nemendur eingöngu kaupa vinnubækur (Headway intermediate og upper-intermediate) en að kennarar notuðu síðan efni úr kennslubókinni eftir þörfum. Almenn ánægja er meðal kennara um þessa nálgun. Á skólaárinu '21-'22 var lagt upp með að nota efni sérsniðið fyrir nemendur í verknáminu í stað lesefnis. Á haustönn voru mjög fáir sem þetta átti við og þeir kennarar sem fórum með þetta af stað voru ekki að kenna svo þetta skólaár var það verkefni sett í salt um sinn.

Námsmat - símat/lokapróf - mat á námsmatsaðferðum:

Símati er beitt í öllum áföngum deildarinnar. Það hefur almennt séð gengið vel. Þó er svolítið um það að nemendur geri sér ekki grein fyrir að það eru tímaverkefni og próf á önninni – það hefur verið svolítið um það að nemendur hafi verið fjarverandi í slíkum tímum án leyfis, þó að það komi skýrt fram að verkefni gildi sitt í lokaeinkunn og að fjarvist gefi 0.

Námskeið sem kennarar hafa sótt

Elvar lauk doktorsprófi í sagnfræði í Canada

Halldóra Björk tók námskeið á vegum Erasmus um verkefnamiðaða kennslu

Kristjana Hrund: Menntaflétta um leiðsagnarnám og námskraft, eins tók hún þátt í Nordplus verkefni (job shadowing) um sjálfbærni í skólum

Magnús Huld tók námskeið í Dublin „Soft skills for strong teachers.“

Thelma María Tómasdóttir tók áfanga í stærðfræði á ensku í Háskólanum í Arizona

Ægir Pétur var í námsleyfi og stundaði nám í H.Í allt síðasta skólaár og á þessu skólaári er Guðfinna Gunnarsdóttir í námsleyfi, einnig í námi í H.Í. meðal annars.

Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu

Eftir áramót var horfið frá að nota Headway Skills, level 2 í ENSK2HA05 og Headway intermediate (5th edition) tekin inn í staðinn. Sú bók var einnig notuð í ENSK2HB05 á haustönn en verður skipt út fyrir Headway Upper-Intermediate (5th edition) á komandi haustönn. Sú bók er nú þegar komin inn í ENSK2HC05. Í þetta skiptið kaupa nemendur eingöngu vinnubókina en kennarar hafa lesbókina til hliðsjónar og nota efni úr henni eftir þörfum. Á haustönn var Aristotle and Dante discover the secrets of the Universe, eftir Benjamin Alire Sáenz, notuð í ENSK2HC05 og ENSK2HB var skáldssagan Symptoms of Being Human eftir Jeff Garvin notuð á vorönn

Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs

Eitt af því sem deildin stefnir að er að fara í auknum mæli í að nota rafrænar bækur. Bókapantanir eru annars vegar búnar að vera í hálfgerðum ólestri. Það sem líka vegur þungt er hátt verð á bókum pöntuðum erlendis frá. Verð bókar sem er pöntuð frá t.d. Amazon þegar búið er að reikna verð bókar, póstkostnað og tollmeðferðargjöld er verðið á stakri bók töluvert ódýrara. Dönskueildin hefur notað þessa aðferð, þ.e.a.s. að nota upphaf annar til að leiðbeina nemendum um hvernig á að bera sig að við slíka pöntun og hefur gengið ágætlega. Hér erum við fyrst og fremst að tala um skáldssögur.

Á fundi enskukennara í apríl kom upp umræða um gerfigreind. Það er aðeins farið að örla á verkefnum af þeim uppruna í skilum nemenda. Ljóst að sú umræða heldur áfram í haust.

Annað

Eins og vanalega var haldinn fundur með grunnskólakennurum á Suðurlandi í kjarnagreinum og tókst vel til. Það er mikilvægt að halda þeim tengslum uppi.

Ergó

Fagstjóri: Ragnheiður Eikisdóttir

Kennarar og áfangar	Haustönn 2022	Vorönn 2023
Anna Kristín Valdimarsd	FÉLA1SA05	UMHV1AU05
Eyrún B. Magnúsdóttir	FÉLA1SA05	UMHV1AU05
Ester Ýr Jónsdóttir	FÉLA1SA05	UMHV1AU05
Guðmundur Björgvin Gylfason	FÉLA1SA05	UMHV1AU05
Ingunn Helgadóttir	FÉLA1SA05	UMHV1AU05
Ragnheiður Eiríksdóttir	FÉLA1SA05	UMHV1AU05
Sabína St. Halldórsdóttir	FÉLA1SA05	UMHV1AU05
Thelma M. Marinósdóttir	FÉLA1SA05	UMHV1AU05
Tómas Davíð Ibsen Tómasson	FÉLA1SA05	UMHV1AU05

Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu

Kennsluhættir voru með svipuðu sniði og s.l. vetur þó svo vægi einstakra námsþátta hafi verið breytt. Áfangarnir eru verkefnaþættir og áhersla lögð á samvinnu nemenda og leiðsagnarnám. Farið var í vettvangsferð í Garðyrkjakólann á Reykjum í stað gróðursetningar.

Námsmat - símat/lokapróf - mat á námsmatsaðferðum

Notast við leiðsagnarmat og símat. Kennari gefur ráðleggingar á meðan verkefni eru unnin

Hópur 6: Stuðst var við einkunnarkvarða í Excel ásamt því að settir voru upp einkunnaþættir við einkunnargjöf á Innu sem reyndist vel og gefur nemendum skýrara endurmat.

Hópur 1: Stuðst var við einkunnarkvarða í Excel skv. verkefnalýsingu og unnið með að gefa einkunnir innan viku. Leiðsagnir almennt í upphafi og einstaklingsmiðaðar á meðan að verkefnavinnu stóð.

Námskeið sem kennarar hafa sótt

AKV:

- Nordplus Junior project “Sustainable Community for Sustainable Schools” (SC4SS) í Eistlandi, 18 tímar í „job shadowing.”

- Nordplus Junior project “Sustainable Community for Sustainable Schools” (SC4SS) í Litháen, 39 tímar í „job shadowing.”
- Hélt erindið *Skapandi leiðir í Lystigarði möguleikanna. Aðgerðir og áhrif loftlagsbreytinga á málstofu um Notkun sýndarveruleika í kennslu um loftlagsmál – Lystigarður möguleikanna á Menntakviku ásamt Ástu Magnúsdóttur verkefnastjóra í Gagarín og Rögnu Benediktu Garðarsdóttur, Prófessor í félagssálfræði við Háskóla Íslands, 1,5 tímar.*

EBM:

- Kynbundið ofbeldi og forvarnir - menntaflétta skólaárið 2022/2023
- 7 steps of project based learning

EYJ:

- Með gleðina að leiðarljósi: Kennarar sem leiðtogar og brautryðjendur í skapandi starfi.
- Ágústráðstefna Áhugfólks um skólaþróun, haldin í Stapaskóla í Reykjanesbæ.
- Leiðsagnarnám og námskraftur í framhaldsskólum.
- Menntafléttunámskeið skólaárið 2022-23.
- Námssamfélag um *Leiðsagnarnám og námskraft í FSu*.
- Fagþróunarsjóður, veitti styrk til undirbúnings námssamfélagsins sem mun fara formlega af stað í upphafi skólaárs 2023-24.
- *Sustainable Community for Sustainable Schools (SC4SS)*.
- Nordplus Junior verkefni skólaárið 2022-23 og haustið 2023.
- Starfsspeglun í Eistlandi í október.
- Starfsspeglun í Litháen í apríl.
- Loftslagsvernd í verki, 7 vikna námskeið hjá Landvernd, 27.10-8.12.2022.
- Menntun og fagmennska kennara: Fjárfesting til framtíðar? Erindi haldið á fundi skólamálaráðs KÍ 30. mars og birtist síðar í [Skólavörðunni](#) (bls. 24-25) í styttri útgáfu.
- Ráðstefna um menntun í náttúruvísindum. Haldin í FSu og Stekkjaskóla á Selfossi dagana 14.-15. Apríl.
- Er í fagraði um náttúrufræðimenntun á vegum Barna- og menntamálaráðuneytis. Fagraðið fundar að jafnaði 4-6 sinnum á önn, 60-90 mín í senn.

ER:

- Nordplus Junior project “Sustainable Community for Sustainable Schools” (SC4SS) í Eistlandi, 18 tímar í „job shadowing.”

SSH:

- Málþing um nikótín og heilsu – 2 tímar. Haldið af UMFÍ, Krabbameinsfélagi Reykjavíkur og Fræðsla og Forvarnir.
- Verndum þau - netmámskeið 2,5 klst - 11.janúar.

TMM:

- Stærðfræði áfangi í University of Arizona, fjarnám. Allt ár.

Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu

Eins og fyrri ár eru engar kennslubækur í áföngunum en kennslugögn eru í stöðugri uppfærslu. Sótt var um aðild að UNESCO-skólum og fékkst sú viðurkenning. Það veitir aðgang að skólavef með margvíslegu kennsluefni sem hægt verður að nota.

Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs

Ef fara á með nemendur í vettvangsferð þarf að huga vel að framkvæmdinni. Setja dagsetningar í skóladagatalið til að koma í veg fyrir óþarfa árekstra í skipulagi náms og kennslu. Lagt er til að sett sé vægi á einstaka þætti innan verklýsinga til að tryggja enn meira samræmi í námsmati á milli hópa. Rýna í verklýsingar og skilgreina vægi þeirra þátta sem á að meta. Skerpa á æskilegu vinnulagi sem nýnemar eiga að tileinka sér, t.d. varðandi frágang verkefna, merkingar, notkun heimilda, málfar og stafsetningu og annað. Nýta Turnitin til að koma í veg fyrir ritstuld. Velt upp hvort að draga eigi nemendur niður fyrir að virða ekki skilafrest verkefna.

Einnig má skoða að bjóða upp á umhverfisfræðina að hausti til að vettvangsferð raðist betur upp hvað varðar aðra áfanga.

Íslenska

Fagstjóri: Bertha Ingibjörg Johansen

Kennarar og áfangar	Haustönn 2022	Vorönn 2023
Bertha I. Johansen	ÍSLE1GA05 ÍSLE2OS05 ÍSLE3NB05*2	ÍSLE2OS05 ÍSLE2BV05*2 ÍSLE3MV05
Guðbjörg Grímsdóttir	ÍSLE1GA05 ÍSLE2OS05*2 ÍSLE3RT05	ÍSLE2BV05 ÍSLE3HE05 ÍSLE3PJ05
Guðbjörg Dóra Sverrisdóttir	ÍSLE1GB05 ÍSLE2OS05	ÍSLE1GB05 ÍSLE2BV05
Jón Özur Snorrason	ÍSLE2BV05 ÍSLE3RT05*2	ÍSLE1RX05 ÍSLE2BV05 ÍSLE3PJ05 ÍSLE3HE05
Katrín Tryggvadóttir	ÍSLE2BV05*2 ÍSLE3HE05	
Rósa Marta Guðnadóttir	ÍSLE3ME05	
Sigprúður Harðardóttir	ÍSLE1FA05*2	ÍSLE1GB05*2

Stefán Hannesson	RX (starfsbraut) ÍSLE1GB05 ÍSLE2OS05	RX (starfsbraut) ÍSLE2OS05*2 ÍSLE3NB05
Puríður M. Björnsdóttir	ÍSLE1GA05 ÍSLE2OS05 ÍSLE3HE05	ÍSLE1GA05*2 ÍSLE3NB05 ÍSLE3HE05

Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu

Kennsla var almennt með nokkuð hefðbundnum hætti í íslenskuáföngum í vetur en sífellt er verið að endurmeta og bæta til þess að vera með sem fjölbreyttasta kennsluhætti nemendum til hagsbóta. Minniháttar breytingar voru á 1. og 3. þrepi en stórar breytingar voru gerðar á öðrum áfanganum á 2. þrepi (ÍSLE2BV05) á vorönn. Það var gert til að búa til meiri samfellu frá 2. þrepi upp á það þriðja. Auk samfellu í námi var hugsunin að gefa nemendum innsýn í efni 3. þreps svo að val þeirra gæti tekið mið af því. Eftir að nemendur eru búnir að taka tvo áfanga á 2. þrepi sem reyna á ólíka námsþætti þá ættu nemendur að vera betur til þess fallnir að velja áfanga á næsta þrepi hvort sem þeir vilja dýpka þekkingu/færni/hæfni sína eða tileinka sér efni sem þeir vilja bæta sig í.

Áfangar á 1. þrepi

GB var endurskipulagður og nýr námspakki útbúinn. Lotan sem fer í skáldsöguna var stytta og ný málfræðiverkefni ásamt prófum útbúin. Þetta fyrirkomulag kom vel út og áfanginn nýttist vel sem undirbúningur fyrir OS. Efnið var tvískipt, í bókmenntir, spurningar (sem oft fólu í sér ritun), lestur og framsögn annars vegar og málnotkun og ritun hins vegar. Þessi nýjung kom vel út á haustönn. Nemendur héldu sig vel við efnið, afköstin voru mikil og árangur mjög góður. Á vorönn var ekki það sama uppi á teningnum. Nemendur náðu ekki sömu tengslum við efnið og virtust illa undirbúnir að takast á við áfangann.

Áfangar á 2. þrepi

OS var með hefðbundnum hætti en það er afar brýnt að ljúka endurskoðun á leshefti áfangans fyrir næstu önn.

BV (á vorönn) var endurhugsaður og lögð var í mikil vinna í að semja efni til að það gengi upp. Áfanginn inniheldur nú kennslu í bókmenntafræði og bókmenntasögu auk þess sem Snorra-Edda er lesin og skáldsagan Undir Yggdrasil. Í lok annar er unnið lokaverkefni þar sem allir þættir eru dregnir saman og unnið úr námsefni annarinnar. Áfanginn er núna full endapungur og fyrirhugað er að gera breytingar á röðun námsþátta í haust (2023) til þess að koma í veg fyrir það.

Námsmat - símat/lokapróf - mat á námsmatsaðferðum

Símat er í öllum hópum sem hentar áföngunum almennt vel enda byggist símat áfanganna á fjölbreyttum matsaðferðum. Haft er að leiðarljósi að skipta hverjum áfanga upp í 3-5 námsþætti og að nemendur geri skil á þeim öllum í formi verkefna, greiningavinnu ýmis konar og prófa. Verkefnin, greiningavinnan og prófin eru ýmist skrifleg eða munnleg. Munnleg skil hafa festis sig í sessi í

lokánámsþætti í OS og HE – það hefur reynst vel. Auk þess eru munnleg skil orðin fyrirferðameiri í áföngum eins og í RT05 og ÞJ05 (í gegnum podcast). Kennarar viðkomandi áfanga eru ánægðir með slíkt mat. Greiningavinna (á ljóðabók og skáldsögu) í NB og í MV (á málfarspistlum) er bæði skrifleg og munnleg. Þannig að í heildina má segja að markvisst sé verið að bæta framsögn inn í námsmatsaðferðir deildarinnar.

Leiðsagnarmat gefur oft góða raun og nemendur kalla eftir slíku mati. Það er þekkt í HE og eins hefur það verið tekið upp í GA, GB og OS þar sem grunnurinn að ritunarkennslu er lagður. Það er mikilvægt að nemendur fái að vita hvað þau geti lagað og bætt áður en lokamat er gefið. Gallinn við leiðsagnarmatið er að það er tímafrekt en kennarar eru þó sammála að það sé nauðsynlegt og árangursríkt og gefa því þess vegna rými.

Námskeið sem kennarar hafa sótt

BIJ: Fjögurra vikna frönskunámskeið sumarið 2022 og Erasmus námskeið í Króatíu í vikunni fyrir páska 2023, Stress management and burnout prevention.

PMB, BIJ, GDS: Ritun og málnotkun fyrir framhaldsskólakennara, námskeið á vegum Endurmenntun HÍ og Samtaka móðurmálskennara (12 klst.)

JÖZ: Sótti námskeið í þverfaglegri kennslu í sögulegu og menningarlegu ljósi hjá Íslenska bænum að Austur-Meðalholtum í Flóahreppi. Frábært námskeið og lærdómsríkt.

Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu

- Ágrip af bókmenntasögu íslensku þjóðarinnar frá landnámi til raunsæis. Kennarar FSu skrifuðu.
- Nánast öll verkefni endurunnin.

GB: Samin voru ný kennslugögn og ekkert gamalt notað.

BV: Snorra-Edda á nútímaíslensku sem Bjarki Bjarnason sneri til nútímamáls og Undir Yggdrasil eftir Vilborgu Davíðsdóttur.

NB: Randafluga – úrval smásagna og ljóða. Verkefni alltaf endurskoðuð.

ÞJ: *Íslenska fjögur* eftir Ragnhildi Richter, Sigríður Stefánsdóttir og Steingrím Þórðarson (bókmenntasaga) og skáldsagan *Snerting* eftir Ólaf Jóhann Ólafsson.

RT: Völdum í fyrsta sinn í þessum áfanga vandaðar kjörbækur (skáldsögur) til lestrar og kom það mjög vel út með munnlegu prófi.

Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir

Kennarar deildarinnar vilja benda á nokkra þætti sem þeim þykja brýnir og skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir.

Í fyrsta lagi skal nefna að hafa skólareglur enn sýnilegri fyrir nemendur og setja inn ákvæði um ritstuld (vegna gervigreindar, vegna lánaðra verkefna frá öðrum nemendum og efnis á netinu). Kennarar deildarinnar hafa áhyggjur af **ritstuldi** og hvað það þýðir fyrir námsmat framtíðarinnar. Nokkur ritunarverkefni fengu samsvörun í gervigreindarforriti, jafnvel heilu ritgerðirnar. Einn kennari bendir á að hafa líka fengið nokkrar ritgerðir frá nemendum sem voru frá öðrum nemendum, ýmist í heild eða að hluta, flestar á 1. þrepi en ein birtist á 3. þrepi. Þörf á að nota Turnitin eins oft og hægt er og kynna vel fyrir nemendum að ritstuldur sé ekki í boði.

Í öðru lagi er að gera **gott námsumhverfi** enn betra og höfum við áður bent á hægt sé að bregðast við því með því að setja námsver á svölum annarrar hæðar og beina tölvuleikjum og annarri afþreyingu niður í matsal eða á annan stað þar sem síður er truflun af. Það er ekki gott að ekki sé hægt að opna stofur fram á gang vegna gauragangs í þeim sem eru að leika sér. Í ljósi þess að hóparnir fara stækkandi þá er þetta mikilvægt atriði. Svo myndi þetta auka á og hvetja fólk til náms þegar það sér aðra læra.

Einhverjir nefndu að gott væri ef unnið væri betur eftir skólasóknarreglum (best væri ef úrsögn úr áfanga kæmi sjálfkrafa á Innu ef nemandi hefur náð tilteknum fjarvistarkvóta).

Í fjórða lagi þá nefndu nokkrir kennarar að það vanti skýrari reglur með notkun á **dreifnámi**. Að upplifun þeirra væri sú að það bæri á fámennum og/eða tómum stofum hjá fáeinum kennurum sem væri ekki gott til afspurnar sérstaklega til nemenda í sömu áföngum. S.s. eftirlit með áföngum og notkun á dreifnámi.

Að lokum þá fer hópur nemenda stækkandi sem hafa annað móðurmál en íslensku. Þetta eru nemendur sem eru jafnvel fæddir á Íslandi en báðir foreldrar af erlendu bergi brotin. Þessir nemendur eru of góðir í íslensku fyrir ÍSUNA en áfangar á 2. þrepi svo ekki sé talað um áfanga á 3. þrepi eru of þungir fyrir þá. Þetta samtal innan deildar og við skólastjórnendur er virkt og því þarf að halda gangandi þar til viðundandi lausn finnst.

Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs

Það var mismunandi hvað hver kennari nefndi hvað skoða ætti á næsta skólaári svo hér kemur upptalning á því:

Það þarf að klára lesheftið í OS fyrir haustönn 2023. Það er verið að vinna að því.

Nauðsynlegt og áhugavert að skoða kennslu í bókmenntum og bókmenntasögu, er bæði að velta fyrir mér kennsluaðferðum og hvernig farið er að því að vekja áhuga nemenda á efninu. Einnig er að hugsa um hvaða bókmenntasögu við erum að kenna á hverju þrepi – og í hvaða áföngum. Held að það sé gott að skoða þetta svo tryggt sé að við forðumst endurtekningu eftir bestu getu.

Nauðsynlegt að samræma kennslu í áföngum. Þarf að festa vikulegan fundartíma í áföngum og leggja verkefni og áætlanir á borðið þannig að allir vinni að sameiginlegu markmiði. Kennarar eiga ekki að vinna hver í sínu horni með ólíkar kröfur til nemenda. Það er slæmt fyrir nemendur, kennara og skólann í heild.

Alltaf má bæta og glæða umhverfi skólastofunnar. Einum kennara fannst niðurtekning skápa til vansa og hvatti til að lærdómskort af ýmsum toga væru til staðar í hverri íslenskustofu. Á meðan öðrum fannst skáparnir vera fyrir, sérstaklega í ljósi stækkandi hópa og oft erfitt að koma öllum fyrir t.d. þegar próf væru haldin.

Vera stöðugt á tánum og tilbúin að gagnrýna þau vinnubrögð sem viðhöfð eru. Ekkert er klárt eins og stafur á bók og þótt áfangi eins og BV05 sé tekinn til endurskoðunar er það ekki nein endanleg lending á vali námsefnis eða aðferða. Náms efni og aðferðir þurfa stöðugar skoðunar við á jákvæðan hátt, faglegan hátt og þannig að allir komi að ákvörðunum. Að það sé á valdi allra kennara (fagmanna) hverju sinni hvað sé tekið til umfjöllunar hverju sinni og hvernig það sé gert. Aukning

verkefnahefta í áföngum þóknast ekki öllum þó góður vilji og metnaður búi þar að baki. Vænlegra væri að sækja til útgefna og ritrýndra og myndlýstra kennslubóka gefna út af forlögum. Skerðing á áfangaframboði deildarinnar er einhverjum þyrnir í augum og vill að við virðum þá fjölbreytni í þeim efnum sem sköpuð var við endurskoðun námskrár sem fór fram í hópi okkar kennara fyrir 10 árum síðan. Búið er að staðla 2. þrepið og þess vegna ætti að halda 3. þrepinu fjölradda og fjölbreytilegu í samræmi við námskrá þar sem aukin áhersla er lögð á val nemenda og frelsi. Auk þess sem slíkt viðhorf gefur kennurum færi á að fást við fjölbreyttari viðfangsefni – og oft ný og ögrandi.

Á næstu önn þarf að halda áfram þeirri góðu vinnu sem hefur átt sér stað í deildinni undanfarin ár. Punktarnir hér að ofan verða teknir upp á deildarfundum á næstu önn sem og umræðan um gervigreindina. Allir voru sammála um að vinna að og finna lausnir á hvernig hægt sé að vinna með hana í hverjum áfanga og þegar þessi skýrsla er skrifuð þá ber að geta þess að kennurum gefst einmitt tími á starfsdögum vorannar (30. og 31. maí) til þess að tækla þessa áskorun að einhverju leyti og verður þeirri vinnu haldið áfram á næsta skólaári.

Annað

Íslenskudeildin er stór í FSu og eru áherslur kennara ólíkar. Auðvitað getur það verið áskorun þegar kemur að samvinnu en í stóra samhenginu þá er það kostur að ólíkar skoðanir fái þrífist innan deildarinnar og vonandi berum við gæfu til að finna ávallt bestu lausnina.

Annað sem við íslenskukennarar þreymst ekki að minna á er álagið á íslenskukennurum er greinilega meira en á öðrum kennurum. Hvernig er hægt að bregðast við því?

Að lokum

Ágætis vetur í heildina þar sem mikilvægar breytingar áttu sér stað. Hlökkum til að gera deildina enn betri.

Samfélagsgreinar

Fagstjóri: Eyrún Björg Magnúsdóttir

Kennarar og áfangar	Haustönn 2022	Vorönn 2023
Elvar Ingimundarson	ENSK1RX, ENSK3FO	ENSK2OR, SAGA2OR
Erla Brimdís Birgisdóttir	SÁLF2IN05 (1og2) SÁLF3PS05 SÁLF3AF05	SÁLF2IN05 (1og2) SÁLF3PS05 SÁLF3AF05 UPPE2UM05
Eyrún Björg Magnúsdóttir	FÉLA2AF05 FÉLA3MP05	FÉLA2AF05 FÉLA3RS05
Helgi Hermannsson	FÉLA2AF05	
Ingunn Helgadóttir	VIÐS2SM05	LÖGF2LÖ05
Lárus Ágúst Bragason	SAGA2YA05	SAGA2SÍ05

	SAGA3SS05	SAGA3FM05 FÉLA2AF05
Ragnheiður Eiríksdóttir	HEIM2BY05	HEIM2BY05
Tómas Davíð Ibsen Tómasson	SAGA2YA05 SAGA3FM05	SAGA2YA05 SAGA3MS05
Þórey Hilmarsdóttir	BÓKF1BA05	BÓKF2BB05
	HAGF2HA05	VIÐS2FJ05

Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu

Almennt séð var töluvert um að efni væri uppfært og meiri áhersla á hópavinnu í flestum áföngum. Í sálfræðinni fengu nemendur meira „lýðræði“ þ.e fengu val um form á skilum (ritgerðir, verkefni osfrv.).

Í sögunni var verið að þróa skilaverkefni til að hjálpa nemendum að setja sig inn í söguna og skilja betur orsakir og afleiðingar sögulegra atburða. Okkar markmið er að nemendur skilji af hverju fólk gerði það sem það gerði, bæði gott og slæmt.

Aukinn áherslu á hópavinnu og fjölbreyttari verkefnagerð. Sögukennslan er í sífelldri þróun og hefur koma þriðja sögukennarans reynst góður fengur og eykur enn meir á fjölbreytt verkefni, nálgun og kennsluaðferðir.

Í félagsfræðinni var verið að prófa að skipta upp í fasta hópa yfir önnina og gefa hverjum hóp ábyrgð á ákveðnu efni úr kennslubókinni. Í upphafi var yfirferð kennara og nokkuð nákvæm lýsing á útfærslu annarinnar. Nemendur höfðu svo töluvert frelsi með tegundir verkefna sem voru lögð fyrir, svo lengi sem þau væru tengd efni kennslubókarinnar. Kom mjög vel út að mati nemenda (könnun lögð fyrir alla hópa í lok annar) og að mati kennara.

Í Stjórnun- og markaðsfræði unnu þau í stóru verkefni alla önnina, tóku lítil próf og skiluðu verkefnum úr hverjum námshluta. Í lögfræðinni unnu þau ýmis verkefni og tóku 4 lotupróf

Námsmat - símat/lokapróf - mat á námsmatsaðferðum

Í sálfræðinni var farið að nota meira jafningjamat. Símat var í öllum áföngum deildarinnar

Í heimspekinni eru smá áhyggjur varðandi gervigreind. Námsmat var svipað og undanfarin ár. Kennari veltir fyrir sér hvernig bregðast skuli við notkun nemenda á gervigreind til að skrifa ritgerðir, hvort sú leið til námsmats sé e.t.v. ekki lengur fær.

Námskeið sem kennarar hafa sótt

- EBM Menntafléttan – kynbundið ofbeldi og forvarnir
- El kláraði doktorsnám í sagnfræði
- 3 kennarar sóttu námskeiðið 7 steps of project based learning á Tenerife um páskana.

Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu

Rafræn kennslugögn notuð í meira mæli.

Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs

Haldið verður áfram að þróa sögukennsluna með auknu samráði – samráð í fögum er á dagskrá að vori við lok skólaárs.

Heimspekiáfanginn er vel mótaður en bregðast þarf við auknu svindli með notkun gervigreindar við að skrifa texta.

Notast verður við svipað fyrirkomulag í félagsfræðinni með tilliti til punkta sem komu úr reglulegum samráðsfundum yfir önnina.

Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir

Sögukennarar óska eftir tússtöflu sem hægt er að færa upp og niður í stofu 207 og 208

Við teljum nauðsynlegt að endurnýja kennarastóla í kennslustofum þar sem þeir eru margir hverjir úr sér gengnir. Einn kennari notar í kennslustofunni stólinn af vinnusvæði sem var óskað sérstaklega eftir með tilliti til stillingamöguleika. Lengri tímar þýða lengri seta í einu.

Skapandi greinar

Fagstjóri: Ágústa Ragnarsdóttir

Leiklist

Kennari leiklistar var í námsleyfi þetta skólaár.

Matreiðsla

Kennarar og áfangar	Haustönn 2022	Vorönn 2023
Guðríður Egilsdóttir	MATR1VB05 (X3)	VBFM1VA12
	MATR1SX02	IEMÖ1GÆ02
		VPVM1VA01
		MART1SX01
Helga Sigurðardóttir	MATR1VA05	MATR1VA05 (X3)
	MATR1VA05	BAKA1SK02
	BAKA1SX02	
Dagný Magnúsdóttir		BAKA1SK02 (X2)
		MATR1SX05

Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu

Á þessu ári höfum við lagt mikla áherslu á sjálfbærni og matarsóun. Kynnt vel fyrir nemendum hvernig hægt er að nýta betur hráefni og afganga þegar verið er að matreiða.

Námsmat. Símat/Lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum

Símat í öllum áföngum. Það eru verkleg verkefni ásamt stuttum bóklegum verkefnum. Þá er notast við jafningjamat í sumum áföngum.

Námskeið sem kennarar hafa sótt

- GE sótti námskeið hjá Iðunni, Laufið - umsjónakerfi sjálfbærni fyrirtækja og íslenskar jurtir í matargerð. HS sótti í febrúar 2023 tveggja daga námskeið hjá <https://meyers.dk/om-meyers/meyers-forretningsomraader/teambuilding-madkurser-og-raadgivning/>
- Í nóvember tveggja daga námskeið hjá <https://www.gordonramsayacademy.com/en/uk/working>
- Apríl 2023 í Barcelona - Europass Teacher Academy – hvernig flétta má sjálfbærni inn í kennslu.
- DM er í matartækni námi í MK lýkur því haust 2023.

Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs

Að bjóða upp á fjölbreytt val svo nemendur kynnist sem flestum námsgreinum. Nemendur af matvælabraut heimsóttu Garðyrkjuskólann í Hveragerði þar sem þau kynntust öllum stigum ræktunnar. Þannig tengjast nemendur hráefninu betur sem verið er að vinna með og fá því meiri þekkingu hvaðan afurðin kemur og geta matreitt hana á heilnæman hátt. MATR1VB05 í vali er góður áfangi fyrir alla nemendur svo þeir öðlast færni og þekkingu sem stuðlar að sjálfbærni og heilbrigðari lífsháttum í framtíðinni. Nemendur fá fræðslu í umhverfisvernd eins og matarsóun og flokkun. Áfanginn kemur að góðum notum fyrir atvinnulífið hér á Suðurlandi, það sem nemendur eru margir hverjir að vinna í matvælageiranum.

Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir

Áfram þarf að passa upp á að verklegt nám í FSu sé fjölbreytt. Við á Suðurlandi þurfum á fjölbreyttu námsúrvali að halda fyrir unga fólkið okkar. Verum óhrædd við að deila þekkingu og reynslu - því væri það mjög áhugavert að samþætta fleiri námsgreinar með matreiðslu svo og starfsbraut.

Myndlist

Kennarar og áfangar	Haustönn 2022	Vorönn 2023
Elísabet Helga Harðardóttir	MYNL1LM05	MYNL1LM05
	MYNL1SX05	MYNL3ML05
	MYNL3SS05	
Ágústa Ragnarsdóttir	MYNL2TK05	MYNL2TK05
	MYNL2MS05 (X2)	
Anna Kristín Valdimarsd.	MYNL1SX05	MYNL1SX05

	MYNL1SX02	MYNL1SX02
		LEIR1SX02
		MYNL1GR03

Nýjungar og þróun í kennsluháttum á skólaárinu

Allir áfangar myndlistar eru í sífelltri þróun, bæði hvað varðar ákveðna verkþætti og verkefni innan áfanga sem og nálganir og aðferðir í kennslu. Þá eru kennararar búnir að taka enn lengra aðferðarfræði hvað varðar námsmat.

Námsmat. Símat/Lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum

Í öllum áföngum er notast við leiðsagnarmat og símat. Kennari gefur endurgjöf og ráðleggingar á meðan verk er unnið. Kennarar gefa endurgjöf, bæði einkun og umsögn, að verkefnum loknum inn í INNU þar sem nemendur geta ef þeir vilja og þurfa, betrum bætt sitt verkefni og skilað aftur. Nemendur vita frá upphafi fjölda, vægi og tímaramma verkefna. Ekki er bara endanlegt verk sem liggur til mats, heldur einnig vegferðin. Engin hefðbundin próf.

Námskeið/endumenntun sem kennarar hafa sótt / eða haldið

EHH:

- Námsferð með FSu til Ítalíu (20 tímar við fjölbreyttar skólaheimsóknir).
- Sjálfstæð vinna við teikningu, vatnslitun og akrýlmálun.
- Fyrirlestur á Bókasafni Árborgar 1,5 tímar: Barbara Kerr kynnti niðurstöður rannsóknar á sköpunargáfu Íslendinga: Sköpunarkraftur Íslendinga - Sálfræði í myndunarfylsins.

ÁR:

- Þárað í ágúst: Sótti 40 tíma kveikju-námskeið í máli og myndum hjá Rán Flygering og Sunnu Dís Másdóttur.
- Seven steps of project based learning, 25 tíma námskeið haldið á Tenerife.
- Námsferð með FSu til Ítalíu (20 tímar við fjölbreyttar skólaheimsóknir).
- Sjálfstæð vinna við teikningu og vatnslitun.
- Hélt 30 tíma veggjalistarnámskeið fyrir unglínga og fullorðna í Þorlákshöfn í júní.
- Hélt 12 tíma námskeið fyrir félagi í Myndlistarfélagi Árnassýslu undir yfirskriftinni Uppbygging og aðferðir.

AKV:

- Þárað í ágúst: Sótti 2 tíma kveikju-námskeið í máli og myndum hjá Rán Flygering og Sunnu Dís Másdóttur.
- Nordplus Junior project "Sustainable Community for Sustainable Schools" (SC4SS) í Eistlandi, 18 tímar í „job shadowing.“
- Nordplus Junior project "Sustainable Community for Sustainable Schools" (SC4SS) í Litháen, 39 tímar í „job shadowing.“
- Listaskólar Árborgar: Opið hús á Sviðinu, kynning um listnám í FSu samstarfsverkefni með Margréti Blöndar menningarfulltrúa Árborgar o.fl., 6 tímar.

- Hélt erindið Skapandi leiðir í Lystigarði möguleikanna. Aðgerðir og áhrif loftlagsbreytinga á málstofu um Notkun sýndarveruleika í kennslu um loftlagsmál – Lystigarður möguleikanna á Menntakviku ásamt Ástu Magnúsdóttur verkefnastjóra í Gagarín og Rögnu Benediktu Garðarsdóttur, Prófessor í félagssálfræði við Háskóla Íslands, 1,5 tímar.
- Sótti fyrirlestur á Bókasafni Árborgar 1,5 tímar: Barbara Kerr kynnti niðurstöður rannsóknar á sköpunargáfu Íslendinga: Sköpunarkraftur Íslendinga - Sálfræði ímyndunarafslins.

Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu

- Nýjar og/eða bætтар glærur og kennsluefni í öllum áföngum.
- Viðbót við kennslumyndbönd þar sem handbragð og nálgun á ákveðin verkefni er sýnt.
- FSu myndlist, nýsköpun og miðlun á Facebook er gríðarlega mikilvægt kennslugagn eftir því sem fleiri gögn hlaðast þar inn frá önn til annar. Kennarar halda einnig áfram að vera með sameiginleg gögn á drive, s.s. glærur, myndasöfn og fl. sem hægt er að sækja í. Sífelld er bætt þar við efni.
- INNA: Og allt ofan talið fer undir EFNI á Innu.

Boðið var upp á MYNL1GR03 Myndlistarval fyrir grunnskólanemendur í fyrsta sinn á vorönn fyrir nemendur í 10. bekk frá þremur grunnskólum í Árborg; BES, Sunnulækjarskóla og Vallaskóla. Áfanginn er í þróun og þörf er á betri skilgreiningu á áherslum áfangans, markmiðum og hæfniviðmiðum ef áfanginn verður aftur í boði. Einnig þarf að skilgreina framkvæmdina og hvaða hæfnikröfur nemendur í grunnskóla þurfa að uppfylla til að hefja nám í myndlist á framhaldsskólastigi. Taka þarf mið af hæfniviðmiðum greinarinnar og ákveðinni lykilhæfni í grunnskóla sem samræmist lýsingum á lykilhæfni í framhaldsskóla og lýsingum á einkennum fyrsta hæfniþrepsins, eins og fram kemur í aðalnámskrá framhaldsskóla. Leggja þarf áherslu á að Inna er forsenda náms og kennslu í FSu og að nemendur séu komnir með aðgang áður en námið hefst.

Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs

- Aðlaga enn frekar verklýsingar að breyttum og bættum námsmatskvarða.
- Taka upp ákveðin og samræmd vinnubrögð sem tengjast skilafresti og námsmati..
- Og eins og alltaf: Þróa enn frekar verklega hæfni og fagþekkingu.

Nýsköpun og miðlun

Kennarar og áfangar	Haustönn 2022	Vorönn 2023
Ágústa Ragnarsdóttir	NÝMI2FL05	NÝMI2FL05
		NÝMI2GM05
Magnús St. Magnússon	NÝMI3HF05	NÝMI3HF05
Þuríður Ingvarsdóttir		NÝMI1GR03

Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu

Áfangar á 2. og 3. þrepi Fab Lab í sífelldri þróun enda stendur tæknin aldrei í stað. Nýtt námsefni fyrir fyrstu skrefin í forritinu Inkscape með Fab Lab vinnslu í huga svo gott sem tilbúið og var prufukeyrt

að mestu á vorönn í áfanganum NÝMI2FL05. Námsfnið inniheldur öflugan kennsluglærupakka, æfingar og verkefni sem og kennslumyndbönd með æfingunum og verkefnum.

3. þreps áfanginn (NÝMI3HF05) var þróaður áfram. Lögð var meiri áhersla á að nemendur næðu góðum tókum á þrívíddarteikningu í forritinu Fusion360 og var því bætt við fleirri og stærri verkefnum og kennslumyndböndum.

Grunnskólaval var í fyrsta skipti í boði. Þar bauðst grunnskólanemendum í Árborg og Hveragerði að sækja 3 eininga áfanga á framhaldsskólastigi í Fab Lab. Áfanginn heppnaðist gríðarlega vel og verður vonandi í boði á hverju ári. Nemendur voru mjög áhugasamir og telur kennari nauðsynlegt að í þessa grunnskólaáfanga fái aðeins nemendur að sækja sem sýnt hafa framúrskarandi árangur í grunnskóla í hönnun og skapandi list- og verkgreinum.

Grafísk miðlun (NÝMI2GM) tók út InDesign-pakkann í áfanganum og fór í staðinn dýpra í Photoshop og Illustrator með góðum árangri sem og skemmtilegri samvinnu við sögudeild skólans.

Námsmat. Símat/Lokapróf. Mat á námsmats aðferðum

Í áföngum er notast við leiðsagnarmat og símat. Kennari gefur endurgjöf og ráðleggingar á meðan verk er unnið. Kennarar gefa endurgjöf, bæði einkun og umsögn, að verkefnum loknum inn í INNU. Nemendur vita frá upphafi fjölda, vægi og tímaramma verkefna. Ekki er bara endanlegt verk sem liggur til mats, heldur einnig vegferðin. Engin hefðbundin próf.

Námskeið/endumenntun sem kennarar hafa sótt / eða haldið

ÁR:

- Sífelldt óformlegt nám hjá Magnúsi St. Magnússyni smiðjustjóra Fab Lab Selfoss
- Seven steps of project based learning, 25 tíma námskeið haldið á Tenerife.
- Námsferð með FSu til Ítalíu (20 tímar við fjölbreyttar skólaheimsóknir).

MSM:

- Bootcamp námsferð til Ísafjarðar þar sem fulltrúar Fablabsmiðja á Íslandi komu saman til að miðla þekkingu sín á milli.
- Sjálfsnám í gegnum netið, fylgist náið með öllum nýjungum í stafrænni framleiðslutækni til að þróa og bæta kennslu.

ÞI:

- Sífelldt, óformlegt nám í FabLab hjá Magnúsi St. Magnússyni (eins og hjá Ágústu).
- Sífelldt sjálfsnám á netinu og í glæsilegum Inkscape leiðbeiningum frá Ágústu Ragnarsdóttur.
- MT nám í list- og verkgreinum við Háskóla Íslands.

Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu

Nýtt námsfni búið til af ÁR fyrir NÝMI2FL05 fyrir fyrstu skrefin í forritinu Inkscape með Fab Lab vinnslu í huga svo gott sem tilbúið og var prufukeyrt á vorönn. Námsfnið inniheldur öflugan kennsluglærupakka, æfingar og verkefni sem og kennslumyndbönd með æfingunum og verkefnum.

Nýtt námsfni unnið að hluta fyrir NÝMI2GM05.

FSu myndlist, nýsköpun og miðlun á Facebook er gríðarlega mikilvægt kennslugagn eftir því sem fleiri gögn hlaðast þar inn frá önn til annar.

Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs

- Samræma frekar námsmatsaðferðir.
- Samræma notkun á INNU hvað varðar endurgjöf til nemenda.

Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir

- Hafa samráð við smiðjustjóra Fab Lab áður en þeir áfangar eru settar í töflu.
- Ágústa Ragnarsdóttir, Magnús St. Magnússon og Þuríður Ingvarsdóttir

Textíll og hönnun, listir og menning

Kennarar og áfangar	Haustönn 2022	Vorönn 2023
Guðbjörg Bergsveinsd.	HÖTE2HU05	HÖTE2HU05 (X2)
	HÖTE3HA05	HÖTE3HH05 (X2)
	FATN1SX05	
	LIME1IN05	
Þuríður Ingvarsdóttir	HÖTE2HU05	FATN1SX05

Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu

Nemendur á sérnámsbraut fóru í FabLab og útbjó hluti þeirra merkingar á verkefni sem þeir voru að sauma í textílmennt.

Á haustönn fórum kennarar með nemendur í HÖTE2HU og HÖTE3HA í vettvangsferð til Reykjavíkur og skoðuðum Tækniskólann, Hússtjórnarskólann í Reykjavík og vefnaðarvöruverslunina Föndru.

GB hefur verið að þróa nýtt námsefni í Menning og listir ásamt AKV myndlistarkennara í FSu.

Námsmat - símat/lokapróf - mat á námsmatsaðferðum

Símat með verkefnaskilum í öllum áföngunum og notast er við Exel sem utan um hald.

Leiðsagnarmat þar sem nemendur fá endurgjöf jafnóðum og þeir vinna verkefni sín.

Á sérnámsbraut fá nemendur eina lokaekunn sem tekur mest mið af ástundun, mætingu og vinnu í tímum. Nemendur þar vinna mjög ólík verkefni enda forsendur til náms ólíkar.

Námskeið sem kennarar hafa sótt

GB:

- Fjögra daga útsaumsnámskeið á Hallormstað
- Kvöldnámskeið í Útsaumi
- Fyrirlestur og kynning hjá Klæðskerafélaginu

- Sífelld sjálfsnám á netinu í takt við verkefnaval nemenda.

PI:

- MT nám í list- og verkgreinum við Háskóla Íslands.
- Sífelld sjálfsnám á netinu í takt við verkefnaval nemenda.

Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu

Keyptar voru 2 nýjar þrjónabækur

Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir

Í haust voru keyptar 4 nýjar saumavélar og þarf að halda áfram að endurnýja.

Þriðja tungumál

Fagstjóri: Brynja Ingadóttir

Kennarar og áfangar	Haustönn 2022	Vorönn 2023
Sigríður Guðmundsdóttir SG	SPÆ1AA05 SPÆ1SX04 SPÆ1AA05 LH	SPÆ1AA05 SPÆ1SX04 SPÆ1BB05 SPÆ1AA05 LH SPÆ1BBO5 LH
Gunnþórunn Klara Sveinsdóttir GKS	SPÆ1BB05 SPÆ1CC05	SPÆ1BB05 SPÆ1CC05 SPÆ2DD05
Brynja Ingadóttir BI	ÞÝSK1AA05 ÞÝSK1BB05 ÞÝSK1CC05	ÞÝSK1AA05 ÞÝSK1BB05 ÞÝSK1CC05

Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu

Í SPÆN1AA05 hafði SG þrjú kaflapróf í stað tveggja. Reyndist það ágætlega og verður sami háttur hafður á, á næstu önn. Hlustunarpróf voru líka þrjú í stað tveggja áður og mun verða með sama hætti á næstu önn.

Í SPÆN1SX04 var ekki stuðst við námsbók en nemendur unnu ýmsar æfingar úr efni grunnáfangans SPÆN1AA05. Notast var við námsefni úr Español en marcha, Duolingo, Kahoot, myndbönd af netinu, bíómyndir (Encanto, Coco) og efni af ýmsum öðrum vefsíðum og æfingum úr bókum og af netinu. Öllu efni og vinnugögnum var haldið til haga í sér möppu sem kennari var með. Það fyrirkomulag reyndist ágætlega.

Námið í SPÆN1AA05 LH og SPÆN1BB05 á Litla hrauni fer fram í fjarkennslu og því óhægt um vik að meta færniþætti eins og hlustun og tal. Nemendur fá sömu námsbækur og verkefnahefti og nemendur í dagskóla. Nemendur skila verkefnaheftum til kennara og taka síðan próf, annað hvort í Innu eða á pappír.

Á vorönn 2023 tók BI í notkun kennslubókina Netzwerk neu. Bókin var kennd í fyrsta áfanga og mun svo færast í efri áfangana næstu tvær annir. Það er mikil og tímafrek vinna að kynnast nýrri bók og „raða“ henni inn í kennsluna og breyta kennsluháttum, verkefnum og námsmati. Einnig krefst samstarf við kennara samstarfskólanna tíma og vinnu en sú vinna gefur mikið af sér og er þetta samstarf mjög gott og gríðarlega mikilvægt.

Í þriðja áfanga í þýsku hefur vægi hlustunar og lesturs smásagna og léttlestrarbókar og annars konar texta aukist undanfarnar annir og hefur það gefist vel.

Á þessu skólaári hefur BI lagt meiri áherslu á viðtöl við einstaka nemendur, sérstaklega þá nemendur sem eru félagslega einangraðir eða mættu illa vegna veikinda eða af öðrum ástæðum. Viðtöl við nemendur innihalda persónuleg samskipti, veita aðhald, hvatningu og hrós og eru mikilvægt tæki til stuðnings við nemendur, sérstaklega nú á tímum aukinnar félagslegar einangrunar og aukinnar andlegrar vanheilsu ungs fólks.

Námsmat - símat/lokapróf - mat á námsmatsaðferðum

Allir áfangar í spænsku voru símatsáfangar. Tvö kaflapróf voru í SPÆN1BB05 og þrjú í SPÆN1AA05 og var 4,5 lágmarkseinkunn úr samanlagðri einkunn í báðum áföngum.

Á vorönninni áttu þeir nemendur sem ekki náðu tilskyldu lágmarki þess kost að koma í lokapróf, sem var þá úr öllu námsefni annarinnar. Lokaprófin voru alltaf lögð fyrir á pappír og í skólastofunni án hjálpargagna.

Nemendur í SPÆN1SX04 tóku tvö smápróf eftir að hafa fengið góðan undirbúning í efninu sem til prófs var. Prófin voru bæði í Innu.

GKS jók vægi hlustunar í DD áfanganum. Einnig bættu GKS og SG fleiri hlustunum inn í verkefnaheftin í grunnáföngunum og einnig á Innu, sem þær útbúa sjálfar en það mættu vera enn fleiri verkefni af þessu tagi.

Í þýsku er, eins og í spænsku, símat í öllum áföngum og hefur verið svo frá byrjun heimsfaraldurs, vorönn 2020. Þrjú til fjögur kaflapróf eru lögð fyrir í hverjum áfanga og gilda þau 60% í ÞÝSK1AA05, 50% í ÞÝSK1BB05 og 30% í ÞÝSK1CC05. Nemendur vinna yfir önnina ýmis konar verkefni í lesskilningi, hlustun, ritun og tali og er í þeirri vinnu stuðst við leiðsagnarkennslu og leiðsagnarmat. Þessi ýmsu verkefni gilda 40% - 70%, hæst er vægi ýmissa verkefna í lestri, hlustun, ritun og tali í síðasta áfanganum. Símat gefur góða raun og er komið til að vera.

Námskeið sem kennarar hafa sótt

- Skólaheimsókn FSu til Gaeta, Ítalíu, maí 2022, 20 klst. BI, GKS og SG.
- Endurmenntun HÍ, júní 2022, Raddvernd og raddvandamál kennara – Nemendur með málþroskaraskanir, 14 klst. SG.
- Universidad de Cádiz, júní 2022, Vivir la lengua y la cultura – námskeið á vegum AIPE, 20 klst. SG.

- Endurmenntun HÍ, ágúst 2022, Málröskun - leiðir til lausna, 4 klst. SG.
- Europass Teacher Academy, desember 2022, Conflict Management, Emotional Intelligence and Bullying Prevention, Erasmus styrkur, 30 klst. SG.
- GKS sótti ekki fleiri námskeið vegna erfiðra fjölskylduaðstæðna en hyggst bæta úr því á komandi önnum.
- BI sótti aðalfund Félags þýskukennara sem er mikilvægur vettvangur til að halda tengslum við starfandi þýskukennara. Félagið heldur fáein örnámskeið á hverju skólaári, en BI sótti ekkert þeirra á þessu skólári.
- Á vorönn tók BI í notkun nýtt námsefni í fyrsta þýskuáfanganum og er sú vinna ígildi góðs námskeiðs og enn frekar þegar það er gert í samvinnu við þýskukennara annarra skóla, en BI er í samstarfi við þýskukennara í FVA og Borgarholtsskóla eins og undanfarin fimm ár og hefur Versló bæst í samstarfshópinn. Þetta samstarf lítur BI á sem góða símenntun, ekki síst meðan verið er að innleiða nýtt námsefni.

Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu

Í spænsku voru engar nýjar kennslubækur á árinu. Spænskukennarar eru sammála um að nota fyrirliggjandi kennslubækur en eru farnar að huga að breytingum. Verkefnahefti eru reglulega uppfærð og endurskoðuð.

Í janúar 2023 byrjaði BI með nýja kennslubók í þýsku. Bókin heitir Netzwerk neu og var hún kennd í fyrsta áfanga á vorönn. Bókin verður svo kennd í efri áföngunum næsta skólaár, á haustönn í ÞÝSK1BB05 og á vorönn 2024 verður efnið komið í notkun í öllum þremur áföngunum. Fimm ára samstarfi við þýskukennara þriggja framhaldsskóla verður haldið áfram þar sem þeir skólar eru einnig að taka í notkun sama efni. Nýja bókin gafst vel þessa önn. Þetta er önnun bókin sem samstarfshópurinn vinnur að í sameiningu.

Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs

Í spænsku og þýsku verður stefnt að því að breyta fyrirkomulagi um verkefnaskil, skrap og lokapróf þar sem mikill tími fer í þjónustu við nemendur utan kennslustunda. Í spænsku voru verkefnaskil opin til loka hvers mánaðar en samt virtist það ekki nægja sumum sem komu í lok annar með verkefnahalann á eftir sér og vildu fá að skila verkefnum frá því í byrjun annar þar sem 80% skilaskylda er á verkefnum.

Agavandamál í SPÆN1AA05 eru alltaf til staðar, því miður. Of mikill tími fer í að fá lítinn hóp nemenda til að virða vinnufrið kennara og samnemenda.

GKS og SG ætla að skipuleggja tímana enn betur svo farið verði markvissar í alla færniþætti í hverjum tíma fyrir sig. Nemendur í 3. tungumálinu þurfa meiri og tíðari örvun, upprifjun, innlögn og æfingu þar sem þau hafa lítil sem engin kynni af námsefninu utan skólastofunnar en núverandi stokkatafla gerir ráð fyrir.

Þar sem nemendur vilja í auknum mæli einungis nota símann til náms og verkefnavinnu í stað námsbóka og annarra námsgagna, þurfum við kennarar að vera meðvitaðir um og skilgreina betur og stýra, í hvaða verkefnum og prófum nemendur eiga og mega nota hvaða námsgögn og tæki.

Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir

Verkferlar, skilyrði og möguleikar varðandi utanlandsferðir í DD-áfanganum þurfa að vera skýrari. Núverandi fyrirkomulag er ekki að virka sem skyldi, mjög erfitt er að skipuleggja ferð á sömu önn og hún á að vera farin, tímaramminn er einfaldlega of þröngur og hóparnir eru tiltölulega fámennir og ferðalagið flókið og kostnaðarsamt.

Of margir nemendur koma illa undirbúnir inn í framhaldsskólann, eru fákunnandi í vinnubrögðum og eru alls óvanir heimanámi. Skólayfirvöld þurfa að eiga samtál við skólastjórnendur grunnskólanna á Suðurlandi og einnig við foreldra grunn- og framhaldsskólanema um úrbætur í þeim efnum.

Bl leggur til að formleg prófavika með próftöflu verði felld niður og tvær síðustu vikur annar verði nefndar námsmatsvikur. Of margir nemendur hverfa á braut heilli viku fyrir lok kennslu og eru auk þess ekki með próf í próftöflu. Það er illa nýttur tími. Spurning hvort setja mætti hlutapróf, skrappróf og uppsóp verkefna inn í próftöfluviku, ef ekki má henda próftöflunni út?

Annað

Stöðupróf: Á haustönn 2022 tók 1 nemandi stöðupróf í spænsku. Hún hafði verið í skiptinámi í Bandaríkjunum og tekið þar eitt ár í spænsku. Hún fékk 1 áfanga metinn. Hún hætti síðan námi við FSu þegar skammt var liðið á önnina.

Tveir nemendur með íslensku og þýsku að móðurmáli tóku stöðupróf í þýsku á þessu skólaári og fengu þeir alla áfangana metna, samtals 15 einingar.

Færsla þriðja tungumáls á 2. þrep: Komið er svar frá stjórn STÍL varðandi færslu CC-áfanga þriðja tungumáls á 2. þrep. Ekki var talið mögulegt að verða við ósk Félags þýskukennara um þá færslu. Sú skýring var gefin, að til þess að þriðja tungumál fengi að vera skylda í námi til stúdentsprófs í framhaldsskólum landsins eftir breytingu námskrár fyrir tæpum áratug, yrði það nám að vera á 1. þrepi. Þessi niðurstaða er okkur mikil vonbrigði, því tungumálakennarar þriðja tungumáls eru almennt sammála um að í CC-áföngum eru áskoranir og kröfur ekki minni en í mörgum öðrum námsgreinum á 2. þrepi.

Aukin félagsleg einangrun meðal nemenda er vandamál sem kennarar skólans þurfa að ræða og vinna með. Of margir nemendur eru óöruggir, draga sig í hlé, sitja einir, eru fámálir, forðast að biðja kennara um aðstoð og forðast að blanda geði við aðra nemendur í tímum. Almenn deyfð og skortur á frumkvæði og sjálfstæði er of algengt í hópi nemenda. Hvernig getum við unnið markvisst með þennan vanda þvert á fög?

Áfangamešan: Bl er ánægð með áfangamešanum á vorönn sem var með breyttu sniði.

Bragakennarar fylgdu nemendahópum sínum um skólann og heimsóttu kennara í stofur. Með þessu móti varð kynning námsgreinanna markvissari og náði til breiðari hóps en ella. Nauðsynlegt er að Bragakennarar fylgi nemendum sínum og sleppi þeim ekki lausum því þá hverfa þeir á braut og nýta sér ekki messuna.

Svið: Verknám, stærðfræði, raungreinar, hestamennska og íþróttir

Hárdeild

Kennari: Elínborg Arna Árnadóttir

Áfangar haust 2022	Áfangar vor 2023
HÁRG1GB02A	HÁRG2GB02B
HLIT1GB01A	HLIT2GB01B
HKLI1GB03A	HKLI2GB03B
IÐNF1GB04A	IÐNF2GB04B
ITEI1GB05A	ITEI2GB05B
HPEM1GB02A	HPEM2GB02B
HÁRG1VA03 (VAL) (1)	HÁRG1VA03 (VAL) (1)

Námsmat: Símat er í öllum áföngum. Í valáföngum ræðst einkunn af mætingu og virkni.

Námskeið:

- Eitt fagnámskeið: Stofu- og kennsluvænar uppgreiðslur, vafningar, fléttur og notkun hitatækja. 8. – 10. ágúst í VMA á Akureyri. Kennari : Theodóra Mjöll og Eyvindur Þorgilsson.
- Endurmenntun Háskóla Íslands.
- 7 STEPS TO PROJECT-BASED LEARNING, Tenerife 3.-7. Apríl, Erasmus+
- Nokkur námskeið á netinu.

Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu

Nýlegt Pivot point kennslukerfi sem ber heitið LAB sem ég er enn að læra á. Kennslubækur eru þær sömu og hafa verið, Hársnyrting undirstöðuatriði, lesbók og vinnubók. Íslensk þýðing á Pivot point kennslubókum. Þessar bækur eru notaðar allar fjórar annirnar, þó fáum við viðbætur árlega með því nýjasta í hártísku og tækni.

Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs

Er að vinna í kennsluvefnum LAB.

Hestamennska

Fagstjóri: Sissel Tveten

Kennarar og áfangar	Haustönn 2022	Vorönn 2023
Sissel Tveten	HEST1GR05	REIM3PK05 HEST2KF04

	REIM1GR05 VINU2FH02 VINU3SH02 HEST3PG04 REIM3PG05	REIM2KF05
Áslaug Fjóra Guðmundsdóttir	VINU2FH02 HEST2GP05 REIM2GP05 VINU3SH02 LEIH2HE04	HEST1GF05 REIM1GF05 VINH2FH10 VINH3SH10
Johannes Amplatz	FÓHE2HU03 FÓHE2FU05	FÓHE1GR03 FÓHE3AU03 LOKH3HB03
Freyja Hilmarsdóttir	REIM1GR05 VINU3SH02 VINU2FH02 REIM2KF05	REIM1GF05 REIM2GP05
Gestakennarar á árinu	Óskar Guðbjörn Jónsson, smiðakennari. Susanne Braun, dýralæknir og kírópraktór. Caroline Aldén, járningamaður. Ragnhildur Haraldsdóttir, reiðkennari. Sigríður Pétursdóttir, íþróttadómari og reiðkennari. Sveinn Ólason, dýralæknir. Brynja Valgeirsdóttir var að kenna bóklega hestaáfangann hjá sérnámsbraut.	

Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu

Allir áfangar eru í sífelldri þróun, verkefni og vettvangsferðir eru fjölbreytt og breytilega á milli anna. Við höfum aftur að kenna bóklegan áfanga á sérnámsbraut til þess að styðja við verklega áfangann þeirra sem hefur verið kenndur á hverri önn.

Námsmat - símat/lokapróf - mat á námsmatsaðferðum

Við vorum með símat í öllum áföngum. Í áfanganum HEST2KF04 Var upprifjunar próf sem haldið var í prófavikunni. Kennari í þeim áfanga notaði það til þess að hvetja til upprifjunar á námsefni. Allir kennarar eru sammála um að símat sé besta leiðin fyrir sanngjarnt námsmat, sérstaklega í verklegum áföngum, en einnig í þeim bóklegu. Við vorum að fara yfir reglur um skil á verkefnum og erum búin að koma okkur saman um að hafa sömu verkreglur um það í öllum hestatengdum áföngum.

Námskeið sem kennarar hafa sótt

- Nýdómaranámskeið fyrir gæðingalist,
- Námsferð í spænskri reiðlist til Andalúsíu,
- Járninganámskeið,
- Allir kennarar hafa sótt reiðkennslu reglulega,
- Einn kennari stundar mastersnám í hestafræðum,
- Helgarnámskeið hjá Mette Mannseth meistari í FT,
- Ýmisleg endurmenntun á vegum félags tammningamanna.

Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu

- Nýjar bækur á bókasafni sem við nýtum sem kennslugögn eru
- Higgins: How your horse moves.
- Jones: Horse brain, human brain
- Thoroddsen: Horseplay
- Clayton: Equine Locomotion

Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs

Við stefnum á að halda okkar góða starfi áfram í svipaðri mynd og á síðasta skólaár.

Við höfum verið að gera tilraun með LOK áfanganum og ætlum að fara í að fá þessar breytingar samþykktar.

Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir

Það er komið tíma á að endurnýja reiðtygi í Votmúla þá helst suma hnakka og nokkuð mörg beisli, mél og tauma.

Skólinn mætti styðja betur við bakið á okkur við kynningar á hestabraut. Hestabraut er nýleg braut í skólakerfinu og krefst eðlilega meiri kynningar heldur en t.d. smiða og rafvirkjabraut. Við erum að vinna kynningarnar mest í sjálfböðastarfi eins og staðan er í dag. Það er sérstaklega mikil sjálfböðavinna og kostnaður í olíu og notkun á eigin bil og hestakerru sem fer í að æfa og keyra nemendur og hesta á reiðhallasýningarnar sem við höfum tekið þátt í. Þáttaka á þessu sýningum er besta leiðin til þess að auglýsa okkar frábæru braut og verðmæt reynslu fyrir nemendur að þurfa að takast á við þetta fjölbreytta verkefni. Það er nauðsynlegt fyrir okkur kennara að geta fengið þetta greitt svo við getum haldið þessu mikilvæga starfi áfram.

Húsasmíði

Fagstjóri: Lárus Gestsson

Kennarar og áfangar	Haustönn 2022	Vorönn 2023
Lárus Gestsson	TRÉS1HV08 - HÚSA3HU09 - TRÉS1VT08-K	TRST3HH05- INRE2HH08 - HÚSA3ÞÚ09 - TRST3HH05-K
Svanur Ingvarsson	GRTE1FA05 - GRTE1FB05 – LEÐU1SX02	GRTE1FB05 - GRTE1FB05 – TRÉS1SX05
Óskar Guðbjörn Jónsson	FRVV1FB05 - GLUH2GH08 - TRÉS1VÁ05	INN2HH05 - LOKA3HU08 - TRÉS1VT08 – ÁÆST3SA05-K – FÓHE3AU03
Jón Sigursteinn Gunnarsson	EFRÆ1EF05 - TRÉS1SX02 - BRAG1SA01 - LHRTRÉ TRÉS1VÁ05	TRÉS1VT08 - LHRTRÉ - BRAG1SB01
Hjalti Guðmundsson	GLUH2GH08 - TRÉS1HV08 - TRÉS1VA05 - HÚSA3HU09	INRE2HH08 - HÚSA3ÞÚ09 - GLUH2GH08-K -HÚSAV3HU05
Ingvar Bjarnason	TEIK3HU05 – TEIK2HS05 – TEIK2HH05	TEIK3HU05 – TEIK2HS05 – TEIK2HH05 – ÁÆST3SA05 – BYGG2ST05
Magnús Másson		BYGG2ST05

Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu

Undir nýjungar má telja breytingar á stærð sumarhúsanna sem við erum að smíða í samvinnu við Byko. Húsin voru minnkuð úr 39,8m² í 20m², ástæðan er sú að við viljum ná að klára að setja upp milliveggi og klæða alla vegg inni og helst loft líka á þriðju og fjórðu önn til að uppfylla betur kennslufræðileg markmið áfangana. Talsverðar breytingar þurfti að gera á námsáætlunum og um leið reynum við að endurskoða hvort eitthvað megi betur fara.

Við erum í sífelldri leit að góðri kennsluáferð sem stuðlar að sanngjörnu námsmati fyrir alla nemendur sem byrja á húsasmíðabraut. Það er mjög óheppilegt að nemendur séu í raðsmíðaverkefnum og komist upp með að skilja lítið í vinnuáferðum við smíðina.

Í TRÉS1HV08 kemur þetta ágætlega út þar sem verkefni eru einstaklingsmiðuð og skila góðri niðurstöðu í námsmati um getu hvers og eins. Um er ræða handavinnuáfangana þar sem hver nemandi vinnur sjálfstætt sín verkefni frá A til Ö.

Í TRÉS1VÁ05 er þetta hins vegar erfiðara þar sem efnið í verkefnum er unnið í sameiningu og hætta á að nemendur verði teikarar. Við erum að vinna í að hafa í forgangi að geta metið hvern nemanda að verðleikum. Kennarar verða alltaf að vera vakandi fyrir nýjum aðferðum við kennslu og námsmat, sérstaklega þegar hætta er á að nemendur komist upp með að skilja ekki viðfangsefnið.

Í húsaáföngunum HÚSA3HU09 og HÚSA3PÚ09 er líka auðvelt fyrir nemendur að fljóta með í hópnum og þurfum við sérstaklega að vera á tánum í námsmatinu með að nemendur séu metnir að verðleikum.

Undanfarin ár hefur námsmat í húsaáföngum áföngum verið nokkuð fjölbreytt og samanstendur af þremur bóklegum verkefnum, ástundun, verklagi, samvinnu í hóp og skilum á efnislistum. Matið hefur reynst vel en nauðsynlegt er að vera gagnrýnin á hvað má gera betur frá ári til árs. Þetta á að sjálfsgöðu við alla áfanga sem við kennum.

Námsmat - símat/lokapróf - mat á námsmatsaðferðum

Símat og leiðsagnarmat eru eingöngu notuð í trédeild, engin lokapróf í trédeild.

Við reynum eins og hægt er að hafa námsmat eins hlutlægt og hægt er en verðum stundum að beita huglægu mati og þá gjarnan með samtali við nemendur.

Þessar námsmatsleiðir teljum við að henti okkar kennslu vel og skili góðri niðurstöðu.

Námskeið sem kennarar hafa sótt

SI: Menntaflétta í námskrafti og leiðsagnarmati.

OGJ: Gæðastjórnun byggingariðnaði 19. Jan. 2023.

HJG: Kláraði kennsluréttindanámið og er í leiðsögunámi.

IB: Tölvustudd hönnun í AutoCad og Revit

Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu

Í ár er engin ný bók sem við höfum tekið í notkun en kennslugögn eru í sífelldri endurskoðun í gegnum ný verkefni og upplýsingaöflun.

Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs

Markmið sem fagstjóri lagði fram í maí 2023:

- Lagt er til að kennarar nýti tímann núna í maí til að klára námsáætlanir fyrir næstu önn með tilbúnu námsmati. Tímenn í haust er of stuttur fyrir námsáætlanir og að skipuleggja INNU fyrir fyrsta kennsludag.

- Lagt er til að við förum að beiðni sviðsstjóra og notum allir sama sniðmát fyrir námsáætlanir.

Námsáætlanir eiga að innihalda vikuplan, þarf ekki í öllum tilfellum að vera mjög ítarlegt, við förum yfir það saman. Kennsluskipting er komin í loftið þannig að það er hægt að byrja á námsáætlunum hennar vegna næstu daga.

- Lagt er til að við notum fyrsta starfsdag eða um leið og INNA opnar í ágúst til að búa til einkunnareglu í INNU eftir námsmati í námsáætlun allir saman. Ég verð leiðbeinandi og sé um að við gerum þetta rétt. Einkunnaregla eftir námsmati er það fyrsta sem við þurfum að búa til við undirbúning áfanga eins og ég hef minnst á.

- Lagt er til að á þessum sama starfsdegi stofnum við í INNU verkefni sem þið leggið fyrir í áföngum bæði bókleg og verkleg. Lítið mál ef námsáætlun er tilbúinn núna í maí.
- Lagt er til að allir standi saman um að taka ekki við verkefnum á næstu önn í tölvupósti, allir setji það inn í námsáætlun.

Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir

Taka til athugunar hvort tímamörk á Ferilbók fyrir yngstu nemendurna sé raunhæfur möguleiki.

Ekki láta stundatöfluóskir kennara ráða hagsmunum heildarinnar. Á vorönn '23 í trédeild var slitin í sundur 5 eininga verklegur áfangi 2x55m - 1x55 - 1x 55m sem er mjög óheppilegt á loka önn. Sem fagstjóri trédeildar tel ég að séróskir kennara í töflu verði að mæta afgangi þegar mikið er að gera.

Setja í forgang við töflugerð að samfella í verklegum tímum ráði mestu og skiptist á sanngjarnan hátt milli áfanga og hópa.

Halda áfram að reyna við Ríkiseignir varðandi breytingar í portinu okkar. Það er komin synjun en kannski er hægt að snúa því. Mjög mikilvægt vegna framþróunar í trédeild og málmdeild að af framkvæmdum verði.

Endurnýja stóla og borð í stofu 306 (tölvustofa Odda)

Íþróttir

Fagstjórn: Sverrir G. Ingibjartsson

Kennarar og áfangar	Haustönn 2022	Vorönn 2023
Ásdís Björg Ingvarsdóttir	BRAG1SA01 HBF11HH05 ÍPRÓ1BX02 ÍPRÓ1PX02 ÍPRÓ1PH03 ÍPRÓ2PL03 ÍPRÓ2BA02 ÍPRÓ2JF02 SJÚK2GH05	BRAG1SB01 NÆRI2ÍP05 ÍPRÓ2BL02 ÍPRÓ2JF02 ÍPRÓ2PL03
Guðmundur Garðar Sigfússon		ÍPRÓ1GX02 ÍPRÓ1PX02 ÍPRÓ2KK02

		ÍPRÓ2PL03
Gunnar Rafn Borgþórsson	BRAG1SA01 ÍPRÓ1PX02 ÍPRÓ1PH03 ÍPRÓ2KN02	
Magnús Tryggvason	ÍPRÓ1GX02 ÍPRÓ1PH03	ÍPRÓ1PH03 ÍPRÓ2PL03 ÍPRG3SU03
Ragnheiður Eiríksdóttir	ÍPRÓ2JÓ02 ÍPRÓ2JH02	ÍPRÓ2JÓ02
Sabína Steinunn Halldórsdóttir	BRAG1SA01 FÉLA1SA05 ÍPRÓ1PX02 ÍPRÓ1GX01 ÍPRÓ1PH03 ÍPRÓ2PL03	BRAG1SB02 ÍPRÓ1GX02 ÍPRÓ1PX02 ÍPRÓ2BL02 ÍPRÓ2PR02 ÍPRÓ2PL03 UMHV1SU05
Sverrir G Ingibjartsson	ÍPJÁ3AÐ03 ÍPRF2PJ05 ÍPRG3BA03 ÍPRÓ1PH03 ÍPRÓ2JF02 ÍPRÓ2ÚF02 LHRÍPR	BRAG1SB01 ÍPJÁ3AÐ03 ÍPRF2SS05 ÍPRF3LL05 ÍPRÓ1PH03 LHRÍPR

Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu

Í bóklegum íþróttum var bætt við verkefnum sem unnin voru í tímum. Um leið var reynt að stemma stigu við símanotkun. Í verklegum íþróttum hjá fyrsta árs nemum var boðið uppá meira val, salnum gjarnan skipt upp og nemendur gátu valið að einhverju leiti hvað hentaði þeim best. Nemendur sem völdu að fara í þreksalinn fengu verkefni frá kennara.

Í ÍPRÓ2PL03 var prófað að hafa námsmatið 50% virkni og mæting og 50% verkefni og hlutapróf.

Í byrjun vorannar var ákveðið að breyta námsmati í ÍPRÓ1PH03 og ÍPRÓ2PL03 þannig að mæting í bóklega tíma verði metin til einkunnar. Með þessari breytingu eykst vægi bóklega hlutans um leið og vægi verklegra ípróttá minnkar. Ekki var einhugur um þessa breytingu.

Námsmat. Símat/lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum

Í ÍPRÓ áföngum er eingöngu notast við símat sem við teljum henta vel í ípróttakennslu. Í framhaldsípróttum sem eru að mestu leiti verklegar er virkni og mæting stærstu þættirnir í námsmati.

ÍPRF2PJ05 er einnig símatsáfangi þar sem verkefni og 4 hlutapróf eru stærstu þættir í námsmati.

Í ÍPRF2SS05 var notast við símat, sem samanstóð af 20 verkefnum og 8 hlutaprófum.

Í ÍPRF3LL05 sem kenndur er á vörönn er þó lokapróf með sleppikerfi. Þar er hægt að sleppa við lokapróf með því að ná 6,5 í annareinkunn. Að mati kennara virkar það hvetjandi enda vilja flestir sleppa við lokapróf. Í þetta sinn þurftu þó 59% (10 af 17) nemenda að fara í lokapróf enda námsefnið nokkuð krefjandi. Þegar upp var staðið stóðust 82% nemenda (14 af 17) áfangann.

Í HBFR1HH05 var lokapróf en þeir nemendur sem náðu 6,5 úr þremur tímaprófum yfir önnina sluppu við lokaprófið.

Í NÆRI2ÍP05 var símat sem samanstóð af þremur tímaprófum, matardagbók, tveimur hópverkefnum, 8 minni verkefnum og frumkvæði og virkni einkunn.

Námskeið sem kennarar hafa sótt

- Sjálfsskaðar og sjálfsvígshögðun unglunga, Endurmenntun HÍ (ÁBI)
- Vansvefta unglingar – hvað er til ráða, Endurmenntun HÍ (ÁBI)
- Málþing um nikótín og heilsu, UMFÍ, Krabbameinsf. Reykjav. og Fræðsla og Forvarnir (SSH)
- Verndum þau, netnámskeið (SSH)
- Kvíði í ípróttum, Kvíðameðferðarstöðin (SGI)

Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu

Sömu kennslubækur voru notaðar áfram en við teljum okkur nokkuð dugleg að nota efni af netinu okkur til hjálpar, enda er þekking manna á heilsusamlegum lifnaðarháttum í stöðugri þróun

Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs

Halda áfram að uppfæra verkefni og próf.

Halda áfram við að finna leiðir til að hvetja nemendur til heilsusamlegra lifnaðarhátta.

Hugmynd um að í bóklegum tímum væri hægt að brjóta upp tíma með fræðandi myndböndum, kahoot keppnum úr námsefninu o.s.frv.

Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir

Viðhalda því að stórir hópar geti verið með heilan sal í ípróttum.

Hvetja alla kennara til að huga að útivist og hreyfingu í almennri kennslu.

Annað

Tvöfaldir stokkar hafa bæði kosti og galla í för með sér í íþróttakennslu. Það er kostur að geta byrjað tímann inni í stofu og fylgja svo tímanum eftir með verklegum tíma. Passa þarf samt að bóklegi tíminn yfirtaki ekki þann verklega. Hinsvegar ef tími fellur niður eins og gerðist nokkrum sinnum á þessu skólaári, þá líða tvær vikur á milli þess að við hittum nemendur sem er galli.

Í ÍPRF2SS05 voru tveir hópar á vorönn. Annar hópurinn mætti tvisvar í viku (2x2) en hinn hópurinn lenti í stokki sem var kenndur þrisvar í viku (2x1+1x2). Aukinn vinna fylgir því að vera með samskonar áfanga í sitthvoru stökkakerfinu. Betra væri að eins hópar gætu verið í sama kerfi. Þess má geta að betur gekk að komast áfram með efnið hjá hópnum sem mætti þrisvar í viku.

Rafvirkjun

Fagstjóri: Grímur Lúðvíksson

Kennarar og áfangar	Haustönn 2022	Vorönn 2023
Grímur Lúðvíksson	VGRV1ML05(2) – VGRV2PR03 RAFM1GA05 – RATM2GA05 – VGRV3TP03 (K)	RAFM2GB05 – VGRV1RS03(2) – VGRV3TP03 – RATM2GB05(1+k)
Jóhann Snorri Bjarnason	RAFL1GA05(2) – RAFL3GD05(K) RAFM1SX02 – RAFM2GC05 STÝR3GC05 – STÝR3RD05	RAFL3GD05() - RAFL3RE05 RRVV2RS05 (2+K) STÝR2GB05(2)
Sigurður Ágúst Pétursson	RAFM3RE05 – FRLA3RA05(2) – LYST3RB05(2+K)	RAFM3RE05(k) – FRLA3RB05(2) – RAFL1VA05 – RAST2RB05 -
Stefán Birnir Sverrisson	RAFM1GA05 – TNTÆ1GA03(2) – TNTÆ3GC05(2) – VSME2GR05(k) – RAFM1GR05(2)	RAFM2GB05 – VSME2GR05 – TNTÆ2GB05(2) – FRLA3RA05(k) RAFM1SX02
Þór Stefánsson	RAFL2GC03 – STÝR1GA05(2) – RLTK2RB05(2) – RAFM3GD05(1+K)	RAFM2GD05 – RAFL1GB03(2) – RAFM1SX02 RATK2RB05(k) – RLTK3RB05(2)

Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu

Unnið var markvisst að því að auka verklega kennslu í rafmagnsfræði. Búin var til nokkur fjöldi verkefna í mælingum til að styðja við bóklega hlutann. Einnig hefur rafrænum verkefnum og prófum sem tekin eru beint í Innu fjölgað mikið.

Námsmat - símat/lokapróf - mat á námsmatsaðferðum

Almennt er notast við símat. Á haustönn voru próf í rafmagnsfræði, rafeindatækni og tölvu og netatækni í próftöflu. Á vorönn var gerð tilraun með að símeta rafmagnsfræði og rafeindatækni og því aðeins prófað í tölvu og netatækni. Árangur af þessu er talinn það góður að líklegt er þessi fög færast í símat til frambúðar.

Námskeið sem kennarar hafa sótt

Námskeið	Grímur	Jóhann	Sigurður	Stefán	Þór
Frankfurt messe – sýning	X	X	X	X	X
AutoCad – námskeið			X		X
Rafmennt – samráð rafm. kennara		X		X	
Bett – sýning					
Útilýsing – götuljós – vefnámskeið			X		
Hleðslur rafbíla – vefnámskeið			X		

Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu

Tekin voru í notkun ný bretti útbúin að kennurum deildarinnar fyrir segullíðastýringar. Þá gaf FRS skólanum tvær hraðastýringar og mjúkræsi til kennslu í rafvélum (RRVV2RS05). Þá voru einnig keyptir 4 nýir mótórar fyrir þann áfanga. Nýtt efni er komið á rafbók fyrir tölvu og nettækni. (TNTÆ2GB05) og einnig hefur efni verið uppfært í rafbók fyrir rafmagnsfræði grunnáfanga. Ný kennslubók er í skoðun fyrir loftstýringar.

Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs

Búið er að skila inn tillögu að kennsluskiptingu næstu annar. Nokkurt álag verður á kennurum á haustönn en þá er loka önn kvöldskólans kennd. Ekki eru uppi áform um áframhaldandi kvöldskóla þannig að álag verður mun minna á vorönninni 2024. Hugsanlega gætu rafmagnsfræðikennarar tekið að sér kennslu í stýritækni fyrir málmdeild.

Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir

Auka þarf samstarf við atvinnurekendur á svæðinu. Bæði hvað varðar að fyrirtækin taki inn nema en einnig að virkja sérþekkingu fyrirtækjanna á fá þau til samstarf við kennsluna. Þannig gætu fyrirtækin komið inn í kennslustundir og kynnt eða kennt sína sérþekkingu. Einnig geta bekkir farið í fyrirtækin og fengið góða kynningu hjá þeim. Það er vísir af þessu í gangi en mætti stórauka.

Halda þarf áfram að efla tækjakost deildarinnar og bæta aðstöðu hennar. Eins og fram kemur hér að framan hefur skólin notið velvildar FRS (Félag rafiðnaðarmanna á Suðurlandi). Ekki er nægilegt að fá tæki því skapa verður umhverfi og aðstæður til að þau nýtist nemendum sem best. Þá þurfa kennarar að semja og útbúa námsefni og verkefni við hæfi.

Auka má samvinnu og deilda innan Hamars. Þannig gæti verið tilvalið að koma á vali sem gengur þvert á deildir. Einnig gætu kennara farið á milli deilda og þannig getur sérþekking og tækjabúnaður nýst betur. Þarna er sérstaklega horft til samvinnu raf- og málmdeildar.

Annað

Verið er að vinna í uppfærslum á einstaka námsgreinum, framvinduflæði og skipti á milli áganga og uppsetningu brautarinnar í heild. Reynslan er að benda okkur á hvar þarf að leggja meiri áherslu og

hvar má draga úr. Þannig er ljóst að nemendur þurfa að fá meiri tíma í verklegar grunngreinar. Vinna er í gangi varðandi uppsetningu brautarinnar hjá okkur og horfum við þar til systurskóla okkar og annara sem kenna rafvirkjun.

Raungreinar

Fagstjóri: Ólafur Einarsson

Kennarar og áfangar	Haustönn 2022	Vorönn 2023
Brynja Valgeirsdóttir	LÍFF2EL05	LÍFF2EL05
	LAND2EL05	LAND2EL05
Ester Ýr Jónsdóttir	UMHV2UU05	
		EFNA3CL05
Jón Grétar Hafsteinsson	EFNA2AE05	EFNA2AE05
	EFNA3BB05	
	NÆRI2AA05	NÆRI2AA05
		STÆR1BB05
	STÆR1AA05	
Ólafur Einarsson	LÍFF2EL05	LÍFF2EL05
	LÍFE2LN05	LÍFE2LN05
	JARÐ2JÍ05	JARÐ2JÍ05
		LÍFF3LDÝ05
Sölvi Snær Jökulsson		STJÖ2AS05
Thelma María Marínósdóttir	EÐLI2GR05	EÐLI2GR05
		EÐLI3VB05

Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu

Kennsla var með hefðbundnum hætti í náttúrufræðigreinum þetta skólaárið. Farsótt eða óveður höfðu lítil áhrif þennan veturinn sem er andstætt því sem var á síðustu tveimur árum.

Í Umhverfisfræði (UMHV2UU05) gerði Ester Ýr Jónsdóttir tilraun með vægi námsmats í lok annar þar sem tekin var tími og farið sameiginlega yfir vægi einstakra verkefna og þeim var gefið sanngjarnt og eðlilegt vægi (breytt frá því sem upphaflega var lagt upp með) í samræmi við umfang og kröfur. Þetta

fannst nemendum mjög gott og höfðu á orði að þau eru alla jafna ekki höfð með í ráðum þegar kemur að námsmati.

Lífræn efnafræði (EFNA3CL05) var kennd í fyrsta skipti í langan tíma. Það sama á við lífrænu efnafræðina og aðra framhaldsáfangi á þriðja þrepi í náttúrufræðigreinum að þeir eru sjaldan kenndir eftir að þriggja ára kerfi var tekið upp. Sérstakur undirbúningstími var fyrir flókna verklega æfingu í lífrænni efnafræði. Það var gert til að framkvæmdin gengi vel fyrir sig svo nemendur næðu að klára æfinguna á 110 mín. Undirbúningurinn fólst í því að þau fóru í gegnum verklýsinguna skref fyrir skref án efna og áhalda. Þau tíndu svo til áhöld og tæki, þrifu þau og höfðu klár fyrir næsta tíma, þá var æfingin framkvæmd með efnum. Þetta tókst mjög vel og það var augljós munur á færni og öryggi nemenda eftir því hvort þau fengu þennan undirbúning eða ekki.

Í eðlisfræði var notast við eigið námsefni sem þýtt hefur verið frá ensku á íslensku.

Námsmat - símat/lokapróf - mat á námsmatsaðferðum

Símat var í líffræðigreinum (almennri líffræði (LÍFF2EL05), lífeðlisfræði (LÍFE2LN05) og dýrafræði (LÍFF3DÝ05), umhverfisfræði (UMHV2UU05), lífrænni efnafræði (EFNA3CL05), jarðfræði (JARÐ2JÍ05) stjörnufræði (STJÖ2AS05).

Lokapróf var í EFNA2AE05, EFNA3BB05 og NÆRI2AA05. Vægi lokaprófs var 55% í efna- og næringarfræðiáfanganum var það 70 – 80 %.

Námskeið og ráðstefnur sem kennarar hafa sótt

Thelma María Marínósdóttir sótti stærðfræði námskeið við Arizona State University í Phoenix Bandaríkjunum.

Ester Ýr Jónsdóttir sótti ráðstefnuna „Með gleðina að leiðarljósi: Kennarar sem leiðtogar og brautryðjendur í skapandi starfi“, þetta var ágústráðstefna áhugfólks um skólaþróun, sem var haldin í Stapaskóla í Reykjanesbæ. Hún var sótti námskeiðið „Leiðsagnarnám og námskraftur í framhaldsskólum“. Menntafléttunámskeið skólaárið 2022-23. Fagþróunarsjóður FSu, veitti styrk til undirbúnings námsmáttáttarinnar í FSu sem mun fara formlega af stað í upphafi skólaárs 2023-24. Tók þátt í verkefninu Sustainable Community for Sustainable Schools (SC4SS). Nordplus Junior verkefni skólaárið 2022-23 og haustið 2023. Í því fólst „Starfsspeglun“ í Eistlandi í október í Litháen í apríl. Sótti einnig loftslagsvernd í verki sem var sjö vikna námskeið á vegum Landverndar, á tímabilinu 27.10 – 8.12.2022.

Ester Ýr Jónsdóttir og Ólafur Einarsson sóttu ráðstefna um menntun í náttúruvísindum sem var haldin í FSu og Stekkjaskóla á Selfossi dagana 14.-15. apríl.

Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu

Keypt var sólarísía á stjörnusjónaukann til að nýta í verklega kennslu í stjörnufræði.

Í eðlisfræði voru námsgögn þýdd og unnin af kennara þar sem það þykir henta betur en sá bókakostur sem til er á íslensku. Sjá umfjöllun hér að ofan um lífræna efnafræði og umhverfisfræði.

Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir

Mögulega þarf kaupa á ný áhöld/græjur fyrir eðlisfræðina. Sum eru óvirk eða ónýtt.

Huga þarf að endurhönnun verklegrar aðstöðu í líffræðistofunni og það á líklega við allar náttúrufræðistofurnar. Í líffræðistofunni er ekki gott hvernig nemendur þurfa að standa yfir smásjám/víðsjám þar sem er megin hluti verklegu aðstöðunnar. Þau þurfa að geta setið almennilega við þetta. Sérstaklega er þetta slæmt fyrir þá nemendur sem eru hávaxnir. Þrengsli í verklegu aðstöðunni eru mikil, þegar 12-14 nemendur (sem er hámarksfjöldi nemenda í verklegu) er vart hægt að komast á milli nemenda þegar setið er við tæki við glugga og staðið við tæki í miðrými stofunnar.

Annað

Ester flutti erindi á ráðstefnunni „Menntun og fagmennska kennara: Fjárfesting til framtíðar?“. Erindi haldið á fundi skólamálaráðs KÍ 30. mars og samnefnd grein birtist svo í Skólavörðunni í styttri útgáfu (1. tbl. 2023).

Í stjörnufræði (STJÖ2AS05) var farið í stjörnuskoðun eins og á síðasta skólaári og gekk hún vel. Mæting var góð og nemendur gátu tekið myndir og greint stjarnfræðileg fyrirbæri með stjörnusjónauka sem skólinn fjárfesti í. Sólin var einnig skoðuð með sólarínu sem var útveguð fyrir áfangann og tókst sú skoðun mjög vel.

Þann 21. apríl var farið í hina hefðbundnu jarðfræðiferð, en einnig var farið í svona ferð á haustdögum. Þá var mæting slöpp í ferðina og nú mættu einungis átta af 17 skráðum nemendum í ferðina. Það er mjög slæmt þar sem þetta er nauðsynlegur hluti af náminu og veitir þeim miklu betri innsýn í hin ýmsu jarðfræðilegu fyrirbæri sem eru að finna á Íslandi.



Nemendur í jarðfræði við nýja hraunið í Nátthaga við Langahrygg, Reykjanesskaga, þann 21. apríl 2023. Ljós. Ólafur Einarsson.

Aðeins var byrjað á því að taka til og fara yfir tæki og tól í raungreinageymslu. Það verkefni þarf að klára. Steinasafn er enn í ólestri og þarf að fara yfir það, skipuleggja, greina og merkja sýni.

Ólafur Einarsson og Ágústa Ragnarsdóttir höfðu umsjón með umhverfisnefnd (FUND1UN01) Grænánaverkefnisins en Grænánaverkefnið er alþjóðlegt umhverfismenntaverkefni sem stuðlar að menntun til sjálfbærni. Landvernd hefur umsjón og heldur utan um verkefnið á Íslandi. Þess má geta að UNESCO telur Grænánaverkefnið vera helsta innleiðingartæki menntunar til sjálfbærni í heiminum. Fulltrúar nemenda í umhverfisnefnd Grænánans á haustönn voru Gabríel Máni Martinsson, Hanna Tara Björnsdóttir, Íris Birgisdóttir, Ísar Máni Sigurjónsson og Svanlaug Halla Baldursdóttir. Á vorönn voru í nefndinni Axel Sturla Grétarsson, Gabríel Máni Martinsson, Íris Birgisdóttir, Ísar Máni Sigurjónsson, Sírý Fjóla Þórarinsdóttir og Svanlaug Halla Baldursdóttir. Grænánanefndin hittist í hádeginu einu sinni í viku og einnig í fundargati ef þörf er á. Þemað sem unnið var með þetta tímabil var loftslagsbreytingar/samgöngur og vistheimt (<https://landvernd.is/graenfaninn-themu/>). Grænánáuttekkt á vegum Landverndar var í lok vorannar og hefur skólinn nú fengið Grænánann öðru sinni.



Nemendur í jarðfræðiferð þann 21. apríl 2023 skoða hraundrýli við Suðurlandsveg, svokölluð Tröllabörn í Lækjarbotnum, sem eru friðlýst náttúruvætti. Þúsundir Íslendinga og ferðamenn aka

þarna framhjá á degi hverjum án þess að skoða þessi merku jarðfræðifyrirkæri. Ljósni. Ólafur Einarsson.

Ólafur Einarsson vann að ásamt Jóhanni Óla Hilmarssyni að vef um fjörulífverur. Vefurinn var opnaður nú á vordögum (<https://fjorulif.johannoli.is/>). Vefurinn er ekki fullmótaður og á m.a. eftir að vinna útbreiðslukort fyrir þær lífverur sem fjallað er um. Í framhaldinu verður unnið að bók um fjörulífverur. Vefurinn og bókin munu nýtast nemendum og kennurum á grunnskóla- og framhaldsskólastigi ásamt almenningi.

Stærðfræði

Fagstjóri: Guðbjörg Helga Guðmundsdóttir

Kennarar og áfangar	Haustönn 2022	Vorönn 2023
Guðbjörg Helga Guðmundsdóttir	STÆR1AA05 STÆR1RX05 STÆR2TL05 STÆR2VF05 STÆR2PT05	STÆR1RX05 STÆR2TL05 STÆR2PT05 STÆR3TL05
Ingvar Bjarnason	STÆR2HV05	
Ingunn Helgadóttir	STÆR1AA05 STÆR1RX05	STÆR1RX05
Jón Grétar Hafsteinsson	STÆR1AA05	STÆR1BB05
Kjartan Ólason	STÆR1AJ05 STÆR2RU05 STÆR2VF05	STÆR2RU05 STÆR2VF05
Kristjana Sigríður Skúladóttir	STÆR1AJ05 STÆR2TL05	STÆR1AJ05 STÆR2TL05
Magnús Másson	STÆR2RU05 STÆR2HV05	STÆR2RU05 STÆR2HV05
Renata Lis	STÆR2AR05 STÆR2AF05 STÆR3FD05 STÆR3HD05	STÆR2AF05 STÆR3FD05 STÆR3HD05 STÆR3TD05

Sölvi Snær Jökulsson		STÆR1BB05
Ægir Sigurðsson	STÆR1AJ05 STÆR2AR05	STÆR2UR05 STÆR1AJ05 STÆR2AF05

Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu

Þetta skólaár var alveg laust við takmarkanir vegna heimsfaraldursins, svo við erum loksins aftur að komast í eðlilega staðkennslu. Við lærðum samt margt af heimsfaraldurástandinu sem við getum nýtt okkur áfram.

Á seinasta skólaári voru gerðar tilraunir með breytingar á STÆR2VF05 áfanganum með það að sjónarmiði að auka þátt viðskipta í áfanganum og færa kennslu áætlun nær áfangalýsingu. Þar hafði verið um ósamræmi að ræða sem nú hefur verið lagað. Þessi breyting var betur tryggð í sessi á skólaárinu og viðskiptaþátturinn sem snýr nú að mestu leiti að vöxtum og verðbólgu verður áfram þróaður innan áfangans. Þessi breyting höfðar betur til nemenda og ekki er vanþörf á skilningi á þessum hugtökum á tímum tíðra stýrivaxtahækkana og mikillar verðbólgu.

Í haust kom Sölvi Snær Jökulsson til okkar sem kennaranemi í stærðfræði en hann er í mastersnámi í kennsluréttindum en hefur áður lokið BS prófi í efnaverkfræði. Eftir áramótin var hann svo einnig með stundakennslu í stærðfræði og stjörnufræði við FSu.

Gerðar voru tilraunir í áföngunum STÆR2TL05 og STÆR2PT05 með forritunarverkefni í tengslum við menntafléttu Háskóla Íslands.

Námsmat - símat/lokapróf - mat á námsmatsaðferðum

Í flestum áföngum eru þrjár til fjórar lotur sem nemendur þurfa að ná með ákveðnum einkunum til að geta sleppt lokaprófi. Þetta hefur reynst vel og krefur nemendur um jafna og skipulagða vinnu yfir önnina. Mikil umræða hefur verið um lokapróf og var dönskudeildin farin að taka upp lokapróf í öllum áföngum. Gerð var tilraun með að senda alla í lokapróf í áfanganum STÆR2HV05 á skólaárinu. Einkunnir nemenda komu álíka vel út og venjulega í þessu kerfi. Kennararnir geta nefnt kosti og galla við þetta fyrirkomulag en það verður rætt betur í haust hvort áfanginn verði áfram með lokapróf fyrir alla eða ekki.

Námskeið sem kennarar hafa sótt

Guðbjörg Helga og Kristjana Sigríður tóku þátt í menntafléttunni „Stærðfræði og forritun í framhaldsskóla“. Menntafléttan tók yfir allt skólaárið og byggðist á leiðsögn frá háskólakennara og umræðum meðal þátttakenda í fimm námslotum og svo gerðum við tilraunir með forritun í okkar stærðfræðikennslu inn á milli námslota. Verkefnið var kynnt fyrir kennurum hér á kennarafundum og einnig voru GHG og KSS með vinnustofu á námstefnu Flatar í Borgarfirði í tengslum við menntafléttuna.

Að sjálfsgöðu tóku þær einnig fullan þátt í námstefnunni að öðru leiti sem var mjög áhugaverð og skemmtileg og ekki spillti að það var 30 ára afmæli Flatar.

Ingunn Helgadóttir og Guðbjörg Helga sóttu námskeið um project based learning á Tenerife í dimbilviku og fengu til þess styrk frá Erasmus. Það fjallar um heildstæða verkefnavinnu með samþættingu námsgreina. Það væri gaman að vinna að slíkum verkefnum á „þemadögum“ eða mynda bandalag við aðrar námsgreinar yfir ákveðið tímabil eins og stundum hefur verið gert.

Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu

Ákveðið var að taka upp nýtt kennsluefni í áföngunum STÆR1AJ05 og STÆR2RU05. Við breyttum aðeins um námsefni í STÆR1AJ05 á haustönninni en þá tók bókin Stærðfræði 1 eftir Gísli Backman og Helgu Björnsdóttur við af STÆ 103 BÓK Jóns Þorvarðarsonar. Eftir áramótin skiptum við einnig um bók í STÆR2RU05 en þar kom bókin SKO – Horna og rúmfræði eftir Hilmar Friðjónsson og Kjartan Heiðberg inn í stað STÆ103 bókarinnar. Kennarar eru sáttir við breytinguna og verður áfram boðið upp á sama námsefni á næsta skólaári. Annað námsefni var óbreytt.

Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs

Í vor væri gaman að ef fyrsti fundur stærðfræðikennara fjallaði um „hugsandi kennslustofu“ og leiðir til að gera tilraunir með að koma þessari hugmyndafræði betur inn í áfangana okkar.

Við þurfum að passa mjög vel orðalag í kennsluáætlunum sérstaklega ef um er að ræða kröfur til að geta sleppt lokaprófi. Til dæmis ef það þarf að „ná“ öllum lotuprófum, að tilgreina hvaða einkunn það er sem sker úr um hvort nemandi „nær“. Hugmyndir voru uppi um að gera kennsluáætlanir frekar á vorin en haustin og væri það líklega langbest þar sem því er við komið.

Mikilvægt er að halda áfram að vinna með gróskuhugarfarið, sérstaklega í byrjunar og hægferðaráföngum.

Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir

Stærðfræðikennarar væru ánægðir með að fá fleiri tússtöflur á veggina í stærðfræði-kennslustofur til að geta unnið með „hugsandi kennslustofu“ þar sem nemendur vinna standandi í þriggja manna hópum og allir hafa aðgang að tússtöflu/glugga. Tveir kennarar, Kristjana og Sölvi, eru einmitt skráð á sumarnámskeið um „hugsandi kennslustofu“ núna í júní.

Á haustönn voru veikindi kennara til þess að aðrir kennarar þurftu að bæta á sig meiri kennslu. Sumum fannst að skólinn þyrfti að hafa tiltæka „forfallakennara“ hvort sem það er raunhæft eða ekki.

Annað

Stærðfræðideildin hefur átt í heilmiklu samstarfi og samtali við aðra utan skólans sem er alveg bráðnauðsynlegt til viðhalds og menntunar. Auk þess að vera með kennaranema höfum við fengið erlenda kennara í áheyrn til okkar og það frá mörgum löndum. Guðbjörg Helga fór einnig til Kaunas í Litháen til að fylgjast með kennslu þar. Við funduðum með grunnskólum á Suðurlandi en Kristjana stýrði þeim fundi þar sem GHG var með covid-19. Sá fundur þótti mjög góður. Þrískólafundur var að þessu sinni haldinn á Akranesi og þar fengum við tíma með stærðfræðikennurum sem er okkur dýrmætur. Á Akranesi hafa kennarar verið að prófa sig áfram með „hugsandi kennslustofu“ þau voru ekki að flækja það heldur notuðu verkefni úr kennslubókinni og fannst það koma mjög vel út.

Vélvirkjun

Fagstjóri: Borgþór Helgason

Kennarar og áfangar	Haustönn 2022	Vorönn 2023
Borgþór Helgason	TSVÉ2GV05 IÐNT2MI05 STÝT3GR05 HVMÁ3NH05	EFRÆMI05T TÉSVÉ3TV05 HLGS2TI05 IÐNT3ML05

Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu

Verkefni í CNC áfanganum var breytt og smíðaður var loftmótor sem reyndist vel. Einnig var bætt við verkefnum á cnc rennibekk.

Námsmat - símat/lokapróf - mat á námsmatsaðferðum

BH símat sem tókst vel.

Námskeið sem kennarar hafa sótt

Námskeið í Inventor, Skeleton teikning , hjá iðnunni. Iðntölvustýringar námskeið hjá Iðunni fræðslusetur.

Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs

Það mætti gera örlitlar lagfæringar á vélvirkjabrautinni. Breyta IÐNT2VB04 áfanganum í 5 eininga áfanga svo að nemendur fái sambærilegt kennslumagn á viku eins og er í Tækniskólanum. Styttu mætti Logsuðuáfangann niður í 3 einingar og fá í staðinn áfanga í rafmóturum RRVV2RS05 og áfangann RAFL1GA03 í raflögnum. Það kæmi í staðin fyrir þær 3 einingar sem dattu niður 3 við breytingu á vélvirkjabrautinni sem var ekki nógu gott fyrir nemendur.

Bókasafn

Forstöðumaður bókasafns: Elín Kristbjörg Guðbrandsdóttir

Starfsfólk:

Starfsmenn bókasafnsins eru þrír. Elín Kristbjörg Guðbrandsdóttir, forstöðumaður var í 100% stöðu, Guðrún Þórðardóttir, bókasafns- og upplýsingafræðingur í 70% stöðu og Ingveldur Jónsdóttir bókavörður í 60% stöðu frá áramótum. Guðrún annast bókasafn Garðyrkjuskólans á Reykjum en vinnur að jafnaði tvo daga í viku við bókasafn FSu. Auk þess er hún persónuverndarfulltrúi skólans.

Opnunartími:

Opnunartími safnsins er frá 8:00-16:00 mánudaga til fimmtudaga. Á föstudögum er opið til kl. 14:30.

Útlán:

Útlán eru færð á fjóra vegu: í fyrsta lagi í útlánaþátt bókasafnskerfisins Gegnis, í öðru lagi eru skammtímalán innan skólans handskráð og talin eftir hvern dag, í þriðja lagi eru fartölvuútlán skráð á sérstakt blað sem nemendur undirrita og í fjórða lagi eru tvær bækur í afgreiðslu sem útlán eru handfærð í. Önnur bókin er á afgreiðsluborði og þar skrá notendur safnsins útlán sín sjálfir þegar starfsmenn eru fjarri og í hina bókina eru handfærð útlán á safnefni eftir atvikum.

Lán innan skólans eru aðallega á útlán á kennsluefni og fartölvum í eina kennslustund.

Útlán:	Haut 2022	Vor 2023	Samtals:
Í Gegni	708	809	1517
Í bók	39	25	64
Innan skólans	1735	1444	3179
Fartölvuútlán	1192	1165	2357
SAMTALS:	3674	3443	7117

Millisafnalán:

Millisafnalán voru alls 36 talsins á skólaárinu. Þau voru fengin frá 11 bókasöfnum, bæði almennings-, framhaldsskóla- og háskólasöfnum. Eins og fyrri ár var mest fengið að láni frá Bókasafni Árborgar, alls 18 bækur.

Millisafnalán frá:	Hautönn 2022	Vorönn 2023	Samtals:
Bækur frá söfnum	21	9	30
Tímarit		1	1
Mynddiskar frá söfnum	2	1	3
SAMTALS:	23	11	34

Millisafnalán til:	Hautönn 2022	Vorönn 2023	Samtals:
Bækur til safna		2	2
SAMTALS:		2	2

Gegnir:

Bókasafn Fjölbrotaskóla Suðurlands er aðildarsafn að Gegni, samskrá íslenskra bókasafna. Nánast allt efni sem berst á safnið er skráð og tengt í Gegni. Einstaka tímarit og fréttabréf sem berast stopult eru skráð í excel-skjal inn á OneDrive í Office 365.

Kostnaður við þátttöku í Gegni var kr. 431.664 á árinu 2022 eða kr. 35.972 á mánuði. Skólinn greiðir fyrir alla mánuði ársins.

Nýtt bókasafnskerfi var tekið í notkun í júní 2022, bókasafnskerfið Alma (nýi Gegnir). Alma er veflægt bókasafnskerfi sem mikil reynsla er komin á, um er að ræða skýjalausnir sem hýstar eru í gagnaveri Ex Libris í Amsterdam. Yfirfærsla á gögnum úr eldra bókasafnskerfinu (Gegni) gekk að óskum. Það var vissulega krefjandi að hefja nýtt skólaár á að læra á nýtt bókasafnskerfi, tileinka sér ný vinnubrögð og nýja hugsun varðandi skipulag safnkostsins. Landskerfi bókasafna bauð upp á fjöldann allan af námskeiðum á Teams sem starfsfólk bókasafnsins var duglegt að nýta sér. Vissulega tók tíma að læra á nýtt kerfi en með jákvæðni og þolinmæði að leiðarljósi varð lærdómsferlið svo miklu auðveldara.

Gagnasöfn:

Landsaðgangurinn á hvar.is felur í sér aðgengi allra sem tengjast netinu um íslenskar netveitur að tímaritsgreinum tæplega 19 þús. tímarita og þar af eru um 5.800 beint frá útgefendum.

Framhaldsskólarnir hafa auk almenningsbókasafna, háskólabókasafna, stjórnsýslusafna, fyrirtækja og samtaka tekið þátt í kostnaði við landsaðgang að rafrænum gagnasöfnum og tímaritum á vefnum hvar.is. Greiðsluupphæð miðast við fjölda ársnema. Á árinu 2022 greiddi FSu kr. 117.124.

Framhaldsskólar greiða fyrir Encyclopedia Britannica, ProQuest Central gagnasafnið og Web of Science.

Veforðabækur Snöru eru opnar á skólanetinu og eru þær mikið notaðar af nemendum og kennurum. Kennurum og starfsfólki skólans býðst heimaaðgangur að Snöru og eru fjölmargir sem nýta sér hann.

Greinasafn Morgunblaðsins er opið á skólanetinu á starfstíma skólans en lokað er fyrir aðgang yfir sumarmánuðina. Í gegnum þennan aðgang er hægt að komast í allt efni Morgunblaðsins frá deginum í dag og aftur í tímann. Í kaupbæti fær skólinn pappírseintak af blaðinu.

Elín hefur verið umsjónarmaður í FSu fyrir Turnitin frá því kerfið var tekið í notkun í apríl 2018. Í nóvember 2022 tók Þuríður Magnúsína Björnsdóttur, íslenskukennari við keflinu og annast nú umsjón með Turnitin.

Safnfræðsla:

Nýnemadagur var haldinn 17. ágúst. Alls komu 12 hópar nýnema og fengu þeir stutta kynningu á safninu og þjónustu þess.

Á haustönn fengu nemendur í FÉLA1SA05 kynningu á safninu, safnkosti og þeirri þjónustu sem í boði er. Bókasafnskerfið Gegnir er kynnt fyrir þeim og þeim sýnt hvernig hægt er að leita eingöngu að safnefni í FSu. Einnig er þeim kynnt heimasíða bókasafnsins og vefurinn timarit.is. Í lok tímans unnu nemendur saman tveir og tveir verkefni á safninu sem þjálfar þá m.a. í að finna heimildir á leitir.is

Nemendur í heimildaritun í íslensku ÍSLE3HR05 fengu kynningar í byrjun haust- og vorannar. Mikil áhersla er lögð á notkun leitir.is við heimildaleitir og að nemendur séu sjálfbjarga með að finna efni. Þeim eru kenndar ýmsar leitaraðferðir á vefnum. Einnig er vefurinn timarit.is kynntur sem og Google Scholar. Fjallað er um upplýsingalæsi og mikilvægi þess að vitna rétt í heimildir.

Talsverð verkefnavinna á safninu var lögð fyrir af kennurum og voru þá teknar saman heimildir fyrir þau verkefni, svo sem verkefni í lífeðlisfræði og jarðfræði. Teknar voru saman ævisögur fyrir söguáfangann SAGA3MS05 þar sem nemendur völdu sér ævisögur og unnu samantekt. Í áfanganum SAGA2YA05 báru nemendur saman mismunandi ritaðar heimildir sem fjölluðu um Kalda stríðið.

Skráning:

Skráning og skipulagning safnkosts er stór þáttur í daglegu starfi á bókasafninu. Nýtt safnefni er skráð eins fljótt og mögulegt er, en eldra efni eftir því sem tími vinnst til. Í september sameinaðist safnkostur Garðyrkjustólans bókasafni FSu og bættust þá ríflega 2.000 bækur við, auk tímarita. Á skólaárinu var afskrifað töluvert af dönskum skáldsögum. Grisjun á skólasöfnum er óhjákvæmileg, hún skapar pláss fyrir endurnýjun safnkostsins sem þarf ávallt að vera í takt við þarfir nemenda og skólasamfélagsins.

Tímarit:

Bókasafnið er með fasta áskrift að 35 tímaritum og einu dagblaði. Eldri tímarit eru geymd í geymslu í kjallara en þau nýrri í gryfju bókasafnsins. Á heimasíðu bókasafnsins er að finna lista yfir tímaritaeign safnsins og vefslóðir þeirra tímarita sem eru aðgengileg á rafrænu formi.

Gjafir:

Á skólaárinu bærust bókasafninu að gjöf 12 bækur. Gefendur voru aðallega starfsmenn skólans, auk nokkurra einstaklinga og eru þeim færðar þakkir fyrir hlýhug í garð bókasafnsins.

Safnið áskilur sér rétt til að taka við gjöfum án kvaða og ráðstafa þeim eins og hentar best notendum og starfsemi.

Aðföng og skráning 2022-2023:

Aðföng	Haustönn 2022	Vorönn 2023	Samtals
Bækur	187	136	323
Mynddiskar (DVD)		53	53
Spil	7		7
SAMTALS	194	189	383

Skráður safnkostur bókasafns FSu:

Bækur og nýsigögn (eintakafjöldi)	Maí 2022	Aðföng haust 2022	Uppfærður eintakafjöldi skv. Gegni í árslok 2022	Afskr. á skóla- árinu	Aðföng vor 2023	Maí 2023
Bækur	16.428	187	18.515	182	136	18.656
Nótur	48		48			48
Myndbönd	72		70	2		68
Mynddiskar (DVD)	577		577		53	630
Mynddiskar (Blu-ray)	13		13			13
Hljómplötur	10		10			10
Geisladiskar (tónlist)	87		74	1		73
Geisladiskar (hljóðbækur)	165		165			165
MP3 hljóðbækur	9		9			9
Snældur	5		4			4
Margmiðl.diskar (tölvugögn)	27		27			27
Skyggjur og glærur	1		1			1
Leikjakassar og spil	101	7	101			108
Möppur	1		1			1
Gagnasett	6		6			6
Kort	28		28			28
SAMTALS	17.578	194	19.649	185	189	19.847

Rekstrarkostnaður 2022:

Bækur	1.098.596
Tímarit og blöð	158.760
Spil vegna íslenskukennslu	26.025
Kostnaður vegna Gagnis, landskerfis bókasafna	431.664
Landsaðgangur að gagnasöfnum	117.124
Snara, veforðabækur	140.000
Greinasafn Morgunblaðsins	47.379
Styrkur til faglegs starfs bókasafns- og uppl.fræðinga í frh.skólum	20.000
Bókaplast	51.370
Leturborðar fyrir merkivél	4.567
Prenthylki	8.288
Ljós í gryfju	42.090
Skrifstofubúnaður	3.995
Opinber gjöld	11.161
Dráttarvextir	<u>3</u>
	2.161.022

Tæki og búnaður:

Á bókasafni FSu eru 10 borðtölvur, skanni, tveir laserprentarar: lita laserprentari (af gerðinni Canon i-SENSYS LBP673Cdw) og laserprentari af gerðinni HP LaserJet Managed MFP E52645, skrifari fyrir CD og DVD er í tölvu í kjallara, lítið stafrænt upptökutæki, sjónvarp, myndbandstæki, DVD-spilari, þrír litlir DVD-spilarar (lánaðir í kennslustundir), ritvél, leturvél, vífta og sími.

Í desember voru sett ný ljós í gryfjuna á bókasafninu sem hægt er að deyfa eða auka eftir þörfum. Þau eru með orkusparandi LED þerum. Aðgengi allra nemenda að bókasafninu var stórbætt núna í vor eftir að rafbúnaður var settur á hurð bókasafnsins við miðrymi.

Alls eru ellefu fartölvur lánaðar nemendum í kennslustundir. Þær eru allar af gerðinni DELL Latitude. Útlán á þeim voru samtals 2357 á skólaárinu.

Vinnuaðstaða:

Vinnuaðstaða starfsmanna í FSu samanstendur annars vegar af afgreiðslurými og hins vegar af vinnurými inn af afgreiðslu. Við hringstigann eru tveir laser prentarar sem nemendur og starfsmenn hafa aðgang að, annar þeirra lita laserprentari. Geisladiskar og hljóðbækur eru staðsettar í hillum við afgreiðslu.

Í vinnurými inn af afgreiðslu er vinnuaðstaða til skráningar og annarrar undirbúningsvinnu. Þar er úrklippusafn sem inniheldur aðallega bæklinga og ýmislegt fræðsluefni. Í vinnurýminu eru geymdar kvikmyndir og kennslubækur sem kenndar eru hverju sinni, auk þess sem fartölvur eru geymdar þar og hægt að hlaða þær milli útlána.

Í minni geymslunni í kjallaranum er sjónvarp, myndbandstæki og DVD spilari sem nýtist m.a. við yfirfærslu myndefnis af myndböndum yfir á mynddiska. Í hópinnuaðstöðu í kjallaranum er tölva sem er aðallega notuð til skönnunar og til að skrifa mynd- og hljóðdiska. Í kjallaranum er auk þess stærri geymsla fyrir bækur og eldri tímarit.

Í Garðyrkjuskólanum er vinnuaðstaða bókasafnsfræðings á skrifstofu skólans. Bókasafn Garðyrkjuskólans er á 2. hæð í aðalbyggingu og allur safnkostur sérhæfður á sviði garðyrkju.

Fundur, námskeið og ráðstefnur:

Elín, forstöðumaður safnsins sótti kennara- og starfsmannafundi á skólaárinu og fundi með stýrihópi um upplýsingatækni sem haldnir eru á tveggja til þriggja vikna fresti.

Elín fór á málþing Upplýsingar sem haldið var 18. nóvember í Stakkahlíð, húsi Menntavísindasviðs HÍ. Yfirskrift málþingsins var bókasafn framtíðarinnar.

Samstarfshópur bókasafnsfræðinga í framhaldsskólum (SBF) fundar reglulega yfir vetrartímann. Fyrsti fundur skólaársins var haldinn í Tækniskólanum í Hafnarfirði 3. október og mættu Elín og Guðrún báðar á hann. Jólafundurinn var haldinn í MK 15. desember en sökum óviðráðanlegra aðstæðna gátu hvorki Elín né Guðrún sótt hann. En þær mættu báðar á næsta fund í Verzlunarskóla Íslands þann 30. mars. Vorfundurinn var haldinn 22. maí í Menntaskólanum að Laugarvatni. Luis Felipe Torres Meza, enskukennari við FSu, fjallaði um gervigreind (artificial intelligence) á fundinum en það málefni er orðið mjög knýjandi í skólastarfi með tilkomu gervigreindar forritsins ChatGPT. Framhaldsskólarnir styrkja faglegt starf samstarfshópsins með því að greiða 10.000 kr. árgjald fyrir hvern starfandi bókasafns- og upplýsingafræðing. Elín er gjaldkeri hópsins.

Guðrún fór á námskeið hjá Endurmenntun HÍ um persónuvernd dagana 9. og 10. maí. Á námskeiðinu var fjallað um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga með hliðsjón af Evrópulögum um persónuvernd.

Elín sótti málþingið Grósku, sem haldið var af Upplýsingu, Alefli (notendafélagi Gegnis) og Landskerfi bókasafna í Háskólanum í Reykjavík 25. maí. Mörg áhugaverð erindi voru á málþinginu, m.a. kynning á starfi Bókasafnaráðs; rætt um bókfræðigrunn Gegnis og brýna þörf á að endurvekja samráð um skráningu en það hefur legið í dvala meðan innleiðing á nýju bókasafnskerfi stóð yfir.

Hópur skjalastjóra í framhaldsskólum heldur úti póstlista og virkri umræðu inn á Teams. Hópurinn fundaði á Teams þann 12. desember.

Elín sótti nokkra fyrirlestra í streymi hjá Félagi um skjalastjórn á skólaárinu. Þann 18. október fjallaði Einar Gunnar Thoroddsen frá fjármála- og efnahagsráðuneytinu um nýútgefnar leiðbeiningar stjórnvalda um öryggisflokkun gagna íslenska ríkisins, flokkun sem tekur til allra gagna sem ríkisaðilar safna, vista, vinna með, búa til og gera aðgengileg. Þær Ásdís Káradóttir og Selma Grétarsdóttir, skjala- og gæðastjórar hjá Póstinum fjölluðu um tengsl skjala- og gæðastjórnar á fræðslufundi 15. nóvember. Upplýsingastjórnun var til umfjöllunar á fundi 15. febrúar en þá fjallaði Gunnhildur Lilja Sigmundsdóttir, ráðgjafi hjá Spekra, um undirstöðuatriði og ferli upplýsingarstjórnunar, af hverju hún skiptir máli og hverju er gott að huga að við innleiðingu hennar.

Elín nýtti sér námskeið um skjalavörslu og skjalastjórn afhendingarskyldra aðila sem Þjóðskjalasafn Íslands stendur fyrir. Öll námskeiðin voru kennd í gegnum Teams, mjög fróðleg og vel fram sett. Vorráðstefna Þjóðskjalasafns var haldin 16. maí og fylgdist Elín með henni í streymi. Aðalfyrirlesari ráðstefnunnar var kanadíska fræðikonan Laura Millar og kallaðist fyrirlestur hennar Half-told tales, facts, evidence, and the search for truth. Hún hefur starfað í nærri 40 ár á sviði skjala- og upplýsingastjórnunar og gefið út fjölda bóka um skjalavörslu og skjalastjórn.

Fyrsti fundur starfsfólks á skólasöfnum á Suðurlandi var haldinn í FSu 15. mars, fundarmenn voru tólf talsins frá tíu skólum. Tilgangur fundarins var að efla samvinnu og skapa tengsl á milli starfsfólks safnanna. Elísa Elíasdóttir, forstöðumaður Héraðsbókasafns Rangæinga sagði frá safninu og samstarfsverkefninu ‚Vettvangur sköpunar‘ með Borgarbókasafni. Hrönn Sigurðardóttir sagði frá fyrirkomulagi um lán á bókum og bekkjarsettum milli skóla. Guðrún Þórðardóttir, FSu leiddi sýnikennslu í aðfangabættinum í Ölmú (nýja Gegni) og Elín kynnti tölfræðiþáttinn o.fl. í kerfinu. Eftir fundinn var stofnuð Facebook síðan ‚Skólabókasöfn á Suðurlandi‘. Vonandi verður framhald á þessu samstarfi.

Elín, Ingveldur og Guðrún lögðu land undir fót og sóttu Erasmus+ námskeið í Aþenu dagana 3.-7. apríl. Námskeiðið fjallaði um upplýsinga- og miðlalæsi í skólastarfi (media information literacy in education) og var undir handleiðslu Vasilis Siochos, doktorsnema í upplýsingafræði við Ionian háskólann á Korfú. Auk upplýsingalæsis var fjallað um læsi á hina miðla nútímans, fjölmiðla, netið, tækni, auglýsingar o.fl. Skoðuð voru fimm lögmál miðla- og upplýsingalæsis sem UNESCO hefur lagt fram. Einnig var fjallað um lýsigögn (metadata) sem notuð eru skilgreina og merkja hvers kyns gögn á netinu og auðvelda aðgengi að þeim, einnig var fjallað um Web 2.0. Kennarar aðferðir við að greina falsfréttir, höfundarréttur var til umfjöllunar og í því samhengi voru samtökin Creative Commons kynnt en þau hafa beitt sér fyrir auðveldara aðgengi að fræðiefni og um leið að tryggja höfundarrétt fræðimanna á sínu efni. Námskeiðið var mjög fróðlegt og margt nýtt sem við lærðum. Það kom okkur á óvart að við þrjár vorum einu þátttakendur námskeiðsins, það hefði vissulega verið skemmtilegra að hitta kollega frá öðrum löndum og fræðast af þeim. En engu að síður voru dagarnir í Aþenu ánægjulegir og fengum við tækifæri til að skoða borgina og þá merkilegu sögu sem hún hefur að geyma.

Lokaorð:

Skólahald færðist aftur í eðlilegt horf eftir síðustu ár sem hafa markast af Covid-19 faraldrinum. Starfsemi bókasafnsins gekk vel og munaði miklu að fá Guðrúnu með sína reynslu og þekkingu til starfa. Nemendur koma mikið á safnið til að læra og vinna hópverkefni en einnig til að njóta næðis í erli dagsins. Allt samstarf við kennara var með ágætum og létu þeir vita með góðum fyrirvara af

verkefnum sem voru að fara í gang. Lögð er áhersla á að koma til móts við þeirra óskir um innkaup á efni og efla þar með safnkost.

Bragi

Skólabragur - skólaárið 2022 - 2023

Kennarar og áfangar	Haustönn 2022	Vorönn 2023
Jón Sigursteinn Gunnarsson (hópur 1)	BRAG1SA01	BRAG1SB01
Ágústa Ragnarsdóttir (2)	BRAG1SA01	BRAG1SB01
Sabína Steinunn Halldórsdóttir (3)	BRAG1SA01	BRAG1SB01
Ásdís Björg Ingvarsdóttir (4)	BRAG1SA01	BRAG1SB01
Gunnþórunn Klara Sveinsdóttir (5)	BRAG1SA01	BRAG1SB01
Erla Brimdís Birgisdóttir (6)	BRAG1SA01	BRAG1SB01
Tómas Davíð Ibsen (7)	BRAG1SA01	
Ingunn Helgadóttir (7)		BRAG1SB01
Gunnar R. Borgþórsson (8)	BRAG1SA01	
Sverrir G. Ingibjartsson (8)		BRAG1SB01
Ester Ýr Jónsdóttir (9)	BRAG1SA01	BRAG1SB01
Jón Özur Snorrason (10)	BRAG1SA01	BRAG1SB01
Sigþrúður Harðardóttir (12)	BRAG1SA01	BRAG1SB01
Þorbjörg Vilhjálmsdóttir og Halldóra Björk Gunnarsdóttir (11)	BRAG1SA01	

Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu

Bragatíminn var kenndur áfram á fimmtudögum en færður ofar í töfluna þannig að hann var í framhaldi af matartímanu (12:40-13:35). Það var mikill munur. Hafði jákvæð áhrif á mætingu, hugarfar og almennt vinnu í Braga.

Mentorar unnu með Bragahópnum á haustönninni, tveir mentorar á hvern hóp en einn Bragahópur var með einn mentor. Þetta gekk misvel. Að hluta til vegna þess að Bragastjóri var að fá mentora fram á síðustu stundu og hafði því ekki svigrúm til að gefa þeim eins mikinn tíma og þjálfun og venjulega er. Nú er nokkuð liðið síðan Mentorar voru við störf og því enginn nemandi sem tengdi sérstaklega við þetta hlutverk. Það þurfti því heilmikið að leiðbeina þeim á leiðinni og það gekk svona misvel. Mentorar voru glaðir og ánægðir og þegar auglýst var undir vorið að mentorum fyrir næsta skólaár gekk nokkuð vel að manna hlutverkin.

Upphaflega hugsunin með Mentora var að þeir ættu að fylgja nýnemum í gegnum fyrstu önnina, leiðbeina í sambandi við nám, félagslíf og annað í kerfi og starfi skólans.

Námsmat - símat/lokapróf - mat á námsmatsaðferðum

Áfanginn er símatsáfangi. Gefið er S eða F í lok annar.

Námskeið sem kennarar hafa sótt

Það kemur fram í skýrslum annarra deilda.

Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu

Eins og áður nýtum við efni á netinu og uppfært efni frá námsráðgjöfum skólans.

Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs

Haustönn 2023:

- Námsáætlun fullunnin og kynnt fyrir Bragakennurum.
- Mentorar verða á haustönn. Bragastjóri hittir mentora í upphafi haustannar og fer yfir önnina. Mentorar skipuleggja stigakeppnina í Braga í samráði við Bragastjóra. Farið yfir með mentorum hvert hlutverk þeirra er og hversu mikilvægt er að mæta og leggja sig fram.
- Nýnemaferð. Mentorar undirbúa og sjá um framkvæmd nýnemaferðar í samvinnu við Bragastjóra og nemendafélagið. NFSU verður fengið til að taka kosningu í Fulltrúa nýnema að sér - fullur vilji er til þess. Eðlilegt að nemendafélagið komi að þessari vinnu og allt sé unnið og undirbúið í samráði við Bragastjóra og yfirmentora. Nýtt nemendaráð hefur sýnt því áhuga að taka meiri þátt í nýnemaferð og undirbúningi hennar.
- Námsferill og verkefni. Byrjað verður á námsferli sem kláraður er á vorönn. Hugmyndir eru komnar um að breyta vinnu með námsferil. Hver Bragakennari kynnir fyrst brautir og fleira í sínum hópi en skiptir honum síðan í minni hópa sem vinna með kennara að námsferli. Skoða verkefni sem tengjast Innu og öðru innra starfi skólans. Hvað nýtist nemendum best.
- Lokahátíð Braga verður í salnum með mentorum (kahoot eða annað). Þar eru úrslit stigakeppni Mentoranna tilkynnt og verðlaun afhent.

Vorönn 2024:

Á vorönn er mest unnið með námsferil og viðtöl. Gott að kynnast nemendum betur, aðstoða þá eftir þörfum og leiðbeina varðandi námsferil. Í lok annar eiga nemendur að vera orðnir fullfærir um að

velja áfanga í aðalval og varaval. Einnig að geta skoðað og uppfært námsferil sinn eftir þörfum auk þess að geta lesið námsferil sinn á Innu.

Á þessari önn eru kennarar og nemendur í aðalhlutverki. Hér er verið að hjálpa nemendum að velja, leiðbeina varðandi nám og annað. Viðtölin skipta gríðarlega miklu máli því þar kemur oft ýmislegt í ljós, bæði sem hægt er að vísa áfram á rétta staði og einnig að hjálpa nemendum að leysa úr. Gott ef Bragakennari fylgi sínum hópi áfram því þjónustan verður betri þegar kennarar hafa kynnst nemendum sínum.

Bragaráð fyrir næsta skólaár:

Námsferill. Laga Excel skjal (uppfæra það). Fínt skjal sem hentar vel.

Þegar viðtöl og námsferill er unnið er gott að skipta nemendum upp í hópa samkvæmt þeim brautum sem þeir eru á. Þannig eru viðtöl/námsferill unninn í samræmi við það. Gafst vel og gott að nýta þessa góðu hugmynd áfram. Bragastjóri þarf að kynna þessa hugmynd fyrir Bragakennurum.

Áfangamessa og val. Passa að hafa Bragatímana skipulagða þannig að Bragakennari sé að hitta hópinn sinn fyrir áfangamessu þannig að hægt sé að skipuleggja og undirbúa þetta sem best. Það sama gildir um valið, mikilvægt að taka umræðu og undirbúning fyrir valtiðmann.

Virkja nemendur í félagslífi skólans með því að styðja NFSU og þá góðu vinnu sem þar á sér stað.

Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir

Var talað um fyrir nokkru síðan að aðskilja Káta daga og Flóafár - um að gera að hrinda því í framkvæmd.

SKOH .. er ástæða til að endurvekja þennan hóp? Hafa SKOH teymi sem heldur utanum forvarnir, skólabrag, styður við nemendur og kennara og margt fleira. Í honum ættu að vera: félagslífsfulltrúi, forvarnarfulltrúi, fagstjóri Ergó, fagstjóri Braga, jafnréttisfulltrúi, fulltrúi frá NFSU ... tenging við Reyki ... Gott að taka SKOH-púlsinn.

Skoða betur áfangamessu - það gafst ekki vel að bragakennarar væru að fylgja sínum hópum á milli staða. Nemendum fækkaði eftir því sem leið á „gönguna“ og voru orðnir afar fáir í lokin, valáfangar fengu ekki kynningu og kynningar á greinunum gengu ekki vel, varð kaos.

Fjarnám grunnskólanemenda

Umsjón: Kristjana Sigríður Skúladóttir

Fjölbrautaskóli Suðurlands býður nemendum 10. bekkja grunnskóla á Suðurlandi upp á fjarnám í ensku, dönsku, íslensku og stærðfræði. Fjarnámið stendur þeim til boða sem lokið hafa námsmarkmiðum 10. bekkjar í viðkomandi grein með hæfnieinkunnina B+ eða A. Þeir 15 grunnskólar sem teljast til upptökuvæðis FSu fá boð um að nýta þetta fjarnám fyrir sína nemendur.

Áfangar sem stóðu til boða á haustönn 2022 voru: ENSK2OL05, DANS2FJ05, ÍSLE2OS05. Ekki var eftirspurn eftir fjarnámi í íslensku og í stærðfræði var tekin sú ákvörðun að bjóða einungis upp á grunnáfangann STÆR2AR05 á vorönn 2023. Enskan og danskan voru því kennd á haustönn.

Á vorönn 2023, voru framhaldsáfangar í ensku og dönsku, ENSK2YL05 og DANS2ME05 kenndir auk grunnáfangans STÆR2AR05.

Á haustönn 2022 byrjaði í fjarnámi 31 nemandi frá 9 grunnskólum á Suðurlandi. Tveir nemendur hófu nám í tveimur áföngum. Í ensku byrjuðu 23 nemendur, 14 luku áfanganum, sjö hættu þegar önnin var hafin og tveir féllu á námsmati í lok annar. Í dönsku byrjuðu 10 nemendur, 9 luku áfanganum með fullnægjandi einkunn en einn hætti á önninni.

Á vorönn 2023 hófu 24 nemendur frá 6 grunnskólum á Suðurlandi fjarnám í framhaldsáföngum í ensku og dönsku og grunnáfanganum í stærðfræði. Tveir af þeim voru í tveimur áföngum. 12 nemendur hófu nám í ensku og luku 11 þeirra áfanganum, einn hætti. Í dönsku hófu 6 nemendur fjarnám, fimm luku áfanganum en einn hætti á önninni. Í stærðfræði hófu 8 nemendur nám, 6 luku áfanganum, tveir hættu.

Mikilvægt er að þeir grunnskólanemendur sem hyggjast stunda fjarnám frá FSu hafi lokið námsmarkmiðum 10. bekkjar með B+ eða A í einkunn. Að auki krefst námið sjálfsstæðra vinnubragða, sjálfsaga og skipulagshæfni og einungis þeir nemendur sem standast þessar kröfur eiga erindi í fjarnámið. Þá er nauðsynlegt að nemendur hafi góðan stuðning í grunnskólunum og að hver grunnskóli tilnefni tengilið sem hefur umsjón með náminu og er í sambandi við kennara fjarnámsins í FSu. Grunnskóli sér um að sækja um áfanga fyrir hönd nemenda. Kennarar FSu hafa umsjón með fjarnáminu og sjá um allt námsmat sem tengist áfanganum. Í áföngum með lokaprófum er prófað í grunnskólum viðkomandi nemanda og sér kennari FSu um að senda tengiliðum grunnskóla prófin sem þeir leggja svo fyrir. Þetta getur líka átt við um stöðu-/lotupróf. Úrlausn nemanda er svo send kennara FSu sem sér um námsmatið. Greitt er innritunargjald fyrir þessa nemendur sem annaðhvort sveitarfélag eða forráðamenn greiða.

Samráðsfundur FSu með grunnskólakennurum af Suðurlandi í ensku, dönsku, íslensku og stærðfræði var haldinn miðvikudaginn 15. febrúar 2023. Góð mæting var á fundinn úr grunnskólum á Suðurlandi og þátttakendur voru sammála um að fundur sem slíkur bjóði upp á nauðsynlegan vettvang til uppbyggilegs samtals og samstarfs er varða skil skólastiga, fjarnám, námsmat, kennsluaðferðir og fjölmarga aðra afar gagnlega þætti. Á fundinum var óskað eftir því af hálfu grunnskólakennara að bjóða upp á þennan samtalsvettvang fyrr á skólaárinu, eða fljótlega eftir að haustönn byrjar. Þannig er hægt að vinna betur að sameiginlegum markmiðum grunnskólans og framhaldsskólans.

Á þessu skólaári var örlítið breytt fyrirkomulag haft á fjarnámi frá FSu. Á haustönn stóðu grunnáfangarnir ENSK2OL05, DANS2FJ05 og ÍSLE2OS05 þeim nemendum til boða sem lokið höfðu hæfnimarkmiðum 10. bekkjar með B+ eða A í einkunn. Aftur á móti var grunnáfanginn í stærðfræði STÆR2AR05 einungis í boði á vorönn, þannig gafst grunnskólanemendum tækifæri til að ljúka námsmarkmiðum 10. bekkjar á haustönn en taka svo fyrsta áfanga í stærðfræði frá FSu á vorönninni. Á samráðsfundi með grunnskólakennurum voru allir sammála um að þetta fyrirkomulag hafi gefist vel og mun þess vegna verða endurtekið næsta vetur. Nú er þess einnig krafist að til að nemandi eigi þess kost að halda áfram í framhaldsáfanga á vorönn þurfi hann að standast grunnáfanga með a.m.k. 8 í einkunn.

Flóafár 2022

Nefndin: Eva Dögg Jafetsdóttir, Óskar G. Jónsson og Tómas Davíð Ibsen Tómasson

Inngangur:

Flóafár var haldið föstudaginn 3. mars í kjölfar 2ja káttra daga. Í Flóafársnefnd voru kennararnir: Eva Dögg Jafetsdóttir, Óskar G. Jónsson og Tómas Davíð Ibsen Tómasson. Formaður íþróttaráðs Haukur Davíðsson hélt utan um undirbúninginn fyrir hönd nemenda og með honum voru tveir nemendur úr íþróttaráði við undirbúninginn en það voru Birgir Smári Bergsson og Hanna Dóra Höskuldsdóttir.

Liðin voru 5 talsins; Mexíkó: Liðsstjórar Sveinn Atli Magnússon, Davíð Ingimar Þórmundsson og Benedikt Tómasson, Fire Figthers: Liðsstjórar Sara Lind Scheving Aronardóttir, Ása Kristín Jónsdóttir og Jónína Björk Gunnarsdóttir, Love Island: Liðsstjórar Dýrleif Guðmundsdóttir og Guðrún Lilja Arnardóttir og Miðaldarbandalagið: Liðsstjórar Nóel Chareyre og Axel Sturla Grétarsson, James Bond: Liðsstjórar Elín Karlsdóttir og Heimir Karlsson.

Verkefnið gengur út á að kennarar í þörum leggja þrautir fyrir nemendur sem keppa um að leysa þrautirnar hratt og vel. Fyrir það fá liðin stig og það lið sem fær flest stig vinnur og hlýtur leirbikar. Aukalega eru veittar viðurkenningar fyrir heróp, borðlagningu, svæði, búninga, hópmynd og skemmtiatriði, auk þess sem bestu búningar kennara að mati nemenda (tískulöggur meta) hljóta viðurkenningu.

Undirbúningur fyrir Flóafár 2022:

Fyrsti fundur Flóafársnefndar var haldinn 6. Desember og haldnir voru 6 fundir fram að deginum ásamt reglulegum samskiptum á Messenger plús nokkrir örfundir sem haldnir voru til að leysa ýmis vandmál sem upp komu (sjá skjal um fundargerðir).

Kostir Flóafárs sem verkefni:

Verkefnið er heildstætt, raunverulegt, þematengt þar sem nemendur bera ábyrgð frá A-Ö, setja sig í spor ýmissa sérfræðinga, hafa samband við marga aðila úti í bæ til að leita styrkja/þjónustu, samvinna innan liðs, hugsa hlutina fram í tímann, gera verkáætlun og fylgja henni eftir, gera fjárhagsáætlun og fylgja henni eftir, annars reka þau sig á. Verkefnið er skapandi og krefst hugvitssemi. Verkefnið krefst skipulags á mannafla, tíma, svæðum, fjármunum, æfingum. Verkefnið krefst þrautseigju og dugnaðar. Verkefnið krefst samskiptahæfni, að nemendur geti leyst ágreining og tekist á innbyrðis og milli liða um hvað er „sanngjarnt“. Verkefnið reynir á samþættingu og líkist í mörgu fremur raunverulegum verkefnum sem nemendur gætu þurft að glíma við fremur en afmörkuð „þekkingarinntök“ einstakra námsgreina. Kannski er þetta verkefni það sem kemst næst því að innihalda alla grunnþættina í skólastarfinu þ.e. sköpun, lýðræði, jafnrétti, heilbrigði, sjálfbærni og læsi.

Framkvæmd á Flóafársdag 2022:

Dagurinn byrjaði með því að nemendur áttu að mæta kl.8:15 til umsjónarkennara til að láta merkja við sig á stöðum sem umsjónarkennarar áttu að vera búnir að láta nemendur sína vita af fyrirfram.

Fjögur svæði voru á fyrstu hæð (innri og ytri hluti mötuneytis og gryfjan) og eitt svæði á svölum austan megin á annarri hæð og þurftu liðin að vera búnin að undirbúa svæðin fyrir kl. 23 á fimmtudagskvöldinu. Gekk það vel. Öll liðin lögðu sig fram við að gera svæðin sín flott. Eitt lið lenti í

vandræðum með að virkja hópinn sinn og náðu ekki að fullkomna svæðið eins og það vildi þrátt fyrir að það leit vel út að endingu.

Íþróttaráðið skipti á milli sín að taka hópmyndir af liðunum um morguninn kl. 8:45 og gekk það nokkuð vel. Liðsstjórnir vissu af myndatökunum og liðsstjórnar allra liðanna voru búnir að skipuleggja uppsetningu liðsins þegar ljósmyndararnir mættu.

Liðin voru látin koma eitt og eitt í einu niður stigann á víxl vestan og hægra megin og inn í sal og stjórnaði formaður íþróttaráðs (búið var að fara yfir skipulagið með liðstjórnur fyrir og vissu allir í hvaða röð liðin ættu að koma niður, byrjað var á þeim stærstu og síðan komu hin, stóru liðinum var raðað í sitthvorn endann á salnum)

Íþróttaráð sá um upphitunardans fyrir liðin.

Formaður íþróttaráðs sá um að láta liðin fara með herópin sín og ræsa þau af stað í þrautirnar.

Áhersla var á að liðin myndu ljúka þrautunum en ekki fara sem hraðast í gegn. Liðin fóru samviskusamlega á allar stöðvar og leystu þrautirnar vel.

Viðurkenningarskjöl voru veitt fyrir besta búning starfsfólks og til þeirra liða sem hlutu sérverðlaun. Flóafársnefndin sá um að prenta verðlaunaskjölin út daginn áður og plasta þau.

Íþróttaráð var með hljóðnema og stjórnaði öllu uppi á sviði, það gekk vel.

Guðbjörg Helga og Ægir Sig. sáu um útreikninga stiganna og gerðu það af mikilli fagmennsku.

Vel gekk að ná stigamiðum úr stofum og Hamri, hjálpuðust nefndin og tveir úr íþróttaráði að.

Þegar fánaberi kom í mark setti hann fánann í stand og þar með var liðið formlega komið í mark.

Skemmtiatriði (sem í ár voru fjölbreytt – dans, söngur, leikþættir og jafnvel allt í bland) voru sýnd eftir að öll lið voru komin í mark.

Kústar, moppur og ruslaílát voru aðgengileg fyrir liðin til að þrifa eftir sig. Auka ruslatunnur skiluðu betri umgengni. Frágangur eftir Flóafárið gekk mjög vel. Öllu var lokið um kl.14:30.

Formaður íþróttaráðs sá um að panta 30 pitsur og nemendaráð borgaði.

Fire Fighters sigraði Flóafársþrautina. Ekki var gefið upp í hvaða sætum önnur lið en sigurliðið voru í.

Verðlaun fyrir besta kennarabúninginn hlaut Pelle Damby Caröe sem Batman.

Mismunandi aðilar ákváðu hverjir fengu sérverðlaun. Olga Líska og Sigursveinn völdu besta skemmtiatriðið, stuðningsfulltrúar valdi besta herópið, Flóafársnefnd valdi besta svæðið, myndina og búningana og Rósa Marta Guðnadóttir og Sigrún Þorkelsdóttir völdu bestu borðskreytinguna en þemað var „himingeimurinn“.

Kennarar sem höfðu fengið öll lið í þraut skiluðu þrautamiðum til stigavarða.

Námsráðgjafar voru saman með þraut sem hefur reynst vel því þá getur einn þeirra stokkið til ef á þarf að halda t.d. ef nemandi líður illa þennan dag.

Nefndin klæddist sem sjóræningjar að þessu sinni.

Atriði til að hafa í huga næst:

Við upphaf skipulagningarinnar er gott að fara til Sigursveins og fá lista yfir þá starfsmenn sem vitað er að verða ekki á staðnum Flóafársdaginn. Þá er þeim ekki raðað í þraut.

Brýna fyrir starfsmönnum að tilkynna forföll tímanlega til Flóafársnefndar.

Kátu daga nefnd ætti að hafa val um að vera með stöð eða vera varamenn, hafa frjálsara hlutverk.

Æskilegt er að kennarar í Flóafársnefnd fundi með nemendaráði og íþróttaráði í byrjun annar áður en undirbúningur hefst fyrir alvöru svo allir séu með á hreinu hvað er hlutverk hvers og hvernig skuli staðið að undirbúningnum.

Allt íþróttaráð verður að vera virkt.

Engar fésbókarsíður og auglýsingar frá liðum fyrr en eftir kynningu í sal (þjófstart bannað).

Endurmeta þarf skráningarferli –spurning hvort hægt verði að gera það í gegnum Innu á næsta ári, þar sem hægt verði að stilla hámarksfjölda. Halda áfram að hafa sem jafnast í liðum.

Þjóða liðsstjórum að tilnefna 10-15 lykilþátttakendur auk liðstjóra. Þeir skila þeim nafnalista til íþróttaráðs þegar skráningar hefjast. – Liðstjórar þurfa að tilgreina hlutverk hvers og eins lykilþátttakanda og hver ber ábyrgð á hverju (Fjármál, skemmtiatriði, svæði)

Hvetja liðstjóra til að leita til iðn- og listnámsnemenda til að vera í liðunum.

Kennarar verði í beinu sambandi við liðsstjóra, ekki hafa íþróttaráð sem millilið.

Það er mikilvægt að það séu komnir liðsstjórar a.m.k. þremur vikum fyrir Flóafár og endanleg lið liggja fyrir á miðvikudegi einni og hálfri viku fyrir fárið.

Fara vel yfir reglur með liðsstjórum um hvað má og hvað ekki, hlutverk tískulögga o.þ.h. ekkert phú eða neikvæðni gagnvart öðrum.

Liðin þurfa að hafa samband tímanlega við kennara í Hamri ef þeir þurfa aðstöðu/hjálp þaðan.

Liðin þurfa að fá úthlutuðum tíma í salnum til æfinga á skemmtiatriði í síðustu vikunni.

Spurning hvort hægt sé að snúa skemmtiatriðunum þannig að þau snúi á móti aðalinnganginum. Þannig hafa fleiri tækifæri til að sjá.

Spurning hvort hægt sé að setja varanlegar festingar í loftin fyrir tjöld í hlutlausum lit sem skólinn myndi kaupa og væri hægt að nota á milli ára. Þá þurfa liðin ekki að vera að útvega grindur og tjöld til að aðskilja svæðin.

Senda „pepppóst“ á starfsfólk til að hvetja þá til að hjálpa við frágang.

Brýna fyrir liðstjórum að skila inn „Tískulögguspjöldum“ og kústsköftum. Merkja við hvaða lið eru búin að skila.

Það hefur verið miðað við að kennarar í Flóafársnefnd séu það 3 ár í röð. Óskar er nú búin að vera þrisvar sinnum í Flóafársnefnd og hefur því lokið sínum tíma. Eva og Tómas voru sitt annað ár í ár og eru sammála um að álagið var mikið og þyrftu að koma fleiri inn. Við teljum koma vel út að hafa kennara í bóknámi, verknámi og á sérnámsbraut í Flóafársnefnd. Þannig fást tengingar við ólíkar brautir skólans.

Liðin fengu að skila inn 10-15 manna lista yfir lykilhlutverk og skiluðu flest liðin inn þeim lista. Þrátt fyrir það lentu nokkur lið í vesen með að skipuleggja skemmtiatriði og skreytingu á svæðum. Óskar kom með þá hugmynd að það væri gott að koma á gátlista fyrir liðin þar sem ákveðin hlutverk væru talin upp og þeir aðilar sem myndu bera ábyrgð á þeim (búningar- fjármál- skemmtiatriði o.s.frv.). Mikilvægt að þessir aðilar með lykilhlutverk taki að sér það hlutverk þannig að það lendi ekki allt á liðstjórum. Ef liðin myndu koma á fyrsta fund og þyrftu að tiltaka hverjir myndu sjá um viss atriðið þá er minni hættu á að lið lendi í því að liðsstjórar sitja uppi með allt.

Ástæða er til að ræða strax í upphafi við liðsstjóra með að "dansa ekki á jaðrinum" með skraut á svæðum og kynningar. En hveiti sem átti að vera kókaín var kannski ekki mjög smart og sama lið var með fremur vafasama kynningu í salnum að mati kennara sem kom að máli við mig. En auðvitað er þetta fyrirmyndin úr amerísku kvikmyndunum sem blessaðir nemendur hafa.

Raða þrautum upp í stofuröð - (þriðja hæð saman eftir röð, önnur hæð saman eftir röð o.s.frv.) myndi léttu liðstjórum að skipuleggja hlaupaleið og okkur að merkja.

Eitt kennarapar var búið að merkja á þrautamiðann sem merkti stofuna fjölda þeirra sem áttu að taka þátt í þrautinni. Það er sniðugt því það hjálpar nemendum að skipuleggja sig og þá troðast ekki of margir inn í stofuna, en í því lenti þetta kennarapar.

Muna að vera búin að taka umræðuna um hvernig á að tilkynna úrslit! Á að tilkynna fyrstu tvö eða fyrstu þrjú? Við vorum næstum búin að klúðra þessu í ár!

Við tæmdum allt rusl af svæðinu á fimmtudagskvöldið svo nóg pláss var fyrir rusl allan föstudaginn. Ættum við ekki að bæta því á gátlistann yfir það sem þarf að gera á fimmtudeginum!

Kannski allt í lagi að setja á miðann áminningu um að lána nemendum ekki hluti? Eitthvað týndist og enn meira hefur týnst í gegnum árin og að opna ekki fyrir nemendum inn í t.d. myndlistarstofu. Við vitum þetta en svo tekur nýtt fólk við og upplýsingar berast kannski ekki nógu vel á milli.

Væri gott að setja inn í gátlista fyrir fyrsta fund með liðstjórum að ítreka að panta ekki búninga fyrr en fólk er búið að panta OG borga. Það var visst stress og óvissa yfir þessum málum í ár. Tómasi var eitthvað farið að dreyma þetta.

Svo með aukaverðlaun, Haukur sagði spekingslega "þurfa ekki öll lið að vinna eitthvað?" Við vorum heppin í ár að svo var, en það var auðvitað alveg óvart.

Öll gögn sem viðkoma undirbúningnum eru vistuð í möppu á H-drifinu undir Flóafár 2023.

Grunnmenntabré

Umsjón: Bjarney Sif Ægisdóttir

Inngangur:

Grunnmenntabré (GRB) hefur verið starfrækt, með því fyrirkomulagi sem hún byggir á í dag, í sjö skólaár. Fyrstu tvö skólaárin var verkefnið þróað og fjármagnað með styrkveitingu frá Menntamálaráðuneytinu sem leið til þess að sporna við brotthvarfi. Þegar átaksverkefninu á vegum ráðuneytisins lauk ákvað skólinn að halda verkefninu áfram enda mikilvægt námstilboð fyrir nemendur skólans sem uppfylla ekki inntökuskilyrði á aðrar námsbrautir skólans, en eftir að styrkveitingunni lauk minnkaði stöðuhlutfall sem fór í umsjón með nemendum á brautinni.

Markmið grunnmenntabráar eru meðal annars að aðstoða nemendur við að byggja upp trú á eigin getu og seiglu í námi, auk þess að efla sjálfsmýnd og sjálfsskilning þeirra. Nemendur eru fræddir um mismunandi leiðir í menntakerfinu og aðstoðaðir við að marka sér stefnu í námi og starfi. Til þess að uppfylla þessi markmið voru þróaðir áfangarnir NÁSS1GA05 (haustönn) og NÁSS1GB05 (vorönn). Áfangarnir eru skylduáfangar á grunnmenntabré. Í þessum áföngum er áhersla lögð á kennslu í námstækni, sjálfstyrkingu og starfsfræðslu. Kennsla í þessum efnisþáttum fer fram í tveimur kennslustundum á viku og í tveimur kennslustundum fá nemendur aðstoð við heimanám og sérstakan stuðning í námi. Í heimanámsaðstoðinni eru tveir kennarar þar sem að minnsta kosti annar þeirra er umsjónaraðili grunnmenntabráar. Með þessu móti kynnist umsjónaraðili brautarinnar námsstíl nemenda og hefur góða yfirsýn á námsframvindu nemenda á brautinni.

Brautarstjórn og sérstaða brautar:

Verksvið umsjónaraðila grunnmenntabráar er að halda utan um brautina, eiga regluleg samskipti við nemendur, kennara og forráðamenn nemenda, þróa námsbrautina og meta árangur námsins. Einnig fylgist umsjónaraðili reglulega með mætingu nemenda á brautinni og kemur upplýsingum þar að lútandi til forráðamanna og nemenda. Brautarstjóri hittir flesta nemendur í fylgd með forráðamönnum við upphaf náms (vorið áður eða um haustið) þar sem markmið og fyrirkomulag náms á grunnmenntabré er kynnt, farið er yfir skólasóknarreglur, stöðu nemenda og mikilvægar persónulegar upplýsingar. Utanumhald með nemendum felur einnig í sér símtöl og viðtöl við forráðamenn og nemendur, teymisfundi og fleira, en reynslan sýnir að þörfin er mismikil milli nemenda.

Umsjónaraðili með grunnmenntabré skólaárið 2022-23 var Bjarney Sif Ægisdóttir. Nýnemar og nemendur sem eru nýir á grunnmenntabré, en koma af sérnámsbraut skólans voru í sérstöku utanumhaldi í áföngunum NÁSS1GA05 (haust) og NÁSS1GB05 (vor). Vegna fjölda nemenda voru tveir námshópar í hvorum hóp á þessu skólaári. Þess má geta að fleiri nemendur eru skráðir á grunnmenntabré, en það eru nemendur sem hafa áður verið í sérstöku utanumhaldi og lokið NÁSS áföngunum en uppfylla ekki inntökuskilyrði á aðrar brautir skólans.

Námsframvinda nemenda haustönn 2022:

Haustið 2022 hófu 40 nemendur nám á grunnmenntabré. Árið áður voru 38 nemendur sem hófu nám á brautinni en þá var það óvenju stór hópur, því árið þar á undan höfðu 22 nemendur hafið nám á brautinni. Nemendafjöldinn hefur verið breytilegur milli anna en líklegt er að samhliða auknum fjölda nýnema fjölgi einnig nemendum á grunnmenntabré.

Nemendahópurinn sem var í sérstöku utanumhaldi í áfanganum NÁSS1GA05 var að langstærstum hluta nýnemar, en einn nemandi kom af sérnámsbrautinni og einn nemandi var að byrja nýr í skólanum og hafði ekki lokið fornámsáföngum annarstaðar. Vegna fjölda nemenda voru tveir hópar í NÁSS áfanganum.

40 nemendur hófu nám á grunnmenntabréu haustið 2022. Þrjú nemendur hættu námi á önninni, þeir hættu allir vegna andlegra veikinda, einn mætti nánast aldrei og gaf náminu því ekki tækifæri. Þeir 37 nemendur sem stunduðu nám alla önnina og luku einingum á önninni voru samtals skráir í 943 einingar og við lok annar höfðu þeir lokið 818 einingum, eða 87% þeirra eininga sem nemendur lögðu upp með í upphafi annar.

Flestir nemendur voru skráðir í ýmist 24 eða 29 einingar á önninni. 29 nemendur af 37 náðu öllum þeim einingum sem þeir lögðu upp með í upphafi annar, eða öllum nema einum áfanga.

Námsframvinda nemenda vorönn 2023:

Á milli anna hættu tveir nemendur námi. Á vorönn bættust þrjú nemendur við nemendahópinn á grunnmenntabréu, einn af þeim kom af sérnámsbrautinni og einn nemandi af annarri námsbraut og annar nemandi var að hefja nám í FSu eftir að hafa tekið pásu frá námi eftir lok grunnskóla.

Við upphaf vorannar voru því áfram óvenju margir nemendur á grunnmenntabréu, eða 35 nemendur í sérstöku utanumhaldi í NÁSS1GB05 áfanganum. Það voru því 35 nemendur sem voru í sérstöku utanumhaldi alla önnina og kláruðu vorönn 2023. Þessir nemendur voru í tveimur námshópum og hafði Bjarney utanumhald með öðrum hópnum og Anna Fríða með hinum hópnum. Auka kennari kom inn í heimanámstímana í báðum hópum (2 kennslustundir á viku í hvorum hóp).

Nemendurnir 35 voru skráðir í 1115 einingar í upphafi annar og stóðust 877 einingar við annarlok, eða 79% af þeim einingum sem lagt var upp með. Það er gaman að vekja athygli á því að 15 nemendur náðu öllum sínum einingum og 6 nemendur til viðbótar náðu öllum sínum einingum nema einum áfanga. Langflestir nemendur ná að uppfylla inntökuskilyrði inn á aðrar námsbrautir fyrir næsta haust en fimm nemendur uppfylla ekki inntökuskilyrði inn á aðrar brautir og halda því að öllum líkindum áfram á grunnmenntabréu næsta vetur, þó ekki í sama utanumhaldi og þennan fyrsta skólavetur. 11 nemendur stefna á iðnnámsbrautir, 14 nemendur á stúdentsbrautir og þar af 3 á listalínu.

Umræður og framtíðarsýn:

Á skólaárinu 2022-23 voru áfram mjög margir nemendur skráðir á grunnmenntabréu, svipað og skólaárið áður þar en þá var metfjöldi nemenda á brautinni. Haustönnin reyndist nokkuð strembin og ýmiskonar mál komu upp, svo sem agamál og fleiri tímafrek mál. Fyrir einn umsjónarmann reyndist það töluvert mikið álag að hafa umsjón og utanumhald með svo stórum nemendahópum. Á vorönnin kom Anna Fríða inn í annan námshópinn og breytti það miklu fyrir undirritaða að dreifa álaginu á utanumhaldinu.

Á þessu skólaári var aftur metfjöldi skráður á grunnmenntabréu, en aldrei áður hafa jafn margir nemendur verið skráðir á brautina. Einu sinni áður hafa þeir verið í kringum 30, en yfirleitt í kringum 20 og alveg niður í 14 nemendur. Í ár voru 40 nemendur sem hófu nám á brautinni á haustönn og 35 nemendur á vorönn. Til samanburðar voru þeir 22 og 21 fyrir tveimur skólaárum. Það má færa rök

fyrir því að stöðugildi umsjónarmanns brautarinnar þyrfti að vera í samræmi við nemendafjölda því það gefur augaleið að umsjónarmaður nær ekki að fylgjast jafn vel með mætingum og námsframvindu og eiga í jafn reglulegum foreldrasamskiptum þegar nemendahópurinn telur tæplega 40 nemendur og hann getur gert ef nemendurnir eru helmingi færri (sama stöðuhlutfall), en þessir þættir eru mikilvægur hluti af sérstöðu brautarinnar og þeirri þjónustu og stuðningi sem brautin á að gefa kost á.

Nemendahópurinn á grunnmenntabréu var fjölbreyttur að venju. Síðustu ár hefur það færst í aukana að nemendur innritast á brautina sem eiga sögu um skólaforðun og hafa lítið stundað nám í efstu tveimur bekkjum grunnskólans. Staða þess nemendahóps er töluvert önnur en nemenda sem hafa lokið námi í 10. bekk og hafa mætt vel og sinnt námi. Vandí þessa nemendahóps er oft á tíðum fjölþættur, þar sem félagslegir og persónulegir erfiðleikar, ásamt greiningum um námserfiðleika koma yfirleitt við sögu. Það er mat umsjónaraðila grunnmenntabréuar að huga þurfi vel að þessum nemendahóp sem virðist fara stækkandi og skoða þurfi hvort þróa þurfi námsúrræði sem hentar þessum nemendahóp enn frekar. Í ár bættust við ýmsir hegðunarerfiðleikar nemenda sem ekki hefur verið mikið um áður og það er vert að fylgjast með þeirri þróun, hvort þarna sé að eiga sér stað einhver breyting á nemendahópnum eða hvort þetta hafi verið einsdæmi í vetur.

Nemendur með annað móðurmál en íslensku er annar nemendahópur sem huga þarf sérstaklega að á grunnmenntabréu. Þar erum við einnig með fjölbreyttan hóp nemenda, sem sumir hafa fæðst og búið alla ævi á Íslandi en aðrir hafa búið styttra á landinu. Nemendur með annað móðurmál en íslensku sem stunda nám á grunnmenntabréu eiga það sameiginlegt á grunnmenntabréunni að uppfylla ekki inntökuskilyrði á aðrar brautir. Það er mikilvægt að huga að áframhaldandi stuðningi fyrir þennan nemendahóp þegar að grunnmenntabréu lýkur, en einnig að íslenskunámi þessa nemendahóps (sérstaklega annara kynslóðar innflytjenda) sem að eru of sterkir í íslensku fyrir ÍSAN áfanga en ráða ekki við hefðbundna ÍSLE áfanga. Staða umsjónarmanns fyrir þennan nemendahóp sem hóf störf við skólann á síðasta skólaári er vissulega frábær og góð framför og vonandi verður haldið áfram að bæta og þróa stuðning fyrir þennan nemendahóp, en þar myndi opið námsver koma inn sem mikilvægur stuðningur fyrir t.d. nemendur sem geta ekki fengið námsaðstoð heima.

Langflestir nemendur ljúka námi á grunnmenntabréu eftir einn vetur. Þá innritast nemendur inn á aðrar brautir eftir áhugasviði. Á þessu fyrsta ári hafa nemendur fengið aðhald og stuðning meðan þeir eru að venjast nýjum aðstæðum og ná upp námshæfni um leið og þeir taka framhaldsskólaáfanga eins og félagsfræði, umhverfisfræði og íþróttufræði. Því má segja að flestir nemendur á grunnmenntabréu fái frekar mjúka byrjun á framhaldsskólagöngunni. Það væri gott ef hægt væri að fylgja nemendum betur eftir þegar þeir hafa lokið náminu á grunnmenntabréu, en hingað til hefur lítið tími gefist til þess. Ákveðinn hópur nemenda leitar sjálfur til námsráðgjafa að loknu námi á brautinni en það væri gott ef hægt væri að fylgjast markvissara með öllum hópnum því stundum reynist stökkið á milli fornámsáfanga í kjarnafögum og fyrstu framhaldsskólaáfanganna töluvert. Það væri mikið framfaraskref ef þessir nemendur, líkt og aðrir nemendur skólans, hefðu aðgang að námsveri þar sem þeir gætu fengið aðstoð með verkefni og heimanám í töflugötum. Slíkt námsver myndi einnig nýtast nemendum með annað móðurmál en íslensku vel og væri mikilvægur þáttur í að styðja við nám þess nemendahóps.

Það er mikilvægt að áfram sé markvisst unnið að því að halda sérstaklega utan um þann nemendahóp sem að innritast á grunnenntabré. Ástæður þess hvers vegna nemendur ná ekki hæfniskröfum grunnskólans í kjarnafögum og geta þar af leiðandi ekki innritast inn á aðrar námsbrautir skólans eru jafn margar og nemendurnir eru margir. Hver nemandi hefur sína sögu. Flestir nemendur eru með einhverjar greiningar um námserfiðleika, en það er þó ekki í öllum tilfellum. Það er mikilvægt að hafa það í huga að það er einhver ástæða fyrir því að nemandinn náði ekki markmiðum grunnskólans og því er mikilvægt að hann fái auka aðstoð fyrst um sinn í framhaldsskólanum til þess að aðstoða nemandann við að ná markmiðum sínum. Það er mismunandi hvaða leið nemendur velja að loknu námi á grunnenntabré, en markmiðið á þessu fyrsta ári er að efla námshæfni nemandans, aðstoða hann við að byggja upp trú á eigin getu og seiglu í námi, auk þess að efla sjálfsmýnd og sjálfsskilning þeirra og stuðla um leið að ígrundaðra náms- og starfsvali í framtíðinni.

Nemendahópurinn sem hefur nám á grunnenntabré að loknum grunnskóla er almennt viðkvæmur nemendahópur sem þarfnast mikið utanumhald og stuðning. Mikilvægt er að NÁSS kennslustundirnar fái að vera á góðum stað innan skólans og af fenginni reynslu þá hentar salurinn ekki vel fyrir þennan nemendahóp, bæði vegna staðsetningar og umhverfi salarins, en það rými er bæði allt of stórt og heldur því ekki vel utan um hópinn, en einnig þyrftu að vera þar opnanlegir gluggar. Það hentar þessum námstíma ekki vel að vera í lðu eða Hamri vegna staðsetningar, en oft þurfa nemendur að sækja tölvu á bókasafn eða jafnvel kennarar að leita uppi nemendur á göngum skólans. Þá er mikilvægt að hafa í huga að kennarar sem koma að námi á grunnenntabré (sérstaklega fornámsáföngum í kjarnagreinum) hafi áhuga á að kenna þessum nemendahópi og fái bæði stuðning og hvatningu til þess að sérhæfa sig í kennslu þessa nemendahóps t.d. í formi samvinnu, endurmenntunar og samtals samstarfsmanna. Í meistaraverkefni Helgu Rósar Einarsdóttur í náms- og starfsráðgjöf þar sem hún rannsakaði framhaldsskólabrautir og upplifun og reynslu bæði nemenda og fagaðila af brautinni, kom fram að það væri sýn viðmælenda í rannsókninni að þeir kennarar sem væru best til þess fallnir að kenna á framhaldsskólabrautum hafi sérstakt geðslag, hafi lag að sýna virðingu og umhyggju, setji skýr mörk en séu á sama tíma sveigjanleikir til að koma til móts við nemendur þar sem þeir eru staddir námslega. Það má því færa rök fyrir því þar sem að um sérstaklega viðkvæman nemendahóp er að ræða séu kennarar sérveldir eftir t.d. áhugasviði og styrkleikum til þess að kenna nemendum á brautinni. Sjá nánar bls. 45-49 í lokaritgerð Helgu Rósar:

<https://skemman.is/bitstream/1946/41132/1/Helga%20R%20c3%b3s%20Meistararitger%20c3%b0%20c3%ad%20N%20c3%a1ms-%20og%20starfsr%20c3%a1%20c3%b0gi%20c3%b6f%207.5.2022.pdf>

Það að starfsfólk grunnskólanna á svæðinu er farið að þekkja grunnenntabréna og hugmyndafræðina á bak við hana hjálpar til við að ná markmiðunum með brautinni, því nú er orðið algengara að nemendur velji grunnenntabré sem námsleið að loknum grunnskóla. Margir nemendur fara í viðtal ásamt forráðamönnum sínum fyrir tilstilli námsráðgjafa grunnskólans til umsjónaraðila grunnenntabréar undir lok grunnskólagöngu. Það fyrirkomulag hentar vel til þess að ræða t.d. staðsetningu nemandans í námi á framhaldsskólastigi, útskýra mun á grunnenntabré og öðrum námsbrautum, kynna námsbrautina, mynda tengsl, draga úr kvíða svo nokkur atriði séu nefnd. Þetta verður til þess að fleiri nemendur byrja á brautinni á haustin eftir að hafa valið hana sem námsleið að loknum grunnskóla, í stað þess að sækja um á annarri námsbraut, komast ekki inn

og vera ósáttir með að byrja á grunnmenntabré. Með þessu eru nemendur því oftast sjálfir upplýstari um námstilboðið og hafa tekið ákvörðun um að hefja nám á brautinni.

Í lokin vil ég óska eftir að þegar verði svo stórir nemendahópar á námsbrautinni líkt og tvö síðustu skólaár þá deilist ábyrgðin á umsjón og ut anumhaldi á tvo umsjónarmenn, líkt og var núna á vorönninni þegar Anna Fríða kom inn í annan hópinn. Ég vil einnig þakka sérstaklega þeim kennurum sem að voru með okkur í heimanámstímum á námsbrautinn í vetur, þeim kennurum sem kennt hafa fornámsáfangana í kjarnagreinum ásamt kennurum sem kenna nýnemaáfangana, FÉLA, UMHV, ÍPRÓ, BRAG og öðrum kennurum sem hafa komið að námi nemenda á grunnmenntabré fyrir gott samstarf í vetur.

ÍSAN

Umsjón: Sigprúður Harðardóttir

Kennarar og áfangar	Haustönn 2021	Vorönn 2022
Sólveig Sigmarsdóttir	ÍSÁN2ÍA05, ÍSÁN3MA05 og ÍSÁN1AA05	ÍSÁN2ÍB05 og ÍSÁN3MB05
Sigprúður Harðardóttir	ÍSÁN1GA05	ÍSÁN1GA05 og ÍSÁN1GB05 ÍSÁN1AA05 og ÍSÁN1BB05

Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu

Kennsluhættir hefðbundnir samkvæmt kennsluáættun. Allir færniþættir þjálfaðir á sem fjölbreyttastan hátt. Gagnvirk kennsla notuð í enn meira mæli en áður og leikir og spil bæði á borði og á netinu notað í auknum mæli í öllum áföngum.

Námsmat. Símat/lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum

Í öllum ÍSÁN áföngum fer fram símat og talsvert af verkefnum liggur undir yfir önnina. Prófað er úr öllum námsþáttum rafrænt eða á pappír og allir nemendur taka munnlegt próf og halda munnlegar kynningar.

Námskeið sem kennarar hafa sótt

SH í apríl: Vikunámskeið á vegum Erasmus+ í Róm. Námskeiðsheiti: Cultivating Diversity and Inclusion (Europass Teacher Academy).

SH í nóvember: Laugardagsnámskeið allra skólastiga hjá Mími, endurmenntun: Kynning á fjölbreyttum kennsluáðferðum og nýju námefni á öllum skólastigum.

Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu

Sem fyrr var að nokkru leyti notað það námsefni sem gefið hefur verið út fyrir grunnskóla, einkum fyrir þá nemendur sem eru nýkomnir til landsins og stunda nám á fyrsta þrepi. Einnig var áfram notað mikið efni af netinu (mms.is) og rafrænar bækur og verkefni.

Nýjar námsbækur komu þó út á árinu, einkum hugsaðar fyrir framhaldsskólanemendur, báðar gefnar út af Iðnú:

- Íslenska fyrir okkur hin: Lesskilningur, hlustun, ritun og málfræði fyrir byrjendur
- Íslenska – tölum saman: Kennslubók fyrir byrjendur í íslensku (talað mál og fleira)

Ákveðið var að skólinn útvegaði nemendum þessar bækur til að byrja með en taka þarf ákvörðun um hvert framhaldið verður á því.

Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs

Mikill vilji er fyrir því meðal íslenskukennara, bæði á almennum brautum og kennurum ÍSAN áfanganna að bæta við íslenskukennslu fyrir nemendur sem jafnvel eru fæddir á Íslandi og hafa farið í gegnum leik- og grunnskólanám hér á landi, en eiga í erfiðleikum með tungumálið einkum þegar lengra líður á námið. Þessa nemendur skortir oft orðaforða (námsorðaforða) og stafar það jafnvel af lítilli þjáflun í móðurmálinu og slökum námsorðaforða þar. Ekki varð úr að settur yrði af stað áfangi í þessum tilgangi en sú nýbreytni var á vorönn 2023 að stuðningstímar í íslensku voru fyrir þennan nemendahóp sérstaklega, þar sem hægt var að leita eftir aðstoð við verkefnavinnu og ritgerðasmíð, enda geti þau ekki fengið aðstoð heima fyrir. Það gekk vel og var ágætlega sótt.

Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir

Hugmyndir sem kennarar hafa velt á milli sér vegna þeirra nemenda sem stunda nám í ÍSAN áföngum:

Þar sem nemendum fjölga smám saman frá einni önn til annarrar í öllum áföngunum (eru nú 20 í heildina), finnst kennurum athugunarefni að þrískipta hópnum, þ.e. að hverju þrepi sé kennt í sér hópi, en ekki endilega öll saman eins og nú er. Til þess þyrfti að fjölga kennaratímum sem nemur einum áfanga.

Komið hefur í ljós að grunnþekking í tölum (og reyndar fleiri greinum eins og ensku og stærðfræði) er afar lítil hjá mörgum nemendum í þessum hópi. Þó það tengist ekki beint íslenskukennslunni teljum við kennararnir að kennsla í grunnatriðum tölvuvinnslu, s.s. Word myndi styðja við íslenskunámið hjá þeim.

Reynsla kennara er að ekki sé ráðlegt að nemendur í íslensku sem öðru máli séu ekki í of mörgum bóklegum námsgreinum samhliða íslenskunni, sérstaklega ekki mörgum öðrum tungumálum.

Kátir Dagar

Nefndin: Ásdís Björg Ingvarsdóttir, Bjarney Sif Ægisdóttir og Eyrún Björg Magnúsdóttir

Kátir dagar voru haldnir dagana 1. og 2. mars árið 2023. Dagskráin hófst að venju eftir kaffi á miðvikudeginum, kl 10:20 og stóð til klukkan 15/15:30 og frá 8:30-12 á fimmtudeginum.

Fyrsti fundur vegna Kátu Daga var haldinn 16. janúar og á þann fund mættu fulltrúar frá nemendaráði: Ásrún, Dýrfinna, Karen og Lena auk skemmtinefndar nemendafélagsins: Elladís, Malla, Lilja, Niklas, Haukur og Tryggvi. Skemmtinefndin og Eyrún, Bjarney og Ásdís fulltrúar kennara, mynduðu Kátu Daga nefndina í ár. Á fyrsta fundi var ákveðið að Ásdís og Malla myndu sjá um íþróttaviðburðinn á Kátum Dögum og reyndist það góð verkaskipting. Kátu Daga nefndin fundaði um það bil vikulega fram að Kátum Dögum, eða alls sjö sinnum, auk þess að vera í reglulegum samskiptum þess á milli á samfélagsmiðlum. Yfirleitt fundaði nefndin í hádegishléinu, en síðasti fundur nefndarinnar var haldinn eftir skóla þriðjudaginn 28. febrúar og þá var skólinn skreyttur fyrir

Kátu Dagana, manntaflíð undirbúið og hugað að lokaundirbúningi fyrir dagskrána, svo sem morgunmatnum og fleira. Bragahópar komu með hugmyndir af dagskrárliðum á Kátu Dagana sem þau unnu í Bragatímum. Nemendur í Kátu daga nefnd kynntu kátu Dagana í Braga tíma 16. febrúar fyrir nýnemum í bragahópnum, útskýrðu fyrirkomulagið og sýndu sýnishorn af dagskránni. Kennarar í Kátu Daga nefnd kynntu Kátu dagana, fyrirkomulagið og sýndu sýnishorn af dagskránni á Kennarafundi 17. febrúar.

Undirbúningur Kátu Dagana gekk vonum frammar. Nemendur tóku virkan þátt í undirbúningi, höfðu góða upplifun af dagskránni frá því árinu áður og margar hugmyndir varðandi dagskrána í ár. Þeir voru með gott frumkvæði varðandi það að tala við fyrirtæki vegna styrkja fyrir happdrætti, morgunmatarins og fleira og höfðu samband við þá utanaðkomandi aðila sem þeir óskuðu eftir að fá á dagskrána. Kennarar og starfsfólk skólans tók einnig vel í að bjóða upp á viðburði og segja má að hefð sé komin á nokkra viðburði frá kennurum sem góð þátttaka er á á hverju ári, en einnig er skemmtilegt að fá nýja og ferska viðburði og tilbreytingu milli ára. Íþróttakeppnin í Iðu spilaði stórt hlutverk í dagskránni í ár og var mikil þátttaka frá nemendum í öllum keppnum, brennó, körfubolta og fótbolta og nauðsynlegt var að hafa kennara og nemanda í nefndinni til að halda sérstaklega utan um þennan stóra viðburð í dagskránni.

Kátu Dagarnir sjálfir gengu virkilega vel. Prentuð voru rúmlega 600 vegabréf fyrir dagskrána og þurfti að bæta við, svo út fóru um það bil 650-700 vegabréf. Virkir þátttakendur í Kátu daga dagskránni virðast hafa verið í kringum 500, en þá erum við að miða við vegabréf sem að var skilað (485) auk þátttöku í hestamannamóti til viðbótar við nemendur sem að komu að dagskránni með einhverjum hætti (Kátu Daga nefndin, nemendafélag ofl.). Góð mæting var á flesta viðburði og sannaði það sig hversu mikilvægt er að hafa fjölbreytta dagskrá þar sem allir geta fundið eitthvað við sitt hæfi. Vinsælir viðburðir í ár voru fyrir utan íþróttakeppnirnar, Gettu betur keppnin milli starfsfólks og nemenda, Bingó og Kahoot keppni, en einnig var full skráning hjá spákonu, á konfektnámskeiði og góð þátttaka á lang flestum viðburðum. Nemendafélagið var með pizzasölu í hádeginu á miðvikudeginum og gekk sú sala vel og Joe & The Juice var með sölubás í Iðu eftir lokahnykk Kátu Daga og var mikil röð og sala hjá þeim.

Utanaðkomandi aðilar sem sáu um fræðslu og kynningar:

- Keilir með kynningu á heilsuakademíu og flugakademíu. Háskólinn á Akureyri með kynningu á námi.
- Indíana Rós kynfræðingur með kynfræðslu.
- Lögreglan: Vímuefni og forvarnir.
- Íþróttakennaranemar með kynningu á lýðháskólum í DK.
- Crossfit Hengill með kynningu og sprell.
- Júdo deildin með kynningu í samstarfi við nemendur skólans.
- Pakkhúsið: pílumót.
- Litla kvíðameðferðarstöðin: Fræðsla um sjálfsöryggi og kvíðastjórn fyrir námsmenn með styrk frá lýðheilsusjóði.

Kynningar og námskeið frá starfsmönnum skólans:

- Gettu betur milli starfsfólks og nemenda.
- Opið í myndlistarstofunni

- Veggjalist innanhúss
- Borðtennismót
- Smíðað fyrir Flóafár - smíðja
- Manntafl
- Magic the Gathering
- Netskrafl
- Yoga Nidra
- Hnútanámskeið
- Konfektnámskeið
- Styrkleikasmiðja
- Tækifæriskort með saumaívafi
- Fléttu og krullunámskeið
- Streymi frá keppni í rafíþróttum
- SKIP-BO
- Skákmót
- Dungeons&Dragons
- Bingó
- Bridge
- Fyrirlestur um huldufólk
- Kahoot keppni
- Spákona
- Pokemon
- Maraþonsýningar á “vöktunum”
- Íþróttamót í lðu
- Fablab smíðja
- Morgunmatur í boði nemendafélagsins
- Vetrarleikar FSu (hestamennska)

Mikill áhugi var á íþróttamótunum í lðu, en þar var mikil þátttaka bæði af nemendum sem að kepptu og áhorfandafjöldinn var mikill allan tímann. Það var mikilvægt að fá íþróttakennara inn í Kátu Daganefndina sem skipulagði og hélt utan um allt sem við kom íþróttakeppninni ásamt ábyrgum nemanda í Kátu daga nefndinni. Íþróttadagskráin gekk mjög vel, en það var ansi knappt að koma öllum liðunum fyrir á þessum stutta tíma. Það voru rúmlega 150 nemendur sem kepptu í þremur greinum á íþróttamótinu. Í körfuboltann voru skráð 20 lið, spilað var á miðvikudeginum frá kl. 10:30-12:16, leikið var á tveimur völlum og leikurinn í 7 mín. Í brenniboltamótinu tóku 17 lið þátt og hófst það um leið og körfuboltinn kláraðist eða frá 12:20-14:00. Leikið var á tveimur völlum og hver leikur mátti ekki taka lengri tíma en 10 mín. Fótboltamótið var síðan á fimmtudeginum frá kl. 9:00-11:34. Þar tóku 21 lið þátt, spilað var á einum velli og hver leikur var 6 mín. Í fyrstu var hugmyndin að vera með riðlakeppni í körfu- og fótboltanum og síðan 8 liða úrslitakeppni en vegna fjölda liða þá endaði þetta í útsláttarkeppni um hverjir kæmust í 8 liða úrslit. Í brenniboltanum var útsláttarkeppni þar til eitt lið stóð uppi sem sigurvegari. Dómarar á mótinu voru íþróttfræðinemar frá HÍ sem voru í vettvangsnámi hjá okkur. Íþróttakennarar og fulltrúar íþróttaráðs sáu síðan um tímavörslu, strigaskor og annað utanumhald. Eins og lesa má var þetta mjög stífur tímarammi en mótið gekk ótrúlega vel og allir lögðust á eitt að láta þetta ganga upp. Þegar fótboltamótinu lauk tók við keppni á milli sigurliðanna í fót- og brennibolta á móti fulltrúum frá kennurum. Í viðureign nemenda og kennara var spilað í ullarsokkum með mýkri fótbolta og unnu kennarar þá keppni. Í brenniboltanum var hins

vegar spilað eftir hefðbundum reglum og tóku nemendur þann slag. Í heildina gekk íþróttamótið frábærlega, allir skemmtu sér og það var virkilega góður andi í lðu.

Morgunmaturinn tókst vel til og var vinsæll. Nemendur lögðu mikinn metnað í að bjóða upp á flott morgunverðarhlaðborð og höfðu tímanlega samband við fyrirtæki sem styrktu hlaðborðið. Mjólkurbúið styrkti veglega með kókómjólk og skyrskvísunum ásamt því að HP styrkti veglega með flatkökum og kleinum. Nemendur í Kátu Daga nefndinni versluðu inn það sem vantaði til viðbótar, svo sem safa, álegg og fleira. Matreiðslukennarar voru nemendum til aðstoðar varðandi innkaupamagn og í undirbúningi, bæði deginum fyrir morgunmatinn og voru mættar snemma til að aðstoða við undirbúning á fimmtudeginum. Þeim er þakkað kærlega fyrir þá aðstoð, en það er nauðsynlegt að nemendur hafi aðgengi að aðstoð frá starfsmanni skólans sem að þekkir til eldhússins og einnig varðandi magn, framreiðslu og fleira.

Mikilvægir punktar og tillögur að úrbótum:

Það var frábært og nauðsynlegt að fá þriðja fulltrúa kennara inn í Kátu Daga nefndina og lykilatriði að það sé íþróttakennari úr lðu þar sem íþróttaviðburðurinn er orðinn svo stór hluti af dagskránni.

Nemendur voru virkir í Kátu Daga nefndinni í ár og það virkaði mjög vel að hafa vikulega fundi til þess að tryggja framgöngu undirbúnings.

Það er mikilvægt að það komi skilaboð frá stjórnendum (tímanlega) til starfsfólks og nemenda um hvað þessir dagar fela í sér og hver ber ábyrgð á hverju. Að það sé mætingarskylda þessa daga bæði fyrir nemendur og starfsfólk. Okkur finnst ekki viðeigandi að kennarar í Kátu Daga nefnd þurfi að segja samstarfsfólki sínu að það eigi að mæta þessa daga í vinnu og að sinna sínu hlutverki í þessu. Huga að því að á hverju ári eru nýir kennarar sem ekki vita um hvað málið snýst. Þyrfti að ræða tímanlega t.d. á starfsmannafundi/kennarafundi.

Smíðadeildin bauð þetta árið upp á workshop fyrir Flóafárið. Það virtist vera að frumkvæði Flóafársnefndar en það vantaði samskipti við Kátudagsnefndina og skemmtinefnd. Smíðadeild upplifði aftur, eins og í fyrra, að nemendur vildu nýta tímann algerlega á eigin forsendum og komu jafnvel með þær upplýsingar að þeim hafi verið sagt að þau ættu að fara og nota þetta. Þetta kallar á aukaundirbúning hjá smíðadeildinni sem fær ekki nógu nákvæmar upplýsingar og Lárus hafði samband við Kátudaga nefndina og var í þeirri trú að Kátudaga nefndin stæði fyrir þessu. Kátudaga nefndin vissi hinsvegar ekki af þessu fyrr. Það þyrfti að vera alveg skýrt hver úr hvaða liði á að fara þangað, á hvaða tíma og hvað á að vinna. Þetta þarf Flóafársnefnd að senda bæði til smíðadeildar og Kátudaganefndar ef á að takast vel. Flóafársnefnd þarf líka að fá samþykki smíðadeildar áður en þau senda nemendur af stað í að skipuleggja sig.

Muna að vera búin að undirbúa einhvern á myndavél og helst vídeó líka líkt og gert var á Flóafárinu í fyrra, það væri skemmtilegt fyrir braga hópana til dæmis til þess að kynna Kátu dagana og útskýra hvernig þetta fer fram. Pepp fyrir Kátu dagana.

Ræða á skólaráðsfundi með nemendaráði að þau verða að gefa skýrar upplýsingar um hversu miklu má eða er ætlast til að sé eytt í Kátu daga. Líka mikilvægt að einhver sem hafi upplifað þá komi að störfum nefndarinnar. Fá fleiri en færri í nefndina því það hellast einhverjir alltaf úr lestinni eða eru vanvirkir. Gjaldkerinn í ár upplifði að það mætti engu eyða í Kátu Dagana samkvæmt upplýsingum frá

stjórnendum. Við þurftum að hafa töluvert fyrir því að sýna henni fram á hefðir sem hafa verið alla tíð, t.d. verðlaun á hestabrautinni, morgunmat og viðburði. Þarf að vera skýrt í upphafi hvað er ætlast til að nemendaráð borgi.

Það er spurning hvort það megi endurskipuleggja að einhverju leyti viðburðina. Fjöldinn er mikið til út í lðu þessa daga, en þrátt fyrir það er nauðsynlegt að hafa spennandi viðburði í boði sem ekki tengjast íþróttum. Það er spurning hvort það mætti minnka íþróttahlutann og hafa „stóru viðburðina“, svo sem stóra fyrirlestra þegar það er ekki íþróttakeppni í gangi. Mikilvægt að hafa líka líf í miðrými skólans, tónlist og viðburði þar, t.d. fyrir framan salinn.

Í framhaldi af punkti 7 þá þarf að skoða hvort eigi að halda sama skipulagi með þrjár greinar, stutta leiki og útsláttarkeppni eða að fækka greinum og geta búið til meira alvöru mót fyrir þær greinar. Mögulega mætti líka brjóta lðuleikana upp. Hafa 2 tíma þrisvar sinnum yfir þessa 2 daga í stað þess að hafa langan tíma á miðvikudeginum og svo frá morgni fram að slitum á fimmtudegi. Það má endurhugsa skipulag íþróttakeppninarinnar sem er mjög vel sótt og vinsæl en bitnar á skipulagi, þátttöku og mætingu annarra viðburða.

Samantekt og lokaorð:

Kátu Dagarnir 2023 gengu vel og undirbúningurinn gekk vonum frammar. Það breytti miklu að fá íþróttakennara inn í nefndina, en einnig voru bæði nemendur og kennarar í nefndinni með reynslu frá því árinu áður. Á dögnum sjálfum var mikil stemming og gleði hér innanhúss þessa daga, sérstaklega í lðu, en það er tækifæri til þess að búa til enn meiri gleði og stemmingu hér í miðrými Odda á næsta ári. Það er gaman að sjá hvað starfsfólk er tilbúið til að taka þátt í Kátu dögnum og bjóða upp á allskonar fjölbreytta og skemmtilega viðburði. Af fenginni reynslu teljum við mikilvægt að það verði áfram þrír kennarar og þar af einn íþróttakennari í nefndinni á næsta ári. Samvinnan gekk mjög vel í ár og var áberandi starfsgleði nemenda og kennara gagnvart Kátu dögnum.

Kátir dagar skipa gríðarstóran sess í félagslífi FSu og eru einnig hluti af sögu skólans og mikilvægt er að halda þessum dögum áfram. Það er ekki oft sem gefst tækifæri til þess að efla félagslíf nemenda á skólatíma þar sem að allir nemendur eru á svæðinu og því er mikilvægt að halda þessum dögum áfram. Á kátum dögum gefst einstakt tækifæri til uppbrots á hefðbundnu skólastarfi og er frábært tækifæri fyrir nemendur og kennara að kynnast á annan hátt en í annríki hefðbundins náms.

Náms- og starfsráðgjöf

Starfslið: Agnes, Anna Fríða og Bjarney

Skólaárið 2022-23 störfuðu þrír náms- og starfsráðgjafar við skólann í samtals 2,25% stöðuhlutfalli. Agnes Ósk Snorradóttir í 75% stöðuhlutfalli og fagstjóri námsráðgjafar. Fyrir áramót voru Anna Fríða Bjarnadóttir í 100% stöðuhlutfalli og Bjarney Sif Ægisdóttir í 50% starfshlutfalli. Á vorönn 2023 jafnaðist starfshlutfallið milli námsráðgjafa þegar Anna Fríða minnkaði stöðuhlutfall sitt í 75% námsráðgjöf og fór í kennslu á grunmenntabré. Bjarney jók stöðuhlutfall sitt í námsráðgjöfinni í 75% auk þess að kenna og vera með umsjón grunmenntabráar.

Símenntun, fundir og samstarfsverkefni:

- Námsráðgjafar sóttu ýmsa fundi og rafræna fyrirlestra á skólaárinu.
- Ráðstefna BUGL – skólaforðun áskoranir og úrræði 27. Janúar
- Fundur með unglíngaráðgjafa Árborgar
- Anna Fríða fór á námskeið hjá Stígamótum
- Námsráðgjafar fóru á fund í streymi um farsældarlögin og hlutverk námsráðgjafa á vegum Félags náms- og starfsráðgjafa
- Vefnámskeið um tilkynningarskyldu til barnaverndaryfirvalda á vegum stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála
- Bjarney og Anna Fríða sátu fund um farsældarlögin í FSu í 85egan85ber Árborg og BOFS boðuðu til fundar.
- Námsráðgjafar fóru allar á boðsfund rektors í HÍ um samstarf milli skólastiga.
- Námsráðgjafar sóttu námskeið á vegum Erasmus+ í Króatíu. Námskeiðið var vikulangt og bar yfirheitið „Stress management and Burnout Prevention“.
- Vefráðstefna Félags lesblindra þar sem niðurstöður könnunar á 18-24 ára nemendum voru birtar
- Rafrænn fundur með Sif Einarsdóttur 85egan rannsóknar á þróun á áhugasviðskönnuninni Bendill. Námsráðgjafar tóku að sér að leggja fyrir útskriftarnemendur áhugasviðskönnunina Bendil. En verið er að þróa viðbætur við könnunina sem tengjast styrkleikum og tímstundum.
- Námsráðgjafar FSu buðu HNOSS (hópi náms- og starfsráðgjafa á Suðurlandi) til samstarfsfundar í FSu desember. Fyrir fundinum sendu námsráðgjafar FSu óskir um tillögur að fundarefni sem orðið var við. Á fundinum var fjallað um inntökuskilyrði á brautir FSu auk annarra mála. 16 námsráðgjafar voru á fundinum sem mæltist vel fyrir.

Áhugasviðskannanir:

Á skólaárinu voru tveir nemendur sem óskuðu eftir að taka áhugasviðskönnunina Bendill. Sex nemendur tóku áhugasviðskönnunina IDEAS. Áhugasviðskannanir hafa ekki verið auglýstar sérstaklega undanfarin ár og margir taka áhugasviðskannanir við lok grunnskóla áður en þeir hefja nám í framhaldsskóla. Töluvert fleiri nemendur komu í viðtal til náms- og starfsráðgjafa vegna vangaveltna um val á námi og til þess að ræða framtíðar möguleika og hugmyndir varðandi val á námi og störfum. Upplýsingar um aðgangsviðmið Háskólanna nýtast vel í þeim samtölum, en góð tenging er yfir á aðgangsviðmið flestra háskólanámsgreina sem kenndar eru á Íslandi á heimasíðu skólans okkar, www.fsu.is. Nemendur í áfanganum NÁSS1GB05 (nemendur á grunnenntabré) tóku allir áhugasviðskönnunina IDEAS í kennslustund og unnu með niðurstöður.

Nýjungar:

Námsráðgjöfin tók í notkun rafrænt bókunarkerfi á haustönninni. Notast er við bókunarkerfið bookings í office 365 pakkanum, en það var valið vegna þess að í gegnum það forrit geta allir pantað tíma í gegnum bókunarkerfið, t.d. forráðamenn og verðandi nemendur, en ef notast hefði verið t.d. við bókunarkerfi í gegnum Innu þá væru það einungis nemendur skólans sem gætu bókað viðtöl. Í gegnum heimasíðu skólans er hlekkur á bókunarsíðuna og hefur bókunarkerfið reynst mjög vel, verið mikið notað af bæði nemendum, forráðamönnum og verðandi nemendum og því stefna námsráðgjafar á áframhaldandi notkun á þessu bókunarkerfi.

Ráðgjöf á Reykjum:

Á haustönn sameinaðist FSu Garðyrkjuskólanum á Reykjum. Náms- og starfsráðgjafar voru til viðtals á Reykjum hálfan dag í hverri lotu sem kennd var á Reykjum. Fyrir utan loturnar voru námsráðgjafar í samskiptum við nemendur í gegnum símtöl, tölvupósta og reglulegum samtölum í gegnum teams. Einnig var eitthvað um það að nemendur mættu á Selfoss í viðtöl Um er að ræða fjölbreyttan nemendahóp sem kallar á ólíka nálgun í ráðgjöf.

Kynningarstarf og heimsóknir:

Kynningarstarf náms- og starfsráðgjafa er fjórþætt: Kynningar innan skólans og á vegum hans, háskólakynningar, heimsóknir í grunnskóla og móttaka grunnskólanema sem koma í heimsókn. Að auki eru ýmis óregluleg verkefni sem tilheyra þessum flokki.

Foreldrafundur:

Foreldrakynningin var haldin í sal skólans í september. Þar kynntu námsráðgjafar námsráðgjöfina fyrir foreldrum nýnema skólans.

Háskóladagurinn:

Háskóladagurinn var haldinn í mars í Reykjavík. Háskóladagurinn bauð uppá fría rútuferð fyrir þá nemendur sem vildu og var boð sent á útskriftarhóp skólans. Lítil skráning var í rútuferðina svo hún féll niður en námsráðgjafar hvöttu nemendur til að fara á eigin vegum og kynna sér námsframboð Háskólanna á Íslandi á þessum glæsilega kynningardegi.

Kynningar fyrir nemendur FSu:

Á þessu skólaári höfðu námsráðgjafar milligöngu um námskynningar sem fóru fram á Kátum Dögum. Keilir kynnti nám í heilsuakademíu og flugakademíu, Háskólinn á Akureyri kynnti námsframboð sitt með áherslu á lögreglufræði og iðjubjálfun ásamt því að kynning var á Lýðháskólanámi í Danmörku. Nord University (Háskóli í Noregi) kom með kynningu á námsframboði sínu en skólinn býður upp á alþjóðlegt nám í tölvuleikjahönnun og sjónvarpsefni og kvikmyndaframleiðslu. Kynningin fór fram í kennslustund í áfanganum NÝMI2GM05 en var einnig auglýst opin fyrir alla nemendur skólans.

Kynningar fyrir grunnskóla:

Náms- og starfsráðgjafar buðu grunnskólum á Suðurlandi upp á að fá kynningu á námi í FSu fyrir nemendur sína í 9. og 10. bekk. Kynningartímabilið dreifðist yfir lengri tíma en áður, þar sem ekki var sérstakt forinnritunar tímabil í ár. Í voru kynningar fyrir 12 grunnskóla á þessu tímabili, frá miðjum febrúar og fram í miðjan apríl. Til viðbótar komu nokkrir minni hópar með umsjónarkennara eða námsráðgjafa í heimsókn til okkar til þess að fá kynningu á námi. Að þessu sinni var algengasta form á kynningum þannig að skólarnir komu með nemendahópana sína hingað til okkar og fyrst var byrjað á kynningu og svo farin skoðunarferð um skólann. Þetta reyndist skemmtilegt fyrirkomulag. Nokkrir skólar óskuðu eftir að fá okkur með kynninguna til þeirra sem er það form sem hingað til hefur verið á þessum kynningum. Sumir þessara skóla komu svo síðar og fengur skoðunarferð um skólann.

Opið hús:

Þriðjudaginn 28. mars var opið hús í FSu. Á opið hús eru nemendur 10. bekkja og forráðamenn þeirra sérstaklega boðnir velkomnir. Þar gefst tækifæri til þess að skoða skólann og kynna sér hvaða námsframboð FSu býður upp á. Námsráðgjafar velta fyrir sér hvort ekki ætti að leggja meiri áherslu á kynningu á brautum og sérstöðu skólans á Opnu húsi frekar en að kynna staka áfanga eða

kjarnagreinar líkt og hingað til hefur verið áhersla á líkt og á áfangamessu þar sem tilgangurinn og markhópurinn er annar. Það er reynsla okkar að það helsta sem nemendur og forráðamenn velta fyrir sér er hvaða námsbraut nemendur ættu að sækja um á í FSu og henti þeirra börnum best. Það væri gott ef fulltrúi frá hverri námsbraut (best ef það væri einhverskonar brautarstjóri) að geta veitt upplýsingar um hverja námsbraut fyrir sig og áhersluatriði þeirrar brautar. Að auki er mikilvægt að fulltrúar akademía séu á svæðinu þar sem þeir foreldrar sem vilja geti fengið upplýsingar um það starf.

Að auki tóku náms- og starfsráðgjafar á móti einstaklingum á skólaárinu sem komu til að kynna sér skólann, námsframboð hans, þjónustu og stuðning.

Mín framtíð:

Í annað sinn í sögu skólans, var FSu með kynningarbás á Mín framtíð, Íslandsmóti iðn og verkgreina og stóru framhaldsskólakynningunni sem haldin var 15.-17. mars í Laugardalshöllinni.

Kynningarbásinn á námsframboði FSu var í samstarfi við kynningarbás Garðyrkjuskólans sem er alltaf með stórt sýningarsvæði og kynningar á garðyrkjunámi á Íslandi. Það var góð samvinna og frábært tækifæri til þess að tengja námsframboð þessara tveggja skóla saman. Námsráðgjafar fagna því að FSu taki þátt á þessum mikilvæga viðburði sem er grundvallar þáttur í eflingu náms- og starfsfræðslu fyrir nemendur í efstu bekkjum grunnskóla. Ekki síst vegna þess að allir grunnskólar á Suðurlandi fara á kynninguna með sína nemendur í efstu bekkjum og teljum við mikilvægt að vera þar meðal annara framhaldsskóla sem spennandi valkostur fyrir nemendur á Suðurlandi. Hægt væri að leggja sérstaka áherslu á að kynna sérstöðu skólans og þær námsbrautir sem helst vantar nemendur á.

Greiningalisti:

Nemendur á greiningarlista, það er nemendur við skólann sem skilað hafa inn greiningagögnum og eru ekki á sérnámsbraut eða í Garðyrkjuskólanum á Reykjum voru 242 á haustönn en 231 á vorönn.

Þegar nemandi skilar inn greiningu, skráir náms- og starfsráðgjafi það í Innu og í Go Pro ásamt því að afrit af gögnum eru geymd í læstum skjalaskáp. Mikilvægt er að þessar upplýsingar komist sem fyrst til kennara viðkomandi nemenda. Upplýsingar um greiningar eru skráðar í athugasemdir í Innu (Admin Inna) og fara sjálfkrafa á hópalista kennara. Komi nýjar greiningar í hús eftir að skólastarf byrjar, eru kennarar látnir vita af því sérstaklega. Með þessu móti er tryggt að kennarar hafa upplýsingarnar nálægar og þær eru vel sýnilegar fyrir kennarana. Allir nemendur á greiningarlista, og forráðamenn þeirra ef nemandi er undir 18 ára aldri, fá sendan tölvupóst þegar líður að prófatíma til að minna á að sækja um sérúrræði fyrir próf.

Rýnt í gögn:

Það er ljóst að gífurleg fjölgun hefur orðið á nemendum með sem skila inn gögnum um greinda námserfiðleika í skólanum. Á haustönn 2021 höfðu 149 nemendur skilað inn greiningagögnum en á haustönn 2022 höfðu 242 skilað inn greiningagögnum. Þetta er aukning um 62% milli haustanna. Á vorönn 2022 höfðu 151 nemandi skilað inn greiningagögnum en á vorönn 2023 höfðu 231 nemandi skilað inn greiningagögnum sem er aukning um 53%.

Inn í þessum tölum eru ekki nemendur á sérnámsbraut eða í Garðyrkjuskólanum á Reykjum.

Ástæðan fyrir því er sú að Reykir sameinuðust FSu haustið 2022 og því ekki hægt að bera saman tölurnar og náms- og starfsráðgjafar halda ekki utan um greiningagögn nemenda á sérnámsbraut.

Athuga ber að tölurnar standa fyrir einstaklinga sem skila inn greiningagögnum ekki fjölda greininga. Það er ekki óalgengt að nemandi skili inn fleiri en einni greiningu. Svona aukning hlýtur að hafa talsverð áhrif á skólastarfið.

Þegar fjölgar í skólanum er ekki ólíklegt að fleiri greiningar skili sér í hús. Þegar gögn eru skoðuð nánar kemur einnig í ljós að hlutfall nemenda af heildarnemendafjölda (sem hafa skilað inn greiningagögnum sem eru í umsjá náms- og starfsráðgjafar) jókst um 10% milli haustannar 2022 og 7% milli voranna 2022 og 2023. En ætla má að um 27% nemenda hafi skilað inn greiningagögnum um námserfiðleika. Þessi tala er þó í raun talsvert hærrí þar sem gera má ráð fyrir því að nemendur á Sérnámsbraut hafi skilað inn greiningagögnum. Það væri áhugavert að vita hvert hlutfall nemenda með greinda námserfiðleika er í framhaldsskólum í samanburði við FSu.

Tilhliðrun í prófum:

Náms- og starfsráðgjafar auglýstu til nemenda sem hafa skilað inn greiningargögnum hvenær og hvernig sækja þurfi um sérúrræði á prófatíma í desember og í maí. Sérúrræði á prófatíma eru skráð beint í Innu. Nemendur geta sótt um sjálfir, eða með aðstoð náms- og starfsráðgjafa sem síðar þarf að samþykka umsóknina. Prófstjóri tekur saman sérúrræðin og vinnur við að koma þeim í framkvæmd, í samvinnu við kennara. Náms- og starfsráðgjafar auglýstu líka umsóknir um sérúrræði fyrir nemendur á Reykjum í samráði við starfsfólk á Reykjum.

Náms- og starfsráðgjafar senda jafnframt vinsamleg tilmæli til allra kennara skólans um að taka tillit til nemenda á greiningarlista eins og kostur er í símatsáföngum.

Opin vottorð:

Eitt af verkefnum náms- og starfsráðgjafa er að halda utan um nemendur sem eru með opin vottorð vegna langvarandi veikinda sem hafa áhrif á skólagöngu þeirra og mætingar. Nemendur skila inn opnu vottorði til náms- og starfsráðgjafa og skrá veikindi í Innu þá daga sem þeir geta ekki mætt í skólann vegna veikinda sinna, eða forráðamenn í þeim tilvikum þar sem um er að ræða nemendur yngri en 18 ára. Veikindi eru skráð jafnóðum fyrir hvern dag. Náms- og starfsráðgjafar sjá um að merkja viðkomandi nemanda með opið vottorð í Innu.

Í ár breytum við aðeins til og tilgreinum ekki kyn eða ástæðurnar fyrir því að nemendur skila inn opnu vottorði. Við teljum framsetningu á gögnum um opin vottorð sem hingað til hafa tíðast, ekki eiga lengur við. Ekki síst vegna þess að talsverð aukning er á því að ekki er hægt að sjá á vottorðum ástæður fyrir því að nemandi þarf sveigjanleika í mætingu.

Á haustönn 2022 skiluðu 20 nemendur inn opnum vottorðum og á vorönn 2023 skiluðu 29 nemendur inn opnum vottorðum.

Tilvísanir og samskipti við stofnanir og sérfræðinga utan FSu:

- Náms- og starfsráðgjafar áttu í samskiptum við eftirfarandi stofnanir og sérfræðinga:
- Barnavernd
- Barnahús
- Barna- og unglíngageðdeild Landspítalans (BUGL)
- Birta starfsendurhæfing
- Félagsmálayfirvöld

- Fjölmenningateymi Árborgar
- Fósturheimili á vegum félagsmálayfirvalda
- Heilsugæslan
- Sjónarhóll
- Vinnumálastofnun
- Prestur
- Lögreglan

Viðtöl:

Skráning viðtala hjá náms- og starfsráðgjafa er vinnuregla sem yfirleitt tekst að hafa í heiðri. Upplýsingar um fjölda viðtala standa þó einungis fyrir fjöldanum, en ekki því sem fer fram í viðtalinu. Stundum eru heimsóknir nemenda stuttar og um afgreiðslumál er að ræða eða vísanir á aðra starfsmenn skólans. Önnur viðtöl taka lengri tíma, þarfnast úrvinnslu og eftirfylgni og í kjölfarið undirbúnings og fleiri viðtala við nemendur. Oft þarf ráðgjafi að afla sér upplýsinga hjá mörgum aðilum við undirbúning og vinnslu slíkra viðtala. Ekki má gleyma símtölum, viðtölum við kennara, foreldra og aðra sem er líka stór þáttur í starfinu. Einnig eru ráðgjafar í margvíslegri undirbúningsvinnu t.d. fyrir námskeið, fundi og annað sem óskað er eftir. Við teljum því að upplýsingar um fjölda viðtala gefi ekki rétta mynd af starfi náms- og starfsráðgjafa.

Önnur verkefni:

- Ýmis verkefni náms- og starfsráðgjafar eru einstök og tilfallandi og falla ekki undir ákveðinn kafla. Til dæmis eftirfarandi atriði.
- Námsráðgjafar tóku á móti nema í náms- og starfsráðgjöf sem var í vettvangsnámi í eina viku, samtals 24 klst.
- Uppfæra glærुकynningu fyrir kennara þar sem fram koma upplýsingar um greiningar sem algengar eru meðal nemenda og hvernig er hægt að koma til móts við þarfir nemenda með þessar greiningar. Þessar mikilvægu upplýsingar eru sendar út á hverju hausti.
- Fræðsla fyrir kennara á kennarafundi um hlutverk námsráðgjafa og áhersla á mikilvægi nemendasamtala og viðtalstækni fyrir kennara.
- Uppfæra Facebook og Instagram síður fyrir náms- og starfsráðgjöf FSu þar sem sett voru vikulega eða oftár ýmis heilræði og ábendingar og einnig er hægt að senda skilaboð þar með beiðni um viðtal eða fyrirspurnir.
- Aðstoða og koma að innritun eldri nemenda og nýnema sem eru að koma úr grunnskóla, bæði haust og vor meðan opið er fyrir umsóknir um skólavist og jafnvel lengur.
- Sækja um aðgang að hljóðbókasafni fyrir nemendur með greiningar sem eiga rétt á því, þar er hægt að fá flestar námsbækur á hljóðbók og einnig talgervla.
- Stundatöflubreytingar, bæði á tilteknum dögum í upphafi hvers annar, en þessi vinna fer þó yfirleitt fram rúmlega fyrstu viku hvernar annar. Það eru yfirleitt ýmsar ástæður fyrir því að nemendur þurfa að breyta stundatöflum.
- Breyta vali nemenda vegna niðurstöðu námsmats í lok hvernar annar.
- Agnes er í Neyðarstjórn skólans fyrir hönd náms- og starfsráðgjafar.
- Námsráðgjafar uppfærðu brautarplaggöt og samræmdu framsetningu á plaggötum á námsframboði á Reykjum og Selfossi. Þetta var gert í samvinnu við Ágústu myndlistarkennara sem sá um grafíska hönnun og uppsetningu. Sú nýjung var gerð í ár að QR kóða var bætt á plaggötin, en sú ábending kom fram á sjálfsmatsfundum. Plaggötin voru römmuð inn og hengd upp í Hamri og 3. hæð í Odda.

- Námsráðgjafar tóku þátt í að skipuleggja heimsókn Geðlestarinnar í FSu.
- Bjarney var í Kátu Daga nefndinni.
- Skrá upplýsingar í skjalastjórnunarkerfið GoPro.
- Fara yfir námsgagnalista og senda til Hljóðbókasafni upplýsingar um titla sem eru ekki til hjá þeim.

Umræður og lokaorð:

Námsráðgjafar fagna því að félagsráðgjafi hafi verið ráðinn við skólann sem sinnir meðal annars innleiðingu farsældarlaga og teljum við ráðninguna styrkja vel nemendabjónustu skólans. Námsráðgjafar binda vonir við að meira svigrúm gefst nú til að sinna náms- og starfsfræðslu.

Í FSu er mjög fjölbreyttur nemendahópur og fáir framhaldsskólar getað státað sig af jafn fjölbreyttu námsframboði. Af því leiðir að í skólanum er mjög fjölbreyttur nemendahópur til dæmis varðandi námshæfni, aldur og annan bakgrunn. Fjölbreyttur nemendahópur þarf fjölbreytta nálgun og oft ólíka þjónustu. Nemendabjónusta við skólann er vaxandi en betur má ef duga skal. Nauðsynlegt er að hugsa um næstu skref til enn betri þjónustu t.d með ráðningu sálfræðings og kennsluráðgjafa.

Eins og fram hefur komið þá hefur nemendum hafa skilað inn greiningum um námserfiðleika fjölgað umtalsvert milli skólaára. Það er ljóst að þessi aukning kallar á viðbrögð til þess að geta brugðist vel við lögbundnu hlutverki skólans gagnvart þessum nemendahópi. Námsráðgjafar hafa meðal annars orðið varir aukna þörf nemenda á því að taka próf hjá námsráðgjafa á skólatíma. Nemendur sem hafa skilað inn greiningum eiga rétt á ýmsum sérúrræðum eins og upplestri prófa, lengri prófa tíma og næðis. Þar sem FSu er símatsskóli fer mestur hluti námsmats fram á skólatíma og mikilvægt er að koma enn betur til móts við þarfir nemenda fyrir aðstoð. Við höfum kynnt okkur stuðningsúrræði flestra framhaldsskóla og þeir bjóða orðið langflestir upp á námsver sem er opið daglega, jafnvel allan daginn, þar sem nemendur geta fengið aðstoð kennara við verkefni, ritgerðir, stærðfræði og fleira.

Á vorönn var skipulagi áfangamessu breytt. Hingað til hefur hlutverk námsráðgjafa á áfangamessu snúist um að vera í salnum til ráðgjafar og kynna um leið þær brautir sem eru í boði í skólanum. Það er skemmst frá því að segja að námsráðgjafar urðu ekkert varir við áfangamessuna á vorönn með þessu breytta fyrirkomulagi. Námsráðgjafar auglýstu opna viðtalstíma þar sem nemendum var boðið að kíkja við ef einhverjar spurningar kæmu upp. Fáir nemendur nýttu sér þetta tilboð. Við veltum fyrir okkur hvernig best væri fyrir námsráðgjöfina að vera sýnilega á áfangamessu. Við stefnum á að vera með kynningabás í alfaraleið á næstu áfangamessu ef sama tilhögun verður höfð.

Námsráðgjafar telja Mín framtíð góðan vettvang til þess að kynna skólann útá við og þátttaka þar gæti verið mikilvægur þáttur í ímyndarsköpun skólans. Við teljum mikilvægt að nýta hvert tækifæri til þess að kynna skólann og ýta undir jákvæða umræðu og ímynd hans. Hvað varðar tímasetningu á Mín framtíð verður að hafa í huga að hún skarist ekki á við tímasetningu á öðrum mikilvægum hlutum skólastarfsins eins og vali.

Fyrirkomulag nýnemadagsins var gott í ár þar sem eftir hádegið gafst svigrúm fyrir nýnema að hitta okkur námsráðgjafa vegna töflubreytinga. Síðastliðin ár hefur það vantað í skipulagið að nýnemar hafi tækifæri til þess að breyta stundatöflunum, þar sem töflubreytingar hafa eingöngu verið auglýstar rafrænar og akkúrat á meðan að nýnemadagurinn er. Við vitum af fyrri reynslu að nýnemar

þurfa oft að láta breyta töflunum sínum af ýmsum óhjákvæmilegum aðstæðum og nauðsynlegt að skapa svigrúm til þess. Við viljum aftur leggja áherslu á þetta því það skapar stress og kvíða hjá nemendum þegar þeir halda að þeir hafa misst af þessu tækifæri. Sumir skólar bjóða upp á töflubreytingar fyrstu dagana líkt og raunin er hjá okkur, því við námsráðgjafar erum fyrstu dagana að vinna í töflubreytingum og mikið álag vegna þess. Hinsvegar eru töflubreytingar bara auglýstar hjá skólanum í örfáar klukkustundir í einn dag og því margir sem að halda að þeir hafa misst af þeim. Okkur finnst að opinberar upplýsingar skólans eigi að samræmast þjónustunni í reynd og allt sé upp á borðum. Annars standa nemendur ekki allir jafnt að vígi og jafnvel að þeir sem eiga sterkara bakland hafi meira tækifæri til að fá breytingu á töflunni sinni í gegn. Tvo fyrstu daga annarinnar voru námsráðgjafar í töflubreytingum. Þetta fyrirkomulag gafst vel að okkar mati.

Við höfum töluvert velt fyrir okkur hvernig betur má styðja bæði kennara og nemendur í tengslum við valvikurnar, þegar nemendur velja áfanga fyrir næstu annir. Einnig höfum við hugsað um hvernig hægt er að auka tengingu nemenda við sinn umsjónakennara. Í fyrra sendum við hugmynd á stjórnendum um að braganemendum verði skipt í hópa eftir námsbrautum og að kennari á þeirri braut verði bragakennarinn. Þannig teljum við að efla mætti báða þessa þætti, þ.e. gera valið markvissara þar sem að faggreinakennarar þekkja sína braut og þurfa ekki að setja sig inn í allar námsbrautir skólans, ásamt því að þannig teljum við að betri tenging og skuldbinding náist milli umsjónarkennara (bragakennara) og braganemenda. Við höfum einnig séð að í mörgum skólum eru svokallaðir brautarstjórar sem að halda utan um nám nemenda á sinni braut og aðstoða þá við valið og fleira sem tengist námi á brautinni.

Á síðasta skólaári hófst vinna við gerð kynningarmyndbanda fyrir brautir skólans. Það hefði verið æskilegt ef sú vinna hefði haldið áfram á þessu skólaári þar sem það á eftir að búa til myndbönd fyrir fleiri brautir. Þessi myndbönd hafa nýst vel í kynningar fyrir nemendur 10. bekkja nú í tvö skólaár en mikilvægt að uppfæra myndböndin og bæta við myndböndum fyrir fleiri brautir reglulega. Vonandi verður hægt að fara í þá vinnu áfram á næsta skólaári. Námsráðgjöfum þætti tilvalið að nýta myndböndin enn frekar, til dæmis með því að setja þau á heimasíðuna þar sem brautirnar eru kynntar og samfélagsmiðla skólans til þess að vekja athygli á því góða starfi og fjölbreytta námsframboði sem hér fer fram.

Á þessu skólaári hefur orðið talsverð aukning á tilkynningum til barnavernda og öðrum samskiptum við barnaverndir. Fjölgun verkefna í þessum málaflokki sýnir aukna þyngd í málum sem rata á borð námsráðgjafa. Fjölbreyttur nemendahópur skólans kallar á aukna stoðþjónustu á öllum sviðum. Með sameiningu Garðyrkjuskólans á Reykjum við FSu eykst nemendafjöldi skólans töluvert ásamt því að samsetning nemendahópsins verður enn fjölbreyttari. Þörfin fyrir aukna náms- og starfsráðgjöf mun því aukast og almennt er miðað við eitt stöðugildi náms- og starfsráðgjafa á hverja 300 nemendur, en nú eru stöðugildi náms- og starfsráðgjafa 2,25 við skólann. Því má sjá að ef vel ætti að vera þyrftu að vera amk þrjú stöðugildi náms- og starfsráðgjafa við skólann.

Í draumaskólanum okkar er framsýn og leiðandi nemendaþjónusta sem inniheldur náms- og starfsráðgjafa, kennsluráðgjafa (sérkennari fyrir nemendur og kennara), sálfræðing, félagsráðgjafa, fjölmenningsfulltrúa, skólahjúkrunarfræðing og tómtunda- og félagsmálafræðing sem myndi m.a. sinna starfi félags- og forvarnarfulltrúa. Með þannig þjónustu væri komið til móts við námslegar, líkams-, félags- og tilfinningarlegar þarfir nemenda. Nemendur hefðu jafnari tækifæri til náms.

með fullnægjandi árangri. Fáir áfangar eru þess eðlis að allir nemendur taki lokapróf, þá eru sum þessara prófa svokölluð skrap próf, þar sem nemandi hefur tækifæri til að taka upp próf eða verkefni sem hann hefur misst af á önninni vegna ýmissa ástæðna eða staðið sig illa í.

Á haustönn 2022 voru 30 áfangar með próf í próftöflu. Í þau próf voru rúmlega 570 nemendur skráðir. Að auki voru lokapróf í sjö áföngum á sérnámsbraut. Einnig fóru fram munnleg próf í tungumálum. Þær umsóknir um sérúrræði í prófi sem voru samþykktar snéru að því að nemendur óskuðu eftir því að taka próf í fámenni, fá prófin upplesin, fá að taka þau í tölvu, fá stærra letur eða sérstakan lit á prófblöð. Aðstoðarkerfisstjóri hefur umsjón með prófum í tölvu og upptökum á lokaprófum en einnig aðstoðar bókavörður kennara við upptök. Að þessu sinni voru stofur 207 og 208 notaðar fyrir sérúrræði í prófum.

Vorannarpróf 2023:

Aðstoðarskólameistari sendi kennurum drög að próftöflu vorannar þann 31. janúar 2023. Endanleg útgáfa var svo birt á heimasíðu skólans þann 6. febrúar. Próftíminn var frá mánudeginum 8. maí til mánudagsins 15. maí, en þá var sjúkraprófsdagur. Náms- og starfsráðgjafar sáu um að auglýsa frest til að sækja um sérúrræði í lokaprófum en hann rann út miðvikudaginn 26. apríl.

Yfirsetutafla var send kennurum föstudaginn 5. maí. Langflestir kennarar þurftu að sinna hlutverki yfirseta, flakkara eða varamanns einu sinni í prófatörninni. 27 áfangar voru skráðir með lokapróf í próftöflu að þessu sinni, alls rétt rúmlega 400 nemendur nemendur. Auk þess fóru fram lokapróf í 8 áföngum á sérnámsbraut og einnig munnleg próf í tungumálum.

Próftafla í dagskóla 2023 vor

	8. maí mánud.	9. maí þriðjud.	10. maí miðvikud.	11. maí fimmtud.	12. maí föstud.	13. - 14. maí, lau. sun.	15. maí mánud.
kl. 8:30	STÆR1BB05	EFNA2AE05	TNTÆ2GB05	STÆR2HV05	JARD2JI05		Sjúkrapróf
	STÆR1AJ05	EFNA3CL05	NÆRI2AA05	STÆR2VF05	LIFE2LN05		
	STÆR2RU05		LIOL2SS05	STÆR3FD05	LÍFF2EL05		
	STÆR2AF05			STÆR3HD05			
	STÆR2TL05			STÆR3TD05			
	STÆR3TL05						
	ISLE1XB05						
	ISLE1XD04						
	ISLE1XD05						
	ISLE1SX05						
	Munnleg próf í tungumálum	Munnleg próf í tungumálum					
kl. 10:30	ISLE1XB05						
	ISLE1XD04						
	ISLE1XD05						
	ISLE1SX05						
kl. 11:30	SPÆN1AA05	HEST2KF04	DANS2FJ05				
	SPÆN1BB05	ÍPRF3LL05	DANS2ME05				
	SPÆN1CC05						
	SPÆN2DD05						
	Munnleg próf í tungumálum	Munnleg próf í tungumálum					
	Munnleg próf í tungumálum fara fram mán. 8. maí og þri. 9. maí. Nánar auglýst af viðkomandi kennurum.						
	Sjúkrapróf verða mánudaginn 15. maí kl. 8:30. Krafast er læknisvottorða vegna veikinda í prófum.						
	Prófsýning fer fram þriðjudaginn 16. maí kl. 12:30 - 14:00.						
	Brautskráning fer fram föstudaginn 26. maí kl. 14:00						



Sérnámsbraut

Sviðsstjóri: Berglind Bergsveinsdóttir

Sérnámsbraut FSu er nú að ljúka sínu þrítugasta og fyrsta starfsári. Skráðir nemendur í upphafi haustannar voru 63. Þrír nemendur skráðu sig úr námi á önninni. Nýnemar voru alls 18 (þar af einn eldri nemandi sem var að færa sig á milli framhaldsskóla), 16 strákar og 3 stelpur. Einn nemandi fór af GBR yfir á SNB og tveir nemendur færðust af SNB yfir á almennar brautir. Í upphafi vorannar voru 58 nemendur skráðir á brautinni, 45 strákar, 13 stelpur. Þrír nemendur hættu námi á önninni. 13 nemendur, 10 strákar og 3 stelpur, útskrifuðust af sérnámsbraut á vorönn, öll nema einn eftir fjögurra ára nám. Tveir útskriftarnemar stefna á áframhaldandi nám á almennum brautum í haust. Við lok vorannar höfðu fjórir nemendur færst yfir á almennar brautir.

Kennarar og áfangar	Haust önn 2022	Vorönn 2023
Berglind Bergsveinsdóttir	FÉLA1XD01	FÉLA1XD01
	STÆR1SX05	ÍSLE1SX05
	STÆR1XA05	ÍSLE1XB05
		ÍSLE1XD05
Eva Dögg Jafetsdóttir	ÁLFA1XB02	ENSK1SX04
	ÁTTH1XA04	ENSK1XC04
	ENSK1XA04	HÆFI1XA01
	ÍSLE1XT05	ÍSLE1XT05
	ÍPRÓ1SX01	LAND1XA04
	ÍPRÓ1XH05	LÍFS1XÁ02
Guðmundur Björgvin Gylfason	ENSK1SX04	ENSK1SX04
	ENSK1XA04	ENSK1XC04
	ENSK1XC04	ÍSLE1SX05
	FÉLA1SA05	ÍSLE1XB05
	STÆR1SX05	ÍSLE1XD05
	STÆR1XA05	STÆR1SX05
		STÆR1XB05
		STÆR1XC05

		STÆR1XD05
Halldóra Björk Guðmundsdóttir	ÁTTH1XA04	ENSK1RX05
	BRAG1XA01	ENSK1SX04
	ENSK1RX05	ENSK1XC04
	ENSK1SX04	LÍFS1XÁ02
	ENSK1XA04	STAS1XA02
	ENSK1XC04	
	SPIL1XA01	
Ingibjörg Markúsdóttir		ÍSLE1SX05
		ÍSLE1XB05
		ÍSLE1XD05
		ÍPRÓ1SX01
		ÍPRÓ1XH05
		SPIL1XA01
		STAS1XA02
Jóhanna Guðjónsdóttir	ÁTTH1XA04	ÍSLE1SX05
	ÍSLE1SX05	ÍSLE1XB05
	ÍSLE1XA04	ÍSLE1XD05
	ÍSLE1XC05	LAND1XA04
	STÆR1SX05	LÍFS1XV02
	STÆR1XA05	STÆR1SX05
		STÆR1XB05
		STÆR1XC04
		STÆR1XC05
		STÆR1XD05
Linda Rut Larsen	ÁTTH1XA04	ÍSLE1SX05

	ÍSLE1SX05	ÍSLE1XB05
	ÍSLE1XA05	ÍSLE1XD04
	ÍSLE1XC05	ÍSLE1XD05
	KVIK1SX02	KVIK1SX02
	STÆR1SX05	LAND1XA04
	STÆR1XA04	STÆR1SX05
		STÆR1XB04
		STÆR1XB05
		STÆR1XC04
		STÆR1XC05
		STÆR1XD04
Sigrún Þorkelsdóttir	ÁTTH1XA04	ÍSLE1XB05
	ÍSLE1SX05	ÍSLE1XD05
	ÍSLE1XA05	LAND1XA04
	ÍSLE1XC05	SPIL1XA01
	STÆR1SX05	STÆR1SX05
	STÆR1XA05	STÆR1XB05
		STÆR1XC05
		STÆR1XD05
Þorbjörg Vilhjálmsdóttir	ÁTTH1XA04	ÍSLE1SX05
	BRAG1XA01	ÍSLE1XB05
	ÍSLE1SX05	ÍSLE1XD05
	ÍSLE1XA05	LAND1XA04
	ÍSLE1XC05	SPIL1XA01
	SPIL1XA01	STAS1XA02

Anna Kristín Valdimarsdóttir	MYNL1SX02	MYNL1SX02
	MYNL1SX05	MYNL1SX05
		LEIR1SX02
Axel Benediktsson	SPIL1XB02	SPIL1XB02
		SPIL1XC02
Ásdís Björg Ingvarsdóttir	ÍÞRÓ1BX02	ÍÞRÓ1PX02
	ÍÞRÓ1PX02	
Brynja Valgeirsdóttir		HEST1SX02
Dagný Magnúsdóttir		MATR1SX05
Elísabet Helga Harðardóttir	MYNL1SX05	
Freyja Haraldsdóttir	REIM1SX02	REIM1SX02
Guðbjörg Bergsveinsdóttir	FATN!SX05	
Guðbjörg Helga Guðmundsdóttir	STÆR1RX05	STÆR1RX05
Guðmundur Garðar Sigfússon		ÍÞRÓ1GX02
		ÍÞRÓ1PX02
		ÍÞRÓ1GX02
Guðríður Egilsdóttir	MATR1SX05	
		MATR1SX02
Gunnar Rafn Borgþórsson	ÍÞRÓ1PX02	
Gunnar Svanur Einarsson		MÁLM1SV02
Helga Sigurðardóttir	BAKA!SX02	
	MATR1SX03	
Helgi Hermannsson	TÖLF1SX02	FOPJ1XA05
Ingunn Helgadóttir	STÆR1RX05	STÆR1RX05
Jóhann Snorri Bjarnason	RAF1SX02	
Jón Sigursteinn Gunnarsson	TRÉS1SX02	TRÉS1SX02

Jón Özur Snorrason		ÍSLE1RX05
Kristjana Hrund Bárðardóttir		ENSK1RX05
Lárus Bragason	SKÁK1SX02	ÍPRÓ1XE01
Lárus Gestsson	TRÉS1SX02	
Magnús Tryggvason	ÍPÓ1GX02	
Rósa Marta Guðnadóttir	GOÐI!SX02	
Sabína Steinunn Halldórsdóttir	ÍPRÓ1GX02	ÍPRÓ1GX02
	ÍPRÓ1PX02	ÍPRÓ1PX02
Sigríður Guðmundsdóttir	SPÆN1SX04	
		SPÆN1SX04
Sigurþór Leifsson		MÁLM1SV02
Stefán Birnir Sverrisson	RAFM1SX02	RAFM1SX02
Stefán Hannesson		ÍSLE1RX05
Svanur Ingvarsson	LEÐU1SX02	TRÉS1SX02
Þór Stefánsson		RAFM1SX02
Þóra Valdís Hilmarsdóttir	HÁRG1SX02	HÁRG1SX02
Þuríður Ingvarsdóttir		FATN1SX05

Berglind Bergsveinsdóttir tók að sér sviðstjórnastöðu skólaárið 2022-2023, Jóhanna Guðjónsdóttir kom aftur inn í kennslu eftir námsleyfi á vorönn 2022 og Hafdís Garðarsdóttir var í leyfi allt skólaárið. Einn sérkennari var í veikindaleyfi frá febrúar og fram í apríl. Hinir sérkennararnir og þroskaþjálfari brautarinnar leystu hann af með því að hver og einn bætti aðeins á sig kennslu. Stuðningsfulltrúar á haustönn voru Aðalbjörg Kristín Kristinsdóttir, Alma Sigurjónsdóttir og Agnetha Thomsen, allar í 84% , á ársgrundvelli (100% hlutfall á starfstíma skóla). Lovísa Bragadóttir stuðningsfulltrúi var í barneignaleyfi en kom aftur inn um miðjan mars á vorönninni. Ingibjörg Markúsdóttir kom inn í upphafi haustannar sem stuðningsfulltrúi í 30% stöðu en bætti síðan við sig á vorönn, kennslu í tveimur áföngum með nemenda með miklar sérþarfir.

Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu

Á vorönn voru kenndir tveir nýir áfangar og einn áfangi í breyttri mynd. Vertu Þorðu ! er tveggja eininga áfangi þar sem unnið er með félagsfærni og samskipti og var efni áfangans unnið með hliðsjón af PEERS hugmyndafræðinni. Jóhanna Guðjónsdóttir kenndi, mótaði og vann námsefni fyrir áfangann. Markmið áfangans var að kenna nemendum að mynda og viðhalda vináttu og takast á við

ágreining og höfnun. Þeir lærðu félagsfærni sem nýtist þeim í fullorðins lífinu. Nemendur voru hvattir við að finna sér félagshópa sem falla að áhugasviði þeirra með liðsinni stuðningsaðila sem þeir völdu sér og aðstoðaði þá við heimanám. Áfanginn eflir samvinnufærni og samskiptahæfni. Áfanginn tókst vel og er lagt upp með að hann verði kenndur áfram, sem valáfangi á vorönn.

Dýr og náttúra er áfangi sem var útbúinn út frá óskum nemenda á haustönn 2022. Þar var áhersla á að fjalla um dýr á ýmsan hátt og með áhuga nemenda að leiðarljósi. Eva Dögg Jafetsdóttir kenndi áfangann, mótaði og útbjó námsefni. Áfanginn var í mótun á önninni þar sem nemendur tóku þátt í mótun hans og eins að tekið var miða af áhuga nemenda. Lagt var upp með sanngjörn, skýr og auðleyst verkefni en á móti gerð krafa um góða mætingu, virkni í tímum, jákvæðni, umræður og samstarf í hópavinnu. Fjallað var um gæludýr, tilgang og notagildi, uppáhalds dýr og skrýtin dýr og verkefni þar sem nemendur sköpuðu sitt eigið dýr. Verkefni fólust í samvinnu, rökræðum, leit að upplýsingum á netinu og áfanga lauk með kynningu á lokaverkefni. Niðurstaða kennslukönnunar sýndi að nemendur voru almennt ánægðir með áfangann, voru jákvæð fyrir tímum, leið vel í tímum og myndu mæla með áfanganum. Niðurstaða að áfanginn haldi áfram sem valáfangi og sé mótaður út frá áhuga nemendahópsins hverju sinni.

Hæfileikakeppni var áfangi sem var settur inn á vorönn, hefur verið áður kenndur er með öðru sniði. Ákveðið var að setja áfangann inn til að gefa nemendum færi á að vinna að atriði fyrir hæfileikakeppni sérnámsbrautaframhaldsskóla sem var í vor. Eva Dögg Jafetsdóttir tók að sér að sjá um áfangann ásamt 8 nemendum sem voru skráðir í áfangann í upphafi annar. Kennt var einn tími viku. Mikil vinna í hugmyndum fór af stað í upphafi áfanga. Vinnan í áfanganum fólst m.a. í hugmyndavinnu, samráði, útfærslu á atriðum, leik, búningahönnun, taka upp atriði og klippa. Misjafnt var hvernig gekk í hverjum þætti fyrir sig og reyndi mikið á samvinnu, skoðanaskipti, sátt, skilning og virðingu. Nemendur voru allir virkir á eigin forsendum og fundu sér hlutverk við hæfi. Verkefnið var hugarsmiði nemenda frá a til ö. Farið var á hæfileikakeppnina sjálfa og gekk sú ferð vel.

Kennari reyndi að vera í samskiptum við nemendur í gegnum netpóst utan tíma með misjöfnum árangri. Eins var mikil ábyrgð fyrir einn nemanda að sjá alfarið um alla klippi vinnu. Að mati kennara er þetta þarfur áfangi, flottur og eflandi en hann þarf að vera stærri, þ.e. tvöfaldur tími einu sinni í viku með svigrúm til að slá tímum saman ef verkefni krefjast þess. Stuðningsfulltrúi var með í áfanganum sem var mikilvægt. Að mati nemenda var þetta skemmtilegur áfangi sem gaf þeim mikið, styrkti samvinnu og tengsl.

Námsmat - símat/lokapróf - mat á námsmatsaðferðum

Námsmat á skólaárinu var hefðbundið, þ.e. lokapróf var einungis í íslensku eins og löng hefð er fyrir. Símat er langalgengasta námsmatsformið á sérnámsbraut.

Námskeið sem kennarar hafa sótt

- Aðalfundur og fræðsludagur Félags sérkennara í framhaldsskólum, 7. október. Sérkennarar og þroskaþjálfar brautar fylgdust með í gegnum streymi. Streymið sátu; Eva, Berglind (að hluta) Halldóra, Jóhanna, Linda og Sigrún.
- Ferð í Spilavini – Kynning og fræðsla á spilum sem henta vel í kennslu á sérnámsbrautum. 31. ágúst. Í ferðina fóru, Berglind, Eva, Halldóra, Jóhanna, Obba og Sigrún.

- Afmælisráðstefna Ásthildar Bj. Snorradóttur talmeinafræðings. – 28. október. Jóhanna mætti á ráðstefnuna.
- Fræðsludagur ísl. sérkennara 28. nóv. 2022. Þátttaka af brautinni, Sigrún.
- Starfsdagur þroskaþjálfara, Þroskaþjálfinn, fagmaðurinn og ég. 26. og 27. janúar. Berglind fór á starfsdagana.
- Ráðstefna BUGL 2023, "Raddir lífsins eru margar" Skólaforðun, áskoranir og úrræði. 27. janúar. Jóhanna fór á ráðstefnuna.
- 7 steps of project based learning. Erasmus verkefni. 2. – 7. apríl. Námskeiðið var haldið á Tenerife, þátttakendur af brautinni voru, Berglind, Eva, Halldóra, Ingibjörg, Linda og Sigrún
- Lærðu á styrkleika þína, margfaldaðu árangur þinn. Námskeið á vegum BHM, 24. apríl. Berglind mætti.
- Vorráðstefna Ráðgjafar-og greiningarstöð, Fagmennska og framsækni í þjónustu við börn með fatlanir. - 11. og 12. maí. Þátttakendur af brautinni voru; Berglind, Jóhanna, Linda, Sigrún og Obba
- Endurmenntun HÍ, Jákvæð sálfræði - 25 maí. Þátttakendur af braut, Sigrún
- Streitutengd kulnun, fyrirlestur hjá BHM. 6. Júní. Berglind mætti.
- Sumarnámskeið Endurmenntunar HÍ og FSF, Kærleikur og kynfræðsla – mótþrói og meðvirkni, 5. og 6. júní. Eva og Halldóra eru með erindi á námskeiðinu. Þátttakendur af brautinni sem hafa skráð sig eru; Eva og Halldóra, Guðmundur, Jóhanna, Ingibjörg Linda, Sigrún, Obba.
- Rannsóknir og kenningar í skóla án aðgreiningar 10 erts. á vorönn HÍ. – Halldóra Björk lauk námskeiði.
- Sjálfboda starf: Kenningar og verkefni tengd menntun og velferð 5 erts, HÍ. á haustönn. – Halldóra Björk lauk námskeiði.

Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu

Keypt var heimskort plakat fyrir landafræði sem kennd var á haustönn. Keypt voru spil eftir kynningu í Spilavinum, spil sem nýttast fyrir stærðfræði, íslensku og ensku. Keypt efni frá Teachers pay teacher til að nota í stærðfræði. Keyptur aðgangur að Twinkl þar sem nýtt var efni fyrir flest allar námsgreinar.

Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs

Starfsáætlun sérnámsbrautar fyrir haustönnina er enn í vinnslu. Í dag eru á skrá 33 nemendur til viðbótar við þá nemendur sem eru þegar skráðir á brautina við lok vorannar. 29 nýnema, 3 eldri nemendur og 1 sem færir af almennri braut yfir á SNB. Í haust eru þá áætlaðir 71 nemandi á brautinni, þar af eru tveir með einstaklingskennslu og þurfa stuðning með sér öllum stundum ásamt einum öðrum nýnema.

Hafdís Garðarsdóttir kemur til baka í kennslu eftir árs leyfi, Ingibjörg Markúsdóttir kemur í fulla kennslu og ráðgert er að ráða tvo stuðningsfulltrúa í 50% stöður. Berglind Bergsveinsdóttir fer úr sviðstjórastöðu og í kennslu og minnkar við sig í 80% starfshlutfall, tímabundið. Eva Dögg Jafetsdóttir minnkar einnig við sig tímabundið í 80% starf en hún er í námi meðfram vinnu. Ekki er komið í ljós hver tekur við sviðstjórastöðu sérnámsbrautar á þessari stundu. Gert er ráð fyrir stuðningi inn í ÍSAN (íslenska sem annað mál). og er viljrði af hálfu skólastjórnenda fyrir stuðningi í 4 kennslustundir á viku. Stuðningurinn er fyrst og fremst hugsaður í tímum með nemendum sem eru nýkomnir til landsins og hafa engan grunn í íslensku.

Kennslufyrirkomulag verður með svipuðu sniði og áður. Það má gera ráð fyrir heldur meiri stuðningi miðað við þann nemendahóp sem er að koma inn, fleiri nemendur sem eru í litlum hópi. Í því ljósi er verið að skoða með aðstöðuna í Viðveru, að breyta henni þannig að hún henti betur þeim hópi sem kemur til með að nýta hana og eins að þar sé svigrúm til að mæta þörfum nemenda með miklar stuðningsþarfir.

Áætlað er að hafa námskeið eða fræðslu fyrir starfsfólk brautarinnar í haust varðandi öryggi og viðbrögð í vinnu með nemendum sem eru mjög krefjandi (sem beita ofbeldi, geta verið hættulegir sjálfum sér og öðrum).

Á vorönn 2023 var ákveðið að taka út verkgreina áfangana, rafmagn, smíði og málm, í vali á fyrstu önn, val nýnema. Ástæðan er að í þessum áföngum er mikið um áhöld og vélar sem þarf að fara að með gát. Erfitt er að átta sig á getu, færni eða viðbrögðum nýnema og því talið betra að starfsfólk brautar hafi kynnst þeim betur áður en þessar greinar eru í boði.

Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir

Fá ný samstæð húsgögn í stofu 316. Hefur áður verið bent á það. Síðast liðið haust tók kennari sig til með aðstoð húsvardar að taka til í stofunni og reyna að skipta út lélegum og illa samstæðum húsgögnum og finna önnur sem pössuðu við það sem fyrir var (úr geymslu skólans). Enn er samt um gömul húsgögn að ræða. Það má benda á að sá hópur sem sérnámsbrautin þjónustar er oft sá hópur sem ekki er í hávegum hafður í samfélaginu, viðkvæmur jaðarhópur. Því er mikilvægt að gæta að umhverfi og aðstæðum, að þær ýti ekki undir að það viðhorf viðhaldist enn frekar.

Það má skoða með fjölda kennslustofa fyrir brautina. Á brautinni er nemendum að fjölga og hópurinn að stækka sem þarf meiri stuðning. Það kallar á fleiri kennslustofur og mikilvægt að skoða það, hugsað til áframhaldandi þróunar brautarinnar.

Það þarf að endurskoða og bæta vinnuaðstöðu kennara á brautinni. Haustið 2023 eru 8 kennarar að nýta vinnusvæði sérnámsbrautar en þar er nú aðstaða fyrir 7 kennara, einnig sem rýmið þar er mjög þröngt. Brautinni fylgir mikið af kennslugögnum sem þurfa að vera aðgengileg á vinnusvæðinu og þarf að hafa það í huga við skipulagningu. Einnig hefur verið bent á, að það vanti aðstöðu fyrir kennara til að geta átt í símaviðtölum við aðstandendur og aðra þjónustuaðila utan skólans. Oft er um viðkvæm símtöl að ræða og engin aðstaða þar sem hægt er að fara afsíðis.

Það þarf að vinna að skýrum ramma varðandi öryggi og viðbragðsáætlanir fyrir starfsmenn brautarinnar. Álagið á brautinni er að aukast og það eru að koma inn fleiri nemendur með hegðunar erfiðleika þar sem þarf að vera skýrt hvernig á að bregðast við í hverjum aðstæðum.

Dimmisjón og aðkoma skólans. Á vorönn 2023 útskrifaðist stór hópur nemenda úr skólanum og voru 13 nemendur af SNB. Það hefur verið hefð fyrir því að skólinn bjóði útskriftarnemendum í súpu að morgni þess dags sem nemendur „dimmitera“. Það var mjög áberandi (og ekki við hæfi) hvernig útskriftarnemendur af SNB voru sett til hliðar við þessar aðstæður og ekki boðið (þeir voru ekki að dimmitera með hópnum) þó þeir hefðu gjarnan viljað fá að vera með. Það er mikilvægt að skoða hvernig hægt er að samræma umgjörð varðandi útskriftarnemendur þannig að þeir upplifi að þeir sitji við sama borð, sama á hvaða braut þeir eru. Nemendur á SNB þurfa meira utan um hald og stuðning en almennt er gert ráð fyrir hjá útskriftarnemendum t.d. varðandi, upplýsingaflæði, fundi,

umgjörð ofl. Því er mikilvægt að skoða og ræða hvernig best má gera þeim kleift að vera þátttakendur í útskriftarhópnum þannig að þeir finni að þeir séu hluti af þeim hópi.

Varðandi starfsdaga FSu á vorönn, þar sem brautinni gefst kostur á rýni til þróunar er mikilvægt að stuðningsfulltrúar geti komið þar inn. Þeir eru mikilvægur hluti af brautinni og þeirra aðkoma tengist bæði náminu, nemendunum, aðstæðum og umhverfinu og er þeirra sýn og innlegg mikilvægt í alla umræðu og vinnu hvað varðar þróun á brautinni.

Námsstuðningur við nemendur á SNB. Það hefur verið rætt í vetur hvort möguleiki á námsaðstoð fyrir nemendur á SNB væri mögulegur og þá í hvaða mynd. Hópurinn sem stundar nám á SNB er mjög breiður hvað varðar námsgetu og hlýtur það að vera markmið að gera hverjum nemanda kleift að ná sem bestum árangri. Það eru nemendur sem eru að spreyta sig í almennum áföngum (með gildum einingum). Þeir hafa námsgetuna en vantar stundum upp á stuðning til að fóta sig í nýjum aðstæðum þar sem hraðinn og kröfur eru meiri. Námsstuðningur sniðinn að þeirra þörfum væri mikill kostur og mikilvægt að skoða hvernig hægt er að koma því við.

Annað

Þrískólafundur var haldinn á Akranesi. Það var áhugavert að sjá og kynna sér námsbrautinni þar. Þar voru íslenskuverkefni sem vöktu áhuga og kennarar tilbúnir að nýta sér, eins var áhugavert að heyra hvernig fyrirkomulagið á ökunáminu er þar og munum við skoða það fyrir vorönn 2024. En það kom á óvart hversu lokuð brautin er (sérdeild) og virðist lítið í tengslum við skólasamfélagið í skólanum.

Hæfileikakeppni sérnámsbrauta framhaldsskóla var haldin í fyrsta skipti eftir Covid. Sérnámsbraut Tækniskólans hélt viðburðinn sem heppnaðist mjög vel. Ákveðið var að hafa áfanga á vorönn, HÆFI1SX01 sem gæfi nemendur tækifæri til að vinna saman að atriði fyrir keppnina. Sá áfangi heppnaðist mjög vel til að ná hóp saman og virkja til að vinna að atriði fyrir keppnina. En ef vel á að vera þarf sá áfangi að vera stærri, a.m.k. tvær einingar, þar sem mikill undirbúningur og samvinna felst í þessu verkefni.

Aðkoma nýráðins félagsráðgjafa hjá FSu að brautinni hefur verið mikill fengur fyrir brautina. Það eru þó nokkrir nemendur á brautinni sem þurfa aðstoð/ráðgjöf (þjónustu) utan þess sem skólinn býður og er mjög gott að geta leitað til félagsráðgjafa með þau mál þar sem hún hefur innsýn inn í hvar hægt er að fá þjónustu sem þarf.

Sjálfsmat

Sjálfsmatsnefnd: Ida Løn, Kristjana Sigríður Skúladóttir og Sigursveinn Sigurðsson

Inngangur:

Fjölbrautaskóli Suðurlands var stofnaður árið 1981 og átti hann því 41 árs starfsafmæli á



haustdögum 2022. Á heimasíðu skólans kemur fram sýn hans, en hún byggir á að allir séu metnir að verðleikum, njóti skilnings og beri virðingu fyrir sjálfum sér, öðrum og umhverfi sínu. Að sama skapi segir að skólinn stefni að árangursríku og fjölbreyttu skólastarfi þar sem áhersla er lögð á fagþekkingu, sköpunarhæfni og metnaðarfullt þróunarstarf.

Hlutverk skólans er að búa nemendur undir frekara nám, að bjóða upp á fjölbreytt starfsnám í góðum tengslum við atvinnulífið og að búa nemendur undir daglegt líf í Lýðræðisþjóðfélagi.

Nemendafjöldi er orðinn nokkuð stöðugur en þeim fækkaði nokkuð fyrst eftir að námstími til stúdentsprófs var stytur. Nú eru hins vegar vísbendingar um að nemendum fari fjölgandi aftur við skólann, mikill fólksfjöldun hefur orðið á upptökusvæði skólans á undanförunum misserum. Í dag þurfa nemendur 200 framhaldsskólaeiningar til þess að ljúka stúdentsprófi og ljúka flestir þeim einingum á sex til átta önnum. Nemendafjöldi á haustönn 2022 voru 926 og á vorönn 2023 voru þeir 877. Þetta er fjöldi nemenda sem stundar nám í dagskóla en síðan er einnig kennsla í gangi í fangelsunum á Litla Hrauni, í Sogni og á Hólmsheiði. Kennarar frá FSu fara á Litla Hraun og í Sogn en fjarkennsla er í gangi á Hólmsheiði. Nokkrir kennarar sinna einnig fjarkennslu nemenda úr 10. bekkjum grunnskóla á Suðurlandi. Þeim nemendum hefur verið boðið upp á kennslu í ensku, stærðfræði og dönsku. Áfram var kvöldskóli í rafvirkjun og húsasmíði og á vorönn bættist við staðkennsla í FabLab smiðju skólans og í myndlist fyrir grunnskólanemendur í Árborg.

Í markmiðum skólans kemur fram hvert er stefnt, hægt er að nálgast þau markmið með því að fara inn á heimasíðu skólans: <https://www.fsu.is/is/um-skolann/stefnur/markmid>

Með því að setja þessi markmið er verið að búa til leið sem skólinn vill fylgja til þess að ná sem bestum árangri. Markmiðin eru byggð upp á þann hátt að lögð er áhersla á að ná yfir alla þætti starfsins og það sem við viljum sjá gerast eftir að unnið hefur verið með nemendum að ákveðnum þáttum. Varðandi markmiðin þá eru þau endurskoðuð og metin með ákveðnu millibili af starfsmönnum skólans. Þegar þau hafa verið metin er brugðist við og markmiðin uppfærð eins og við á í hvert skipti. Þegar markmiðin liggja fyrir eru þau metin en þá er fyrst og fremst velt fyrir sér: 1. Eru þau raunhæf, og 2: Er skólasamfélagið að ná þeim? Matsfundir gefa okkur ákveðna niðurstöðu sem við bregðumst við eins og við á hverju sinni.

Sjálfsmatshópurinn hittist að jafnaði einu sinni í viku í 55 mínútur í senn. Í upphafi haustannar voru línur lagðar og ákveðið hvað ætti að gera á skólaárinu. Áfram var haldið með að leggja fyrir könnun um gæði náms og kennslu þ.e. GNOK. Hún var lögð fyrir tiltekna nemendahópa samkvæmt nýlegu skipulagi og hófst önnur umferð þess á vorönn. Starfsfólk lagði mat á starfsumhverfi sitt á haustönn

og starfsfólk og nemendur ræddu markmið skólans á skólafundi á vorönn. Þá voru ýmsar minni kannanir lagðar fyrir starfsfólk, nemendur og, í fyrsta skipti, aðstandendur nýnema.

Markmið og tilgangur matsins:

Sjálfsmatinu þetta árið var stýrt af hópi sem í sátu þrír einstaklingar, hópinn skipuðu Ida Lön, Kristjana Sigríður Skúladóttir og Sigursveinn Már Sigurðsson.

Markmið sjálfsmatsins er að rýna til gagns þannig að öll starfsemi skólans sé skoðuð með ákveðnu millibili og leitað sé leiða til úrbóta í framhaldi af rýninni. Vinna sjálfsmatshópsins byggir á því að stýra vinnunni og leggja fyrir verkefni til að meta, undirbúa fundi og gera síðan aðgerðaáætlanir í framhaldi af matinu. Auk þess hefur hópurinn reynt að sjá hvar skóinn kreppir í einstökum málum og þá skoðað þau mál með aðstoð frá starfsfólki skólans og nemendum. Almennt má segja að starfsfólk komi jákvætt til þeirra funda sem haldnir eru vegna matsins og gleðjist yfir því að fá að hafa áhrif á stefnu stofnunarinnar í ýmsum málum.

Aðferðir og framkvæmd matsins:

Síðustu ár hefur stýrihópurinn notast við kannanir í Innu til að meta hin ýmsu atriði í skólastarfinu, bæði stuttar og lengri kannanir.



Skoska sjálfsmatskerfið, How good is our school eða HGIOS, hefur verið notað þegar hópar koma saman og eru þá metnar fullyrðingar sem tengjast markmiðum skólans. Á fundunum er starfsfólk og nemendum skipt í hópa og meta þessir hópar ákveðnar fullyrðingar sem þeim er úthlutað og gefa þeim einkunn. Einn fundur var á haustönn og annar á vorönn, en fundurinn á vorönn var jafnframt skólafundur.

Starf sjálfsmatsnefndar á skólaárinu:

Stýrihópurinn um sjálfsmat fundaði alls 25 sinnum á skólaárinu. Það voru 14 fundir á haustönn og 11 á vorönn. Miðað var við að fundirnir rúmuðust innan 55 mínútna í hvert skipti en ekki var laust við að það teygðist stundum svolítið úr þeim 55 mínútum. Fundað var á þriðjudögum á haustönn kl. 14:35 og á vorönn var fundað á þriðjudögum kl. 09:10.

Byrjað var á því á haustdögum að yfirfara áætlun vegna sjálfsmatsins og setja inn dagsetningar á fyrirhuguðum fundum með starfsfólki á önninni. Á haustönn var ákveðið að fá aðstoð starfsfólksins við að meta starfsumhverfi þeirra í skólanum og var það gert á fundi föstudaginn 30. september. GNOK var lagt fyrir ákveðna hópa í Innu seinni hluta október mánaðar. Niðurstöður könnunarinnar voru í kjölfarið birt viðkomandi kennurum í Innu. Þá lagði stýrihópurinn fleiri kannanir fyrir á haustönninni, t.a.m. eina könnun á bókakostnaði nemenda og vinnu með námi í lok ágúst. Einnig var kannað hvaða ferðamáta annars vegar nemendur og hins vegar starfsmenn nýttu sér til að koma sér

til vinnu en það var gert sem liður í innleiðingu grænna skrefa í ríkisrekstri. Þá lagði stýrihópurinn einnig könnun fyrir aðstandendur nýnema í lok nóvember.

Í upphafi vorannar var ákveðið að halda hinn árlega skólafund föstudaginn 10. mars og að þá myndu starfsmenn og nemendur leggja mat á markmið skólans í heild sinni og ræða m.a. hvers konar markmið við viljum hafa fyrir skólastarfið. Eftir fundinn tók stýrihópurinn niðurstöðurnar og vann úr þeim en ekki náðist að ljúka þeirri vinnu að öllu leyti fyrir lok skólaársins. Þeirri vinnu verður lokið í haust. Að auki var GNOK könnun lögð fyrir ákveðna hópa í Innu um miðjan marsmánuð.

Niðurstöðurnar voru síðan birtar viðkomandi kennurum. Til viðbótar þessu lagði stýrihópurinn einnig könnun fyrir kennara vegna stokkatöflunnar, m.a. til að kanna þörf á breytingum á henni og einnig var lögð könnun fyrir starfsfólk vegna skóladagatals næstkomandi skólaárs. Þá var könnun lögð fyrir alla nemendur í dagskóla í lok annar þar sem m.a. var spurt um líðan nemenda.

Niðurstöður matsins:

Starfsfólk skólans fékk það hlutverk að meta starfsumhverfi sitt á sjálfsmatsfundi í lok september. Stýrihópurinn vann úr niðurstöðunum og sá um að koma ákveðnum atriðum til þeirra starfsmanna sem málið snerti. Vinna sem þessi er ávallt gagnleg og nýtist stjórnendum við að bæta þær aðstæður sem starfsfólk starfar í.

Í könnun um nýja eyktaskipan sem tekin var upp á vorönn 2021, meðal annars til að koma til móts við þarfir nemenda á Covid tímum, kom í ljós að mikill meirihluti kennara var enn ánægður með skipulagið. Könnun þessi var lögð fyrir í kjölfar umræðu á kennarafundi í apríl mánuði. Í ljósi niðurstöðunnar var tekin sú ákvörðun að halda eyktaskipaninni óbreyttri næsta skólaár þ.e. 2023-24.

Eftirfarandi námsgreinar voru metnar með GNOK á skólaárinu:

Haust 2022:

- Íslenska, goði
- Bridge
- Raungreinar (jarðfræði, eðlisfræði, efnafræði, líffræði, lífeðlisfræði, landafræði, næringarfræði)
- Rafvirkjabraut
- Matreiðsla og bakstur
- Þriðja mál (spænska, þýska)
- Ergó
- Sjúkraliðabraut (og LÍOL)
- List- og skapandi greinar (myndlist, leiklist, listir og menning, höte, nými)

Vor 2023:

- Stærðfræði
- Húsasmíðabraut
- Samfélagsgreinar (félagsfræði, sálfræði, hugi, uppeldisfræði, heimspeki, saga, kvikmyndasaga)
- Ergó
- Umhverfisfræði

- Íþróttir, íþróttafraeði og íþróttagreinar
- Rafíþróttir

Stýrihópurinn breytti skipulaginu örlítið á GNOK-inu hvað varðar dreifingu námsgreina á annir og var það gert til að jafna betur fjölda hópa sem eru metnir hverju sinni. Þá var sú breyting gerð á spurningunum á vorönn að hlutlausir svarmöguleikar voru fjarlægðir. Var það gert til að nemendur tækju afstöðu til þeirra atriða sem þeir áttu að meta. Svarhlutfallið var 65% á haustönn og 66% á vorönn.

Þegar niðurstöður GNOK-sins eru bornar saman við niðurstöður fyrri ára má sjá að á heildina litið eru þær nokkuð líkar, þ.e. ekki er hægt að greina miklar breytingar. Þó skal þess getið að samanburður milli ára er nú ef til vill ekki alveg marktækur, enda færri námsgreinar og áfangar nú metnir í einu. Það er ánægjulegt að sjá að nemendur eru almennt séð ánægðir með sína kennara og kennsluna. Kennurum var birt niðurstaðan eftir að niðurstöður matsins lágu fyrir og þeir beðnir um að skoða niðurstöður sínar. Aðeins skólameistari og aðstoðarskólameistari hafa aðgang að niðurstöðum allra.

Niðurstöður sjálfsmatsfundar haustannar og skólafundar vorannar voru nýttar til að bæta ákveðna hluti í skólastarfinu. Ákveðin atriði sem komu þar fram voru þess eðlis að ekki var hægt að koma til móts við þau en munu þó nýtast áfram í þeirri umbótavinnu sem framundan er í skólanum.

Samantekt og ábendingar:

Óhætt er að segja að það að geta notað Innu til að leggja hinar ýmsu kannanir fyrir starfsfólk og nemendur með tiltölulega einföldum hætti reyndist afar gagnlegt. Þó má nefna að áfram þarf að minna nemendur og starfsfólk á að svara þessum könnunum til að svarhlutfallið verði áfram gott.

Talsverður tími fór í að fá nemendur til að mæta á og taka þátt í sjálfsmatsfundum. Í ljós kom að þeim tíma er mjög vel varið þar sem nemendur hafa innsýn í skólastarfið sem kennarar og stjórnendur hafa ekki endilega.

Undir lok vorannar var lögð könnun fyrir alla nemendur í dagskóla. Þar var m.a. spurt um líðan nemenda í lok skólaársins. Á heildina litið mátu nemendur líðan sína góða en þó var ákveðinn fjöldi nemenda sem líður ekki vel í skólanum og er einmana. Þá var einnig spurt um það hvort nemendur hefðu orðið varir við einelti í skólanum og tæplega 10% svaraði því játandi. Þessar niðurstöður gefa tilefni til að skoða þessi atriði enn betur á næsta skólaári og bregðast við með einhverjum hætti.

Ída Lön og Kristjana Sigríður Skúladóttir segja nú skilið við stýrihópinn en Guðfinna Gunnarsdóttir og Pelle Damby Carøe taka þeirra sæti í hópnum í haust.



Umbótaáætlun:

Í byrjun haustannar mun stýrihópurinn klára að vinna úr niðurstöðum skólafundarins. Þá verða markmið skólans aftur metin með starfsfólki skólans. Niðurstöður nemendakönnunar undir lok skólaársins gefa tilefni til frekari vinnu og skoðunar og mun stýrihópurinn, í samvinnu við fleiri aðila innan skólasamfélagsins, rannsaka ákveðin atriði, s.s. einmanaleika nemenda og einelti. Í kjölfarið verða viðbrögð skipulögð til að ná betur til nemenda sem m.a. standa höllum fæti félagslega eða upplifa sig ein.

Litið um öxl frá vorönn 2012:

Önn	Nánar
V2012	Nám og kennsla (GNOK) – unnið.
H2012	Mennska – unnið.
	Lögð fyrir könnun um líðan nemenda.
V2013	Starfsumhverfi – þessi liður var ekki skoðaður vegna fyrirhugaðra byggingarframkvæmda við verknámshúsið Hamar og breytinga í tengslum við það.
	Heimasíða skólans var metin.
	Lögð fyrir könnun tengd heilsueflandi skóla.
H2013	Tengsl við samfélagið voru skoðuð og fengu kennarar verkefni til að vinna í tengslum við það. Þeir áttu að reyna að efla tengsl við samfélagið með aðgerðaáætlun þar sem þeir voru framkvæmdaaðilar. Aðgerðaáætlanir voru mikið þannig að aðrir áttu að vinna að þeim en ekki deildirnar sjálfar.
	Skólapúlsinn var tekinn í notkun og var lögð könnun fyrir úrtak nemenda (160 nem.) í lok nóvember. Alls voru 138 nemendur sem svöruðu. Niðurstöður voru ítarlegar og voru þær skoðaðar betur á næstu fundum sjálfsmatshópsins þ.e. á vorönn 2014.
V2014	Unnið með það sem kanna þurfti betur eftir útkomu úr Skólapúlsinum. Það var gert með aðferðum HGIOS (How good is our school). Fullyrðingarnar tengdust viðhorfi og hollustu gagnvart skólanum. Aðgerðir eftir þá vinnu: Sendum póst á náms- og starfsráðgjafa og Hörð Ásgeirsson kennslustjóra starfsbrautar þar sem þau voru beðin um að kynna á fundi með kennurum næsta haust, úrræði fyrir nemendur með sértæka námsörðugleika.
	Könnun var lög fyrir nemendur sem komu úr 10. bekk um áramót.
	Á áætlun var að leggja GNOK-könnunina fyrir en sökum verkfalls var því frestað.
	Ætluðum að fá Helga Hermannsson félagsfræðikennara til að aðstoða okkur við að kanna notkun á Strætó en af því varð ekki vegna verkfalls.

H2014	Mennskan var könnuð og brugðist við því sem ástæða var til að bregðast við.
	Skólapúlsinn var lagður fyrir aftur og var þátttaka nokkuð góð.
V2015	Jafningjamat fór fram.
	GNOK var lagt fyrir í öllum áföngum.
	Ytra mat var framkvæmt.
	Ákveðið var að skoða ekki starfsumhverfið þar sem breytingar eru miklar framundan vegna viðbyggingar við verknámshúsið Hamar.
H2015	Markmið skólans voru yfirfarin og endurskoðuð.
	Skólapúlsinn var lagður fyrir í þriðja sinn.
V2016	Unnið með niðurstöður Skólapúlsins og markmiðin kláruð.
	Lagðar fyrir kannanir tengdar grunnþáttunum og bóksölu.
H2016	Byrjað verður að meta nýju markmiðin og verður nám og kennsla metin með „How good is our school“ kerfinu í september.
	Skólapúlsin lagður fyrir í fjórða sinn.
V2017	Nám og kennsla (GNOK).
	Mennskan tekin fyrir.
H2017	Starfsumhverfi verður metið (H).
	Skólapúlsinn?
	Verkferlar metnir/skráðir/birtir á heimasíðu.
V2018	Taka fyrir allt sem ekki er merkt í markmiðum með (H).
	Hvernig getum við metið grunnþættina? Erum við að sinna þeim? → Setja það inn til kennara á sjálfsmatsfund.
H2018	Endurskoða markmið skólans.
V2019	Nám og kennsla metið?
	GNOK lagt fyrir aftur.
H2019	Mennska (nemendur, stjórnun og samstarf við aðra).
V2020	Starfsumhverfi (upplýsingar, rekstur, aðbúnaður o.fl.) og GNOK.

H2020	Skoða sjálfsmatskerfið með starfsfólki.
V2021	Meta markmiðin.
	GNOK endurskoðað og lagt fyrir.
H2021	GNOK lagt fyrir.
	Nám og kennsla metið.
V2022	GNOK lagt fyrir.
	Mennska (nemendur, stjórnun og samstarf við aðra).
H2022	GNOK lagt fyrir.
	Starfsumhverfi metið á sjálfsmatsfundi.
	Könnun lögð fyrir aðstandendur nemenda í Innu.
V2023	GNOK lagt fyrir.
	Könnun lögð fyrir nemendur um líðan þeirra í lok skólaársins.
	Markmið skólans rædd á skólafundi.

Áætlun fyrir komandi skólaár:

Önn	Nánar
H2023	GNOK lagt fyrir.
	Mat á markmiðum skólans (Nám og kennsla).
V2024	GNOK lagt fyrir.
	Mat á markmiðum skólans (Mennska).
	Könnun lögð fyrir aðstandendur nemenda í Innu.

Fylgiskjöl:

Leiðbeiningar vegna sjálfsmatsfundar 30. september 2022.

Könnun lögð fyrir nemendur: Könnun á bókakostnaði og vinnu með námi:

Spurningar:

1. Hvað eyðir þú miklu í bókakaup vegna skólans á önn?

2. Vinnur þú með skólanum?
3. Hvað vinnurðu marga tíma á viku að jafnaði?

Könnun lögð fyrir nemendur: Könnun um ferðamáta nemenda:

Spurning:

1. Hvernig ferðast þú yfirleitt til og frá skóla?

Könnun lögð fyrir starfsfólk: Stutt könnun í tengslum við grænfánaverkefnið:

Spurning:

1. Hvernig kemur þú til vinnu að jafnaði?

Könnun lögð fyrir aðstandendur nýnema:


Spurningar:

1. Unglingnum mínum líður vel í FSu.
2. Unglingurinn minn á vini í FSu
3. Unglingurinn minn setur sér markmið í náminu.
4. Unglingurinn minn nær markmiðum sínum í náminu.
5. Unglingurinn minn fær stuðning og hvatningu frá kennurum sínum.
6. Álagið í náminu er hæfilegt.
7. Ég veit af viðburðum á vegum Nemendafélagsins (NFSu). Til dæmis kvöldvöku nýnema, söngkeppni og nýnemaballi.
8. Ég er sátt/-ur með félagslífið í skólanum.
9. Ég er sátt/-ur með upplýsingagjöfina um skólastarfið.
10. Ég fylgist með námi, virkni og mætingu í gegnum Innu.
11. Annað sem þú vilt taka fram?

Leiðbeiningar fyrir skólafundinn 10. mars 2023:

- Við ætlum að skoða markmið skólans.
- Hvaða markmið viljum við sjá?
- Hver er tilgangurinn með markmiðunum?
- Vantar eitthvað í markmiðin?
- Þurfum við að flétta heimsmarkmið Unesco með markvissum hætti inn í markmið skólans?
- Hvaða markmið viljið þið sjá undir neðangreindum núverandi flokkum?
- Er eitthvað í skólastarfinu sem kallar á að við setjum okkur tímabundin markmið?

Markmið FSu



- Hvernig birtast markmið hjá öðrum skólum?
- Fjölbrautaskólinn í Breiðholti: www.fb.is; Smella á “Skólinn” – sjá undir Stefnuskrá
- Tækniskólinn: [Hlutverk, sérstaða og markmið | Tækniskólinn \(tskoli.is\)](http://Hlutverk_sérstaða_og_markmið_Tækniskólinn_tskoli.is)
- Borgarholtsskóli: [Stefnur og áætlanir | Borgarholtsskóli - bhs.is](http://Stefnur_og_áætlanir_Borgarholtsskóli_bhs.is)
- Verkmenntaskólinn á Akureyri: [Verkmenntaskólinn á Akureyri \(vma.is\)](http://Verkmenntaskólinn_á_Akureyri_vma.is); Smella á “Skólinn” – sjá undir Sýn, stefnur og áætlanir.
- Kvinnaskólinn: [Markmið og aðgerðir | Kvinnaskólinn í Reykjavík \(kvenno.is\)](http://Markmið_og_aðgerðir_Kvinnaskólinn_í_Reykjavík_kvenno.is)
- Fjölbrautaskóli Suðurnesja: [Hlutverk og áherslur | Fjölbrautaskóli Suðurnesja \(fss.is\)](http://Hlutverk_og_áherslur_Fjölbrautaskóli_Suðurnesja_fss.is)
- Fjölbrautaskóli Vesturlands: [Stefna FVA - Fjölbrautaskóli Vesturlands](http://Stefna_FVA_Fjölbrautaskóli_Vesturlands)

Könnun lögð fyrir starfsfólk: Stutt könnun vegna dagatals næsta skólaárs:

Hvora útfærsluna myndir þú kjósa fyrir dagatal næsta skólaárs? (Grunnskólar á Suðurlandi hafa samræmt tímasetningar fyrir haust- og vetrarfrí).

1. Tvo vetrarfrisdaga á vorönn (19. og 20. febrúar) og hefja kennslu eftir páskafrí á þriðjudegi í stað miðvikudags.
2. Einn vetrarfrisdag á vorönn (19. febrúar) og hefja kennslu eftir páskafrí á miðvikudegi.

Könnun lögð fyrir nemendur: Könnun í lok skólaárs:

Spurningar:

1. Hvernig finnst þér önnin hafa gengið?
2. Hvernig líður þér í kennslustundum í skólanum?
3. Hvað hefur helst áhrif á þína líðun í kennslustundum?
4. Hvernig líður þér í frímínútum, götum, matartíma?
5. Hvað hefur helst áhrif á þína líðan í frímínútum, götum, matartíma?
6. Verður þú vör/var við einelti í skólanum?

7. Ef þú svaraðir síðustu spurningu játandi, hvernig birtist það?

8. Hvernig gengur þér að ljúka áföngunum þínum núna í vor?

9. Hvað hefði mátt ganga betur á önninni?

Könnun lögð fyrir starfsfólk: Stokkatafla næsta skólaárs – könnun:

Hvaða útfærslu af stokkatöflu myndir þú helst kjósa fyrir næsta skólaár?

1. Sömu stokkatöflu og er núna.
2. Svipaða stokkatöflu (2 x55 mín kennslustundir) en fjölga stokkum 1+1+2 (eins og stokkur 3).
3. Breyta yfir í stakar 3x75 mín kennslustundir (miðað við 5 eininga áfanga).

Niðurstöður GNOK könnun haust 2022

	Mjög sammála	Sammála	Hlutlaus	Ósammála	Mjög ósammála	Á ekki við
1 Námsefnið í þessum áfanga er áhugavert	26%	39%	18%	11%	5%	1%
2 Kennarinn í þessum áfanga kemur vel undirbúinn í tíma	53%	38%	6%	2%	1%	1%
3 Tíminn nýtist yfirleitt vel í þessum áfanga	35%	44%	13%	5%	3%	1%
4 Kennarinn í þessum áfanga sinnir mér vel í tímum	45%	37%	11%	4%	2%	1%
5 Námsefnið í þessum áfanga er gagnlegt	29%	40%	19%	7%	5%	1%
6 Kennarinn í þessum áfanga kemur með góðar útskýringar	43%	38%	10%	5%	3%	1%
7 Kennslan í þessum áfanga er fjölbreytt	27%	41%	18%	9%	4%	1%
8 Kennarinn í þessum áfanga hvetur til umhugsunar um framvindu námsins	42%	38%	14%	3%	1%	1%
9 Námsáætlun er fylgt í þessum áfanga	33%	46%	18%	1%	1%	1%
10 Kennarinn í þessum áfanga ber virðingu fyrir nemendum	55%	32%	7%	3%	2%	1%
11 Kennarinn í þessum áfanga er stundvís	43%	43%	10%	3%	1%	1%
12 Kennarinn í þessum áfanga er hvetjandi	45%	33%	14%	4%	2%	1%
Kennari skilar niðurstöðum prófa og verkefna innan eðlilegra tímamarka eða u.þ.b. 10 daga	42%	35%	14%	4%	2%	2%
14 Samskipti mín við kennara áfangans eru góð (samtal, tölvupóstur og fleira).	45%	35%	15%	3%	2%	1%
15 Góður andi ríkir í skólastofunni	31%	40%	22%	4%	2%	1%
16 Námsmat áfangans er skýrt	31%	45%	18%	3%	2%	0%
	Of mikið	Mikið	Hæfilega mikið	Lítið	Of lítið	Á ekki við
17 Vinnuálag í þessum áfanga er	9%	24%	62%	4%	0%	1%

Niðurstöður GNOK könnun vor 2023

	Mjög sammála	Sammála	Ósammála	Mjög ósammála	
1 Námsefnið í þessum áfanga er áhugavert	31.0%	44.0%	16.0%	8.0%	
2 Kennarinn í þessum áfanga kemur vel undirbúinn í tíma	57%	38%	3%	2%	
3 Tíminn nýtist yfirleitt vel í þessum áfanga	41%	46%	9%	4%	
4 Kennarinn í þessum áfanga sinnir mér vel í tímum	51%	35%	9%	5%	
5 Námsefnið í þessum áfanga er gagnlegt	34%	48%	12%	5%	
6 Kennarinn í þessum áfanga kemur með góðar útskýringar	49%	37%	9%	5%	
7 Kennslan í þessum áfanga er fjölbreytt	35%	43%	16%	7%	
8 Kennarinn í þessum áfanga hvetur til umhugsunar um framvindu námsins	43%	45%	8%	4%	
9 Námsáætlun er fylgt í þessum áfanga	43%	52%	3%	2%	
10 Kennarinn í þessum áfanga ber virðingu fyrir nemendum	57%	32%	6%	5%	
11 Kennarinn í þessum áfanga er stundvís	49%	43%	5%	2%	
12 Kennarinn í þessum áfanga er hvetjandi	47%	39%	10%	5%	
Kennari skilar niðurstöðum prófa og verkefna innan eðlilegra tímamarka eða u.þ.b. 10 daga	38%	50%	8%	4%	
14 Samskipti mín við kennara áfangans eru góð (samtal, tölvupóstur og fleira).	48%	38%	9%	5%	
15 Góður andi ríkir í skólastofunni	40%	48%	9%	4%	
16 Námsmat áfangans er skýrt	44%	46%	7%	3%	
	Of mikið	Mikið	Hæfilega mikið	Lítið	Of lítið
17 Vinnuálag í þessum áfanga er	8%	23%	62%	6%	1

Sjúkraliðabraut

Umsjón: Íris Þórðardóttir

Kennari og áfangar	Haustönn 2022	Vorönn 2023
Íris Þórðardóttir	LÍOL2IL05	LÍOL2SS05
	HJÚK2HM05	SIÐF2SF05
	HJÚK2TV05	HJÚK3FG05
	SJÚK2GH05	LYFJ2LS05
	VINN2SL08	HJÚK3LO05
	VINN3ÖH08	VINN2SL08
	STAF3PJ27	VINN3GH08

Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu

Fór í heimsóknir með nemendum í fyrsta sinn í þrjú ár, fórum á Heilsuhælið í Hveragerði í kynningu, heimsóttum Sigríði Mundu Jónsdóttur sóknarprest Þorlákshafnarprestakalls, sem ræddi við okkur um faglega nánd í sorg og sorgarviðbrögðum

Námsmat - símat/lokapróf - mat á námsmatsaðferðum

Eitt lokapróf, einn áfangi með þrjú kaflapróf, einum lauk með ritgerð og málstofu. Tveir voru verklegir þar sem tengill á deild, ásamt kennara gáfu einkunn. Tveir voru símatsáfangar

Námskeið sem kennarar hafa sótt

Fór í kartöflugeymsluna til Agnesar og hlustaði á fróðlega fyrirlestra um breytingarskeiðið

Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu

Fékk nýja samfélagshjúkrunarbók til að kenna í HJÚK3FG05. Bókinn er eins og áður án verkefna, spurninga eða nokkru öðru kennslutengdu og er þungur texti fyrir lesblinda nemendum. Ég fór yfir glósurarnar mína og sá að ég var alveg í takti við bókina og námskrá og hélt mig því við þær áfram. Gaman að segja frá því að það er bæði að koma ný bók í sjúkdómafræði og örverufræði

Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs

Ég vona að einhver kenni fyrir mig næsta ár, þannig að ekki verði hik á starfinu, vantar svo svakalega mikið sjúkraliða í samfélagið okkar. Hef verið að sitja fundi með HSu og svo með Fjölmennt um námshæfnimat og vonandi skilar það einhverju inn til okkar

Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir

Fyrst og fremst þurfum við bæði skólayfirvöld og ég að auglýsa deildina betur

Annað

Var skólahjúkrunarfræðingur báðar annir – haustönnin var ekki marktæk þar sem ég var í veikindaleyfi. En núna á vorönn fékk ég 37 heimsóknir með fjölbreyttum verkefnum

Skólustarf í fangelsum

Kennslustjóri: Gylfi Þorkelsson

1. Inngangur:

Segja má að á nýliðnu ári hafi skólahaldið aftur verið með eðlilegum hætti eftir tvö pestarár. Fjöldi vistmanna í fangelsunum sem sýnir námi áhuga, skráir sig og/eða leita ráðgjafar er oft í kringum 70 en nemendur sem sækja skóla hverju sinni eru vel á fjórða tuginn, nálægt 30 á Litlahrauni og 10 í Sogni. Þess utan þjónustar skólinn gjarnan fáeina nemendur í öðrum stöðum, ýmist með fjarnám frá FSu eða öðrum skólum.

Skólaárið 2022-2023 var farsælt þegar á heildina er litið. Sterkur og góður kjarni nemenda myndaðist í skólanum á Litlahrauni og árangur í þeim hópi var framúrskarandi. Eins og margtíundað hefur verið í þessum skrifum undanfarin ár er allstór hópur í engum færum til að einbeita sér að námi, þrátt fyrir einlægan vilja til þess, og þeim hópi er okkur starfsfólkinu bæði ljúft og skylt að sinna og styðja af sömu heilindum og öðrum, þó væntingar um mikinn námsárangur og einingar séu óraunhæfar.

Nú eru hafnar umfangsmiklar framkvæmdir á Litlahrauni, sem munu m.a. bæta aðstöðu í skólanum verulega, og jafnframt gefa færi á því auka námsframboð og efla þjónustu við nemendur þar.

Skólustarf í fangelsum er lykill að betrun einstaklinganna sem þar dvelja, það er meðferð ekki síður en nám og um það gilda einfaldlega önnur lögmál en í almenna skólakerfinu. Auka þarf fjölbreytni í námsframboði og skólahaldið þarf að einkennast af stöðugleika, þolinmæði og nærgætni.

2. Haustönn 2022:

2.1 Starfsfólk

Eftirfarandi störfuðu við skólahaldið á önninni:

- Erla Brimdís Birgisdóttir, sálfræðikennari LH (fjarnám)
- Eyrún Björg Magnúsdóttir, félagsfræðikennari, LH og Sogni (fjarnám)
- Gylfi Þorkelsson, kennslustjóri og íslenskukennari LH og Sogni (staðnám)
- Ida Lön/Pelle Damby, dönskukennarar LH (stöðupróf)
- Ingvar Bjarnason, stærðfræði- og gr.teiknikennari Sogni (staðnám/fjarnám)
- Jón Sigursteinn Gunnarsson, tréiðnakennari LH (staðnám)
- Klara Guðbrandsdóttir, náms- og starfsráðgjafi LH, Sogni og Hólmsheiði
- Lárus Ágúst Bragason, sögukennari, Sogni (fjarnám)
- Paola Daziani, enskukennari, LH og Sogni (staðnám)
- Ragnheiður Eiríksdóttir, heimspekikennari LH (fjarnám)
- Sigríður Guðmundsdóttir, spænskukennari LH og Sogni (fjarnám)
- Stefán Birnir Sverrisson, rafiðnakennari, Sogn (fjarnám)
- Sverrir Geir Ingibjartsson, íþróttakennari, LH (staðnám)
- Þórey Hilmarsdóttir, bókhalds- og hagfræðikennari LH (fjarnám)
- Ægir Sigurðson, stærðfræðikennari, LH (staðnám)

2.2 Samantekt um skólahaldið

Alls komu 70 nemendur við sögu skólahalds FSu í fangelsunum á haustönn 2022; 56 á Litlahrauni, 14 í Sogni, auk þess sem nokkrir nemendur stunduðu fjarnám við aðra skóla, þar af 1 háskólanám.

Nokkur hópur á Hólmsheiði og Kvíabryggju naut aðstoðar námsráðgjafa og lauk nokkrum einingum. Af þessum ríflega 70 skiluðu 56 sér til námsmats, 40 á Litlahrauni, 12 í Sogni, 2 á Hólmsheiði og 2 frá Kvíabryggju.

Skólahald hófst þriðjudaginn 16. ágúst með fundum og undirbúningi og skráningu nemenda daginn eftir. Kennsla hófst fimmtudaginn 18. ágúst. Hefðbundin staðkennsla fór fram fimm daga vikunnar á Litlahrauni og þrjá daga í Sogni. Skólahald gekk almennt séð vel, fjöldi nemenda var með mesta móti og ágætur vinnuandi ríkjandi.

Alls sinntu 15 kennarar frá FSu kennslu í fangelsunum, þar af 7 staðkennslu, 4 kenndu ensku, íslensku, námstækni og stærðfræði í Sogni og 6 kenndu ensku, íslensku, íþróttir, stærðfræði, trésmíði og námstækni á Litlahrauni, en alls voru kenndir 29 mismunandi námsáfangar.

Þeir 56 nemendur sem gengust undir námsmat reyndu við 686 einingar. Þar af stóðust 389 eða 56,7% en 297 fóru í súginn eða 43,3%.

Eftir fámenni í skólanum undanfarnar annir, m.a. vegna Covidveirunnar, var aftur líflegt og stundum fullar eða þétt setnar skólastofurnar, bæði á Litlahrauni og í Sogni.

2.3 Yfirlit yfir námsárangur

Eins og fyrr segir stóðust 56,7% eininga en 43,3% töpuðust. Hafa verður í huga að hér er aðeins tekinn með í reikninginn sá hópur nemenda sem stundaði nám nógu lengi til að námsmat væri raunhæft. Að þessu sinni lauk óvenju hátt hlutfall nemenda sem skráði sig á einhverjum tímamarki í skólann námsmati, eða 70%. Fyrir vikið er hlutfall staðinna eininga ekki jafn hátt og stundum áður, þegar fleiri hverfa frá án þess að gangast undir námsmat. Eins og kunnugt er eru margvíslegar ástæður hér að baki, m.a. að nemendur eru fluttir fyrirvaralítið milli staða og þurfa af þeim sökum að hætta snemma, eða þeir hefja nám seint á önninni.

Einkunnadreifing H22

Eink.	10	9	8	7	6	5	4	3	2	1	L	F
Fjöldi	23	8	19	16	3	10	1	2	1	0	10	41
/134	17,2%	6%	14,2%	11,9%	2,2%	7,4%	0,7%	1,5%	0,7%	0%	7,4%	30,6%

ALMENNT BÓKNÁM

Danska

DANS-	Fjöldi nem.	Staðið	F	Meðaleink.	Staðnar ein. / %
2FJ05	1	1	0	10	5 / 100%
2ME05	1	1	0	10	5 / 100%

Enska

ENSK-	Fjöldi nem.	Staðið	F	Meðaleink.	Staðnar ein. / %
1HF05	24	22	2	7	110 / 92%
1HA05	17	16	1	8,3	80 / 94%
2HB05	12	8	4	9,4	40 / 67%
2HC05	8	5	3	8,6	25 / 63%
2OR05	1	1	0	10	5 / 100%
3YL05	2	0	2	0	0 / 0%

Félagsfræði

FÉLA-	Fjöldi nem.	Staðið	Fall	(Meðal)eink.	Staðnar ein. / %
2AF0505	4	4	0	7,8	20 / 100%

Færni

FÆRN-	Fjöldi nem.	Staðið	Fall	(Meðal)eink.	Staðnar ein. / %
1NS02	13	10	3	L	20 / 77%

Íslenska

ÍSLE-	Fjöldi nem.	Staðið	Fall	Meðaleink.	Staðnar ein. / %
1LR05	2	1	1	8	5 / 50%
1MR05	5	2	3	6,3	10 / 40%
2OS05	3	2	1	6	10 / 67%

Íþróttir

ÍPRÓ-	Fjöldi nem.	Staðið	Fall	(Meðal)eink.	Staðnar ein. / %
1PH03	9	3	6	7,7	9 / 33%
2PL03	1	0	1	F	0 / 0%

2AL02	3	3	0	9,7	6 / 100%
2PR02	1	1	0	8	2 / 100%

Saga

SAGA-	Fjöldi nem.	Staðið	Fall	(Meðal)eink.	Staðnar ein. / %
2SÍ05	1	0	1	F	0 / 0%

Sálfræði

SÁLF-	Fjöldi nem.	Staðið	Fall	(Meðal)eink.	Staðnar ein. / %
2IN05	1	0	1	F	0 / 0%

Spænska

SPÆN-	Fjöldi nem.	Staðið	Fall	(Meðal)eink.	Staðnar ein. / %
1AA05	3	0	3	2,7	0 / 0%

Stærðfræði

STÆR-	Fjöldi nem.	Staðið	Fall	Meðaleink.	Staðnar ein. / %
1AA05	8	2	6	6,5	10 / 25%
1AJ05	3	0	3	F	0 / 0%
2RU05	1	1	0	10	5 / 100%
2AF05	1	1	0	8	5 / 100%
2HV05	1	0	1	F	0 / 0%
3FD05	1	0	1	F	0 / 0%

GRUNNÁM BYGGINGAGREINA

Trésmíði

TRÉS-	Fjöldi nem.	Staðið	Fall	Meðaleink.	Staðnar ein. / %
1VA03	5	4	1	8,5	12 / 80%

Teikningar og verklýsingar

TEIKN-	Fjöldi nem.	Staðið	Fall	Meðaleink.	Staðnar ein. / %
3HU05	1	0	1	F	0 / 0%

GRUNNNÁM RAFIÐNA

Rafmagnsfræði

RAFM-	Fjöldi nem.	Staðið	Fall	Meðaleink.	Staðnar ein. / %
2GA05	1	1	0	9	/ 100%

3. Vorönn 2023:

3.1 Starfsfólk

Eftirfarandi störfuðu við skólahaldið á önninni:

- Borgþór Helgason, málmíðngreinakennari, Sogni (fjarnám)
- Eyrún Björg Magnúsdóttir, félagsfræðikennari, LH og Sogni (fjarnám)
- Guðbjörg Grímsdóttir, íslenskukennari, Kvíabryggju (fjarnám)
- Gylfi Þorkelsson, kennslustjóri og íslenskukennari LH og Sogni (staðnám)
- Ingunn Helgadóttir, félagsgreinakennari, Kvíabryggju (fjarnám)
- Ingvar Bjarnason, stærðfræði/grunnteikn. kennari, Sogni (staðnám)
- Jón Sigursteinn Gunnarsson, tréiðnakennari LH (staðnám)
- Klara Guðbrandsdóttir, náms- og starfsráðgjafi LH, Sogni og Hólmsheiði
- Lárus Ágúst Bragason, sögukennari, Sogni (fjarnám)
- Paola Daziani, enskukennari, LH og Sogni (staðnám)
- Sigríður Guðmundsdóttir, spænskukennari, LH (fjarnám)
- Sólveig Sigmarsdóttir, dönskukennari, LH (fjarnám)
- Sverrir Geir Ingibjartsson, íþróttakennari, LH (staðnám)
- Þórey Hilmarsdóttir, viðskiptagreinakennari, LH og Sogni (fjarnám)
- Ægir Sigurðsson, stærðfræðikennari, LH (staðnám)

3.2 Samantekt um skólahaldið

Alls voru 73 nemendur voru skráðir í 945 einingar í 34 mismunandi áföngum við FSu í fangelsunum á vorönn 2023; 63 á Litlahrauni og 10 í Sogni, allmargir stöldruðu mjög stutt við. Nokkrir nemendur í fangelsunum voru að auki skráðir í fjarnám við aðra skóla á önninni.

Skólahald hófst miðvikudaginn 4. janúar með skráningu nemenda. Kennsla hófst fimmtudaginn 5. janúar skv. stundaskrá.

Í Sogni sinntu 3 kennarar frá FSu staðbundinni kennslu í ensku, íslensku og stærðfræði einu sinni í viku. Á Litlahrauni sinntu 5 kennarar staðbundinni kennslu í ensku, íslensku, íþróttum, stærðfræði og

tréiðngreinum. Ekki var starfandi sérkennari á önninni. Kennslustjóri og náms- og starfsráðgjafi eru með fasta viðveru og starfsaðstöðu á Litlahrauni og heimsækja hin fangelsin eftir þörfum.

Skólastarf í fangelsunum gekk vel þegar á heildina er litið, sérstaklega var góður starfsandi í skólanum á Litlahrauni, en stundum hafa fleiri nemendur verið virkir í Sogni og árangur þar betri. Af 73 skráðum nemendum gengust 35 undir námsmat, eða tæp 48%.

Átta kennarar tóku að sér 16 fjarnámsnemendur í 11 mismunandi áföngum, alls 85 einingar. Töluvert brottfall varð fljótlega í fjarnáminu, m.a. vegna brottflutnings nemenda, en 10 nemendur voru virkir fram eftir önninni. Af þeim luku fimm nemendur 30 einingum, eða 55% eininganna sem komu til mats.

3.3 Yfirlit yfir námsárangur

Námsárangur var góður á önninni. Af 389 einingum sem komu til námsmats stóðust 338 eða 87% en 51 eining fór í súginn. Alls voru gefnar 86 einkunnir og stóðust 75 en 11 féllu. Nemendur koma í skólann á öllum tímum, og eru fluttir burt án fyrirvara. „Brottfall“ 38 nemenda með 556 einingar skýrist að nokkrum hluta af því en aðrar ástæður í þessum nemendahópi eru kunnar og liggur ljóst fyrir að ekki er raunhæft að allar skráningar skili sér í námsmati og einkunnum. Afkastamesti nemandinn lauk 5 áföngum og 25 einingum, þar af tveimur áföngum í krefjandi fjarnámi.

Einkunnadreifing V23

Eink.	10	9	8	7	6	5	4	3	2	1	L	F
Fjöldi	10	17	13	23	8	5	0	1	0	0	0	10
/85	11,8%	20%	15,3%	27,1%	9,4%	5,9%	0%	1,2%	0%	0%	0%	11,8%

ALMENNT BÓKNÁM

Danska

DANS-	Fjöldi nem.	Staðið	Fall	Meðaleink.	Staðnar ein. / %
2FJ05	1	1	0	7	5 / 100%

Enska

ENSK-	Fjöldi nem.	Staðið	F	Meðaleink.	Staðnar ein. / %
1HF05	11	10	1	7,8	50 / 91%
1HA05	12	8	4	8,5	40 / 67%

2HB05	5	5	0	9,4	25 / 100%
2HC05	5	5	0	8,8	25 / 100%
2OR05	5	3	2	7,0	15 / 60%

Goðafraeði

GOÐI-	Fjöldi nem.	Staðið	Fall	Meðaleink.	Staðnar ein. / %
3GG05	1	0	1	F	0 / 0%

Íslenska

ÍSLE-	Fjöldi nem.	Staðið	Fall	Meðaleink.	Staðnar ein. / %
1LR05	4	3	1	6,0	15 / 75%
1MR05	2	2	0	8,0	10 / 100%
2OS05	6	6	0	6,7	30 / 100%
2VÍ05	2	2	0	6,5	10 / 100%
3ÞJ05	3	3	0	8,0	15 / 100%

Íþróttir

ÍÞRÓ-	Fjöldi nem.	Staðið	Fall	(Meðal)eink.	Staðnar ein. / %
1ÞH03	6	4	2	7,5	12 / 67%
2ÞL03	5	5	0	7,6	15 / 100%
2AL02	3	3	0	7,3	6 / 100%

Lögfræði

LÖGF-	Fjöldi nem.	Staðið	Fall	Meðaleink.	Staðnar ein. / %
1LÖ05	1	1	0	7,0	5 / 100%

Saga

SAGA-	Fjöldi nem.	Staðið	Fall	Meðaleink.	Staðnar ein. / %
2SÍ05	1	1	0	7,0	5 / 1000%

Spænska

SPÆN-	Fjöldi nem.	Staðið	Fall	Meðaleink.	Staðnar ein. / %
1AA05	1	1	0	7	5 / 100%
1BB05	1	1	0	7	5 / 100%

Stærðfræði

STÆR-	Fjöldi nem.	Staðið	Fall	Meðaleink.	Staðnar ein. / %
1AJ05	1	1	0	10	5 / 100%
2RU05	2	2	0	8	10 / 100%
2HV05	1	1	0	8	5 / 100%

GRUNNNÁM BYGGINGAGREINA

Efnisfræði málmiðngreina

EFRÆ-	Fjöldi nem.	Staðið	Fall	Meðaleink.	Staðnar ein. / %
1MI05	1	1	0	10	5 / 100%

Húsasmíði

TRÉS-	Fjöldi nem.	Staðið	Fall	Meðaleink.	Staðnar ein. / %
1VA03	5	5	0	7	15/ 100%

Teikning

GRTE-	Fjöldi nem.	Staðið	Fall	Meðaleink.	Staðnar ein. / %
1FA05	1	1	0	6	/ 100%

4. Almennt um nám og kennslu á skólaárinu:

4.1 Danska

Á haustönn tók einn nemandi stöðupróf í dönsku og fékk metnar 10 einingar með fullu húsi. Á vorönn lauk nemandi framhaldsáfangi í fjarnámi og stóð sig vel.

4.2 Efnisfræði málmiðna

Einn nemandi tók EFRÆ1MI05 í fjarnámi frá Sogni og gerði vel, lauk áfanganum með hreina tíu!

4.3 Enska

Nemendur skráðir í enskunám á haustönn 2022 voru margir og þeim raðað í sjö mismunandi áfanga, ENSK1HF, ENSK1HA, ENSK2HB, ENSK2HC, ENSK2OR, ENSK3FO, ENSK3YL. Alls 27 nemendur tóku stöðuprófið. Það var met mæting á Sogni þar sem 11 nemendur voru skráðir í byrjun annar.

Nemendahópur var fjölbreyttur en langflestir mættu reglulega og stunduðu námið af samviskusemi. Vinnuandi var alltaf mjög góður og flestir sýndu mikinn vilja til að læra og ná árangri. Það var mjög krefjandi að sinna svona stórum hópi, sérstaklega í Sogni þar sem mæting er bara einu sinni í viku í rétt rúmlega klukkutíma. Af sjálfsögðu hefði þurft að tvöfalda tímann.

Sex enskuáfangar voru kenndir á vorönn 2023: ENSK1HF, ENS1HA, ENSK2HB, ENSK2HC, ENSK2OR, ENSK3FO. Alls 10 nemendur tóku stöðuprófið. Fjórir nemendur kláruðu áfanga á miðri önn og byrjuðu í næsta í kjölfarið.

Það voru fleiri nemendur í áfanga fyrir lengra komna en oft áður. Áberandi sterkur nemendahópur vann í síðasta áfanga á öðru þrepi. Sumir þeirra kláruðu hann og héldu áfram í áfanga á þriðja þrepi. Vinnuandi var alltaf mjög góður.

4.4 Félagsfræði

Fjórir völdu félagsfræði í fjarnámi á haustönn og luku allir skyldum sínum með fullnægjandi hætti. Einn nemandi var skráður á vorönn en um miðja önn var viðkomandi fluttur í annað úrræði og flosnaði við það úr námi.

4.5 Færni – Náms- og starfsfræðsla

Náms- og starfsráðgjafi bauð upp á áfangann Færni á þremur starfsstöðvum á haustönninni, á Litlahrauni, Kvíabryggju og í Sogni, og luku 10 nemendur áfanganum, í fjarnámi frá Kvíabryggju. Áfanginn var ekki í boði á vorönn og verður framvegis í boði aðra hverja önn að jafnaði.

4.6 Íslenska

Einir 27 nemendur voru metnir til einkunna í íslensku á skólaárinu, sem er í meira lagi. Skemmtilegt var líka að helmingurinn, 14 nemendur, voru í 2. og 3. þreps áföngum og fyrir vikið nokkuð betur staddir, einbeittari að námi og með skýrari sýn á stefnuna. Stærri hluti þeirra sem eru á byrjunarreit heltist úr lestinni, sumir af gömlum vana, og fæstir nemenda með annað móðurmál en íslensku, sem er allstór hópur, stefna á próf og gráður þó margir þeirra stundi námið af kappi.

4.7 Íþróttir

Á haustönn var óvenju mikill stöðugleiki í mætingu nemenda í tíma. Jöfn og stöðug mæting alla önnina þar sem 8-10 nemendur voru að jafnaði í tímunum og hélst þessi stöðugleiki alla önnina sem hefur ekki alltaf verið raunin.

Kennari fékk hjálp við að þýða nokkur verkefni yfir á pólsku og ensku sem auðveldar erlendum nemendum með bóklega námið. Það leysir þó ekki allan vandann þar sem kennslubókin er á íslensku. Oft eru erlendu nemarnir þó ekki að stefna á að klára einingar, heldur frekar að finna sér eitthvað að gera og jafnvel vinna sér inn pening.

Á haustönn var líka ákveðið að nemendur með litla eða enga íslenskukunnáttu hafi möguleika á að klára einingar fyrir verklegar íþróttir án þess að vera búnir með undanfarann sem er bæði bóklegur og verklegur. Þetta er gert eins í dagskólanum á Selfossi en aukinn fjöldi nemenda með enga íslenskukunnáttu hefur ýtt á þessa lausn, að bíða með bóklega íþróttanámið en byrja frekar í tveggja eininga verklegum íþróttááfangum. Þannig kláruðu þrír nemendur ÍPRÓ2AL02 án þess að vera búnir með undanfarann.

Á vorönn hélst stöðugleikinn áfram þó aðeins hafi fækkað í hópnum. 5-6 nemendur mættu nánast alltaf og nú gerðist það sem ekki gerist oft að nemendur báðu um að fá verkefni með heim og ekki bara það, verkefni skiluðu sér fullkláruð viku seinna. Einnig var góður vinnufriður og kraftur í nemendum í kennslustofunni. Þetta varð til þess að einn nemandi kláraði þrjá áfanga og tveir kláruðu tvo áfanga.

4.8 Saga

Námið í sögu gekk vel á haustönn. Nemendur unnu vel þau verkefni sem lögð voru fyrir. Skipulag námsins var með sama hætti og undanfarin ár, kennslustjóri lagði fyrir verkefni og próf frá kennara og skilaði úrlausnum til baka, en nemendur unnu sjálfstætt. Á vorönn voru þrír nemendur skráðir en einn af þeim lauk einingum.

4.9 Spænska

Mikill áhugi var á spænsku, eins og undanfarin ár, 11 nemendur skráðu sig til náms á vorönn og fleiri voru á biðlista. Það hefur verið ljóst um hríð að eftirspurnin er meira en næg til að bjóða upp á staðnám í spænsku. Það er sjálfgefið að það er ekki hlaupið að því að læra nýtt og framandi tungumál í fjarnámi með þeim takmörkunum á aðstoð sem því fylgja. Það fór enda svo að þrír nemendur héldu út til loka haustannar og tveir á vorönn, og stóðust þeir síðarnefndu námsmat og luku einingum, hvor í sínum áfanganum. Það hjálpar ekki tölfræðinni um námsárangur að um þriðjungur skráðra nemenda losnaði eða var fluttur í annað úrræði áður en til úrslita dró.

4.10 Stærðfræði / Grunnteikning / Fagteikning

Stærðfræðikennsla veturinn 22-23 á Litla Hrauni gekk vel. Góður vinnuandi var meðal nemenda og náðu nokkrir nemendur góðum árangri.

Nemendur voru 8 framan af haustönn í Sogni, en nokkrir losnuðu frá Sogni í lok annarinnar svo að fjöldinn var kominn niður í 3 í lokin. Áfangarnir sem þeir stunduðu nám í voru STÆR1AA05, STÆR2RU05, STÆR2HV05 og TEIK3HU05. Mætingin hjá þeim í tímuna var mjög góð alla önnina og virkni í þeim einnig. Einn nemandi (í STÆR1AA05) náði að klára sinn áfanga rétt áður en hann losnaði frá Sogni. Aðrir náðu ekki að klára á önninni.

Skráðir nemendur í Sogni voru 4 yfir vorönninna, í STÆR2HV05, STÆR2AF05, STÆR2RU05 og í grunnteikningu (GRTE1FA05). Mætingin var góð hjá flestum og þeir unnu alltaf vel í tímum en afköstin hefðu mátt vera betri. Einn nemandi náði að klára sinn áfanga (GRTE1FA05) en hann var

duglegur í verkefnavinnu áfangans á milli kennslutímanna. Fleiri nemendur þyrftu einnig að vinna betur utan kennslutímanna, því þeir eru bara einu sinni í viku sem dagar ekki til að nemendur komist yfir allt efni áfanganna án heimavinnu.

4.11 Trésmíði

Það var eins og áður töluverð hreyfing á nemendafjölda á skólaárinu. Ástundun og mæting var með ágætum, en færni misjöfn eins og gengur. Fimm nemendur voru metnir á haustönn og stóðust fjórir af þeim. Á vorönn voru átta nemendur á skrá, þrír af þeim fengu á önninni ýmist lausn eða voru fluttir í önnur úrræði. Einn nemenda sem var á biðlista kom inn fyrir brottfluttan á miðri önn. Fimm nemendur voru metnir í lok vorannar og stóðust allir.

Vegna takmarkaðs framboðs á kennslustundum (1x í viku) hefur verið skilgreindur 3 eininga áfangi í stað 5 eininga í dagskóla fyrir fangelsið á Litlahrauni. Einhverjir hnökra virðast á að þetta þriggja eininga nám sé metið sem hluti af Húsasmíðabraut, sem er bagalegt fyrir nemendur og vonandi finnst viðunandi lausn á því.

4.12 Annað nám

Auk þessa sem þegar er talið var orðið við óskum um fjarnám í tveimur námsgreinum, viðskiptafræði og hagfræði. Þeir tveir nemendur sem um ræddi voru fljótlega fluttir burt og annar þeirra komst því aldrei á sporið en hinn dagaði uppi þegar líða fór á önnina.

Náms- og starfsráðgjöf

Náms- og starfsráðgjafi (NSR) frá FSu starfar í 100% starfshlutfalli í fangelsunum. Í fangelsunum á Litlahrauni og í Sogni er rekinn skóli en í fangelsunum á Hólmsheiði og á Kvíabryggju er fjarnám.

Verkefni NSR eru fjölbreytt og mismunandi eftir fangelsum. Helstu verkefni eru viðtöl við nemendur, skráning í nám innan og utan fangelsis, stuðningur í námi, prófyfirseta og eftirfylgni. Einnig fræðsla um náms og starfsval, ráðgjöf um vinnubrögð í námi og skipulag náms ásamt námstækni.

Námsráðgjafi aðstoðar við gerð námsferilsáætlana, raunfærniat, leggur fyrir áhugasviðsgreiningar o.fl. Hann er tengiliður við stofnanir og alla skóla sem nemendur í fangelsunum eru skráðir í. Mikið og gott samstarf er við kennsluráðgjafa, kennara, móttökuskóla, starfsfólk í fangelsunum o.fl.

Tveir nemendur luku raunfærniat. Annar fékk metnar 160 einingar og hinn 30.

Skráningar í fjarnám fyrir utan nám frá FSu:	Fangelsið Hólmsheiði	Fangelsið Litlahrauni	Fangelsið Sogni	Fangelsið Kvíabryggju
Nám frá FÁ	8			8

Sem fyrr fengu þeir nemendur sem þess þyrftu hljóðbækur frá Hljóðbókasafni Íslands en bókasafnið krefst ekki greininga fyrir nemendur í fangelsunum eins og almennt þarf.

Lokaorð:

Eftir tvö nokkuð erfið ár er skólahaldið í fangelsunum aftur komið á sporið. Nemendafjöldi er í skorðum, námsárangur með ágætum og margar ánægjulegar stundir. Það vekur góðar vonir að framkvæmdir skuli hafnar á Litlahrauni, enda skapa þær tækifæri til að efla skólahaldið á allan hátt

með stórbættri aðstöðu, bæði fyrir nemendur og starfsfólk. Jafnframt er rétt að minna á það að nýjar byggingar og bætt ytri aðstaða er engin trygging fyrir góðum skóla. Skóli er ekki hús, heldur innra starf, frjótt samstarf kennara og nemenda. Til að bæta skólann þarf því, jafnframt dýrum byggingaframkvæmdum, að auka námsframboð og fjölbreytni, sem vegur þyngra og ætti í raun réttari að vera frammar í forgangsröð en steinsteypa.

Annað sem þarf að hafa í huga er vaxandi aðstöðumunur nemenda til náms í fangelsunum og mikilvægt að móta stefnu til framtíðar um uppbyggingu í hinum fangelsunum þegar framkvæmdum lýkur á Litlahrauni.

Við lok skólaárs þakkar undirritaður öllum viðkomandi kærlega fyrir afar gott og ánægjulegt samstarf. Við blasa góð færi á að bæta og efla skólalald í íslenskum fangelsum. Til staðar er mannauðurinn, fólk með langa reynslu og einlægán vilja til að þróa skólastarfið, til farsældar fyrir þá einstaklinga sem um ræðir og ekki hafa frjálstan aðgang að almenna skólakerfinu. Og sömuleiðis til farsældar fyrir samfélagið allt.

Nýtum þau færi.

Skýrsla jafnréttisfulltrúa

Jafnréttisfulltrúi: Borgþór Helgason

Á skólaárinu var skipað í jafnréttisnefnd og það voru þau Borgþór Helgason, Karl Ágúst Hoffritz og Ragnheiður Eiríksdóttir. Fundað var einu sinni yfir árið og aðal verkefnið var að yfirfara jafnréttisáætlunina. Borgþór sat í skólaráði og hafði þannig tenginu við nemendaráð eins og var hér áður fyrir við skólann.

Jafnréttisáætlun

Jafnréttisáætlunin skal næst vera yfirfarin og uppfærð í samræmi við jafnréttislög nr. 10 frá 2008, vorið 2024. Það er einnig hlutverk jafnréttisfulltrúa að taka saman jafnréttisvísa til að hafa samanburð á stöðu kynjanna í nefndum, ráðum og stjórnunarstöðum. Skv. 15. gr. laga nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan fólks sem segir að hlutfall kynjanna skuli vera jafnt og ekki minna en 40% þegar um fleiri en þrjá fulltrúa er að ræða. Meðfylgjandi er samanburður frá því í janúar 2022 og janúar 2023.

Jafnréttisvísar skulu vera unnir í lok hvers skólaárs áfram. Mælt er með því að jafnréttisfulltrúi haldi sig við að bera saman tölur miðað við lok janúar ár hvert til að samanburðurinn verði sem marktækastur.

Skýrsla félagslífs- og forvarnarfulltrúa

Félagslífs- og forvarnarfulltrúar á vorönn: Tómas Davíð Ibsen og Ingunn Helgadóttir

Á vorönn 2023 tóku Tómas Davíð Ibsen og Ingunn Helgadóttir við Félagslífs- og forvarnarfulltrúa starfinu. Þau voru því aðeins starfandi með nemendafélaginu í eina önn.

Stjórn NFSu 2022 – 2023 var skipuð:

Miðstjórn

- Markaðs- og kynningarfulltrúi: Karen Birta Jónsdóttir
- Formaður rit- og málfundafélags: Elín Karlsdóttir
- Formaður skemmtinefndar: Elín Þórdís Pálsdóttir
- Formaður íþróttaráðs: Haukur Davíðsson
- Formaður nýnema: Dýrleif Nanna Guðmundsdóttir
- Samskiptafulltrúi: Guðrún Lilja Árnadóttir

Aðalstjórn

- Formaður: Ásrún Aldís Hreinsdóttir
- Varaformaður: Sigríður Fjóra Þórarinsdóttir
- Gjaldkeri: Lena Ósk Jónsdóttir

Viðburðir á vorönn:

Árshátíð/böll

Árshátíð nemenda var haldin í Hvíta húsinu á Selfossi þann 16. febrúar og ball var haldið í framhaldi af borðhaldinu. Þátttaka var mjög góð bæði á ball og í borðhaldi. Við skipulagningu og miðasölu skapaðist smá bras vegna þess í hversu miklum flýti viðburðurinn var skipulagður. Miðarnir á mat og ball voru eins merktir og miðarnir bara á ballið varð vesen þar sem fleiri komu í matinn en borguðu fyrir. Næst þarf að hafa tvenns konar miða og undirbúningur að hefjast fyrr. Samræma þarf áherslur varðandi gæslumál með aðkeyptri gæslu og mikilvægt að halda fund með þeim sem koma að gæslu dagana fyrir.

Ætlunin var að halda lokaball þann 27. apríl en hverfa þurfti frá því vegna dræmrar miðasölu. Nokkrir hlutir gætu hafa spilað inn í t.d. stutt í mánaðarmót og fleiri viðburðir voru á svæðinu á svipuðum tíma. Gott væri að miðasölu lyki degi fyrir viðburð þannig að hægt væri að bregðast við ef miðasala væri dræm. Einnig gæti verið sniðugt að bjóða upp á forsölu tilboð til að fá sem flesta til að kaupa miða snemma en einnig mikilvægt að þeir nemendur sem greiða í nemendafélagið fá miða niðurgreidda.

Kvöldvökur

Tvær kvöldvökur voru haldnar á vorönninni og var sú fyrsta haldin snemma í janúar í tilefni af heimsmeistarmóti í handbolta. Mæting var heldur lítil en mjög góð stemning í hópnum. Seinni kvöldvakan var haldin síðasta fimmtudaginn í mars og var mjög vel mætt á hana. Þar var farið í leiki og ýmis konar keppni. Planið var að fá aðkeypt skemmtiatriði en vegna mistaka í bókunarkerfi klikkaði það. Það kvöld voru niðurstöður kosninga til nýs nemendafélags kynntar. Mikil stemning var og má með sanni segja að kvöldvökur lifi enn góðu lífi og er greinilegt að þær höfði til fjölbreytts hóps nemenda.

Miðvikudagsgöt

Miðvikudagsgötin voru í höndum formanns íþróttaráðs, Hauks Davíðssonar. Hann skipulagði fjölbreytta viðburði sem voru ekki kostnaðarsamir. Félagslífs- og forvarnarfulltrúar telja hægt sé að setja meiri kraft í miðvikudagsgötin ef fjármagn nemendaráðsins dreifist á fleiri viðburði en Söngkeppnina og böll. Þannig væri hægt að ná til víðari nemendahóps.

Gettu betur

Gettu betur lið FSu starfaði undir leiðsögn Stefáns Hannessonar líkt og síðastliðin skólaár. Stefán hafði sér til halds og trausts gamalreyndan þjálfara Hannes Stefánsson sem gegndi hlutverki Stefáns í fjöldamörg ár. Gettu betur lið skólans var skipað Elínu Karlsdóttur, Heimi Árna Erlendssyni og Ásrúnu Hreinsdóttur. Liðið stóð sig stórkostlega og lenti í öðru sæti í keppninni eftir drenglega baráttu við lið Menntaskólans í Reykjavík.

Flóafár

Flóafár var með sama sniði og áður og í ár voru fimm lið sem tóku þátt. Í Flóafársnefnd voru kennararnir, Eva Dögg Jafetsdóttir, Óskar Guðbjörn Jónsson og Tómas Davíð Ibsen Tómasson og með þeim var íþróttaráð NFSu. Íþróttaráð byrjaði undirbúning fyrir en áður sem reyndist mjög vel enda var þátttakan mun betri í ár en árið áður. Sjá skýrslu frá Flóafársnefnd

Kátir dagar

Í Kátudaganefnd voru Eyrún Björg Magnúsdóttir, Bjarney Sif Ægisdóttir og Ásdís Björg Ingvarsdóttir ásamt skemmtinefnd NFSu. Kátudagarnir voru með sama sniði og síðastliðin ár. Dagskráin var fjölbreytt og metnaðarfull. Sjá skýrslu Kátudaganefndar.

Forvarnir

Forvarnarhópur starfaði innan skólans á þessu skólaári og skipulagði ýmis konar fræðslu á báðum önnum. Forvarnarfulltrúar sóttu einstaka fundi með forvarnarteymi Árborgar í Tíbrá en á þá mættu helstu aðilar sem koma að velferð barna og unglunga í sveitarfélaginu.

Lokaorð

Við komum aftur til starfa eftir áramót og hefur verið mjög gaman að vinna með nemendaráðinu aftur. Starfið er fjölbreytt og krefjandi og er það mjög gefandi að fá að starfa með nemendum utan kennslu. Okkar markmið með þessu starfi var að vera til staðar, styðja við bakið á þeim án þess þó að skipta okkur of mikið af þeirra ákvörðunum og gjörningum. Samstarfið við nemendafélagið gekk að mestu leiti vel.

Við teljum að mikilvægt er fyrir nemendafélagið að reyna að höfða til sem flestra nemenda með starfsemi sinni. Að okkar mati er mikilvægt að nemendafélagið virkji fleiri nemendur utan nemendafélagsins í hin ýmsu störf sem falla til í starfinu því oft vill verða of mikið álag á sama fólkinu sem getur bitnað á námi þeirra.

Tölvuþjónusta

Aðstoðarkerfisstjóra: Helgi Hermannsson

Tölvuþjónusta:

Viðtalstímar tölvuþjónustu hafa verið 7-8 sinnum í viku, 55 mínútur hver tími, í stofu 306B. Þessir tímar eru aðallega hugsaðir fyrir nemendur og kennara. Kennarar koma einnig í þessa viðtalstíma en þeir geta leitað til tölvuþjónustunnar þegar þeir þurfa á því að halda eða eftir samkomulagi. Reynt er að hafa einn þjónustutíma í hverjum stökk þannig að allir nemendur ættu að hafa lausan tíma en stundum rekst það á við kennslu aðstoðarkerfisstjóra.

Nemendur leita til tölvuþjónustu til að fá úrlausn á vandamálum tengdum netsambandi og vírusvörn. Einnig eftir ráðgjöf og aðstoð með bilaðar tölvur og lykilorð í Innu og Office 365.

Helstu vandamál sem hafa komið upp þetta starfsár eru nemendur sem missa aðgang sinn að Menntaskýinu, oft án sérstakrar ástæðu, sérstaklega Mack notendur.

Aðstaða tölvuþjónustu:

Tölvuþjónustan hefur undanfarin ár verið með aðstöðu í stofu 306B, þar sem er vinnuaðstaða fyrir aðstoðarkerfisstjóra. Vinna aðstoðarkerfisstjóra við uppsetningar og viðgerðir á borðtölvum og prenturum fara að mestu fram á þeim stað.

Stofa 306 hefur verið tekin í þau verkefni eftir að kennslu lýkur.

Í stofunni er prentari fyrir hæðina og þar eru geymdir tveir fartölvuvagnar sem kennarar nýta í tímum.

Heimasíða FSu:

Tæknileg umsýsla heimasíðu FSu er í höndum Helga Hermannssonar en fréttaritstjóri er Jón Özur Snorrason. Vefsíðan er hýst hjá Stefnu og er notað Moya vefsíðukerfi. FSu er einnig með Facebook síðu og Youtube síðu sem hægt er að nálgast af heimasíðu FSu. Vorið 2023 var formi síðunnar breytt, nýtt sniðmát tekið í notkun sem er léttara í útliti og þysjar betur inn að efni í snjallsímum.

Fartölvur og vagnar:

10 tölvur staðsettar á bókasafni og hafa nemendur aðgang að þeim í verkefnavinnu og í kennslustundum. Í Hamri er vagn með ASUS PRO fartölvum sem keyptar voru haustið 2016.

Starfsbraut er með fartölvuvagn fyrir sína deild með 6 Dell 5470 fartölvum sem keyptar voru haustið 2017.

Viðhald fartölva:

Lítið viðhald hefur verið á fartölvum FSu þetta skólaár vegna nýlegra tölva en þó hefur borðið á því að DELL 5470 tölvurnar eru með lélegan kassa og vilja brotna við lamir og skjá. Alls voru 6 fartölvur teknar úr notkun á árinu vegna alvarlegra bilana og notaðar í varahluti.

Fartölvukaup á skólaárinu:

- 3. st. HP Elitebook 630,
- st. HP EliteBook x360,
- st. HP ProBook 450 með stærri skjá fyrir verknámskennara.

Borðtölvur:

Um áramót tók aðstoðarkerfisstjóri við umsjón með fartölvum FSu. Engar nýjar tölvur voru keyptar á skólaárinu en harði diskurinn í öllum tölvum í stofu 303 var stækkaður í 500GB vegna rafíþróttu.

Varabirgðir:

3 borðtölvur sem keyptar voru á árinu 2021 bíða þess að verða teknar í notkun og skráðar og 2 vélar eru lausar í 306b. Einnig 2 þráðlausir sendar, 9 símtæki og 11 tölvuskjái. Tveir af svissunum sem taldir eru upp í töflunum eru varasvissar og tveir upptaldir þráðlausir sendar eru varasendar. Einnig

tvær fartölvur sem eru til staðar í st. 306b og einn skjávarpi. Þessi varabúnaður er tiltækur til að tryggja samfelldan rekstur.

Skjávarpar og önnur tæki:

Enginn skjávarpi var keyptur á árinu en aftur á móti voru keyptir tæplega 30 Microsoft Wireless Display Adapters 4K til að tengjast við skjávarpana þráðlaust og sú aðferð var að virka vel, þetta var uppfærsla frá fyrri þráðlausum búnaði sem var ekki alltaf að virka.

Endurmenntun, ráðstefnur Fór á Bett í Londin og námskeið í þrautalausnarnámi á Spáni. Einnig nokkur námskeið í UNITY leikjagerðarforritinu og Python forritun.

Námskeið og kynningar:

Eins og undanfarin ár skipulagði tölvuþjónustan námskeið fyrir nýnema á Nýnemadegi í byrjun haustannar.

Fylgiskjal 1: Yfirlit yfir fartölvur í FSu:

Fartölvur í notkun – maí 2023

4 st. HP ELITE BOOK (6 ára gamlar). 1 hjá kennara og 3 á skrifstofugangi.

7 st. HP ELitebook 830 G7 hjá kennurum

6 HP Elitebook x360 G7 hjá kennurum.

4 st. Lenovo Thinkpad L13 Yoga. Ein til á lager.

12 st. Dell Latitude 3420

5 st. HP ProBook 440 G8.

3 st. HP ProBook 450.

3 st, HP EliteBook 630. Ein til á lager.

4 st. 6 ára gamlar ThinkPad Yoga. 3 í tölvuþjónustu.

13 st. ASUS PRO fartölvur á vagni út í Hamri. 9 í fartölvuvagni og 4 hjá kennurum í Hamri. (Tölva nr. 12 er ónýtt og er hjá tölvuþjónustu)

18 Dell Latitude 5470. 6 hjá kennurum, 6 á starfsbraut og 6 í tölvuþjónustu / bilaðar

17 Dell Latitude 7270-80. 6 á bókasafni. 12 hjá kennurum.

6 Dell Latitude 7470. 5 hjá kennurum og ein í tölvuþjónust.

8 Dell Latitude 7480/7490 . 7 hjá kennurum og tvær á bókasafni.

18 Dell Latitude 5480. Hjá kennurum

15 Dell Latitude 5490. Hjá kennurum.

1 Dell Latitude 5289 hjá skólameistara.

Fartölvuvagnar:

Fartölvuvagn 8 Hamar – 9 stk. ASUS PRO. Keyptar fyrir 2016.

Fartölvuvagn 9 (starfsbraut) – 6 stk. Dell Latitude 5470

Spjaldtölvukassi á starfsbraut. 8 st. Ipad.

Fylgiskjal 2: Yfirlit yfir borðtölvur í Fsu:

303	24
Hamar 3	20
306	15
Bókasafn nemendavélar	8
Skrifstofa	5
Bókasafn + kjallari	3
306b	2
307	1
Húsverðir	4
Myndlist (Mack)	2
Varavélar í geymslu	5

89

Kaupár	Fjöldi
2011	3
2012	1
2014	1
2015	4
2016	22
2017	26
2019	10
2020	4
2021	15
2022	3 -
Samtals	89 -